# FRÉTTABLAÐIÐ

282. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 2. DESEMBER 2015




Þegar starfsmenn borgarinnar hafa ekki undan að ryðja gangstíga og aðgengi að þeim, er ekki auðvelt fyrir þá sem ýta á undan sér barnavögnum að komast leiðar sinnar. Litla farþeganum í þessum vagni við Fellaskóla í Breiðholtinu hefur vonandi ekki orðið meint af veltingnum. Móðirin með vagninn sagði þetta erfitt en að hún yrði að sækja barnið sitt í skólann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Frestun í Straumsvík líkleg

**Reyna átti til þrautar hjá ríkissáttasemjara í gærkvöldi að fá fram frestun verkfalls og afstýra því að í dag yrði byrjað að slökkva á álveri Rio Tinto Alcan í Straumsvík. Kröfur Alcan eru réttmætar, segja fulltrúar félagsins.**

**STÓRIÐJA** „Það er ekki búið að klára neitt en það eru líkur á því að við getum afstýrt verkfalli en ekkert er í hendi akkúrat núna,“ sagði Gylfi Ingvarsson, talsmaður starfsmanna Rio Tinto Alcan í Straumsvík, rétt áður en Fréttablaðið fór í prentun á ellefta tímanum í gærkvöldi.

Ef af boðuðu verkfalli starfsmanna Alcan myndi verða á miðnætti í gærkvöld færu þeir í dag að vinna að lokun álbræðslunnar og myndu starfa að því næstu tvær vikur. Óvíst er hvort bræðslan yrði þá endurræst.

Gera átti lokatilraun til að ná samningum í kjaradeilunni í gærkvöldi á fundi hjá ríkissáttasemjara. Mættu þar samninganefndir starfsmanna álversins og Alcan og leituðust við að afstýra verkfalli og þar með lokun.

Ólafur Teitur Guðnason, upplýsingafulltrúi Alcan, sagði ekki koma til greina að hvika frá þeirri „sanngjörnu og réttlátu“ kröfu fyrirtækisins að geta ráðið aukna verktöku inn á svæðið.

> **Við erum ennþá að vinna í málinu.**
>
> Gylfi Ingvarsson, talsmaður starfsmanna Alcan

„Það eru öll fyrirtæki á landinu svo gott sem með þessi skilyrði sem við erum að óska eftir að nálgast. Við erum að vinna í því að komast þangað,“ sagði Rannveig Rist við fréttastofu Stöðvar 2, fyrir fundinn. Eins og upplýsingafulltrúi Alcan sagði forstjórinn kröfur fyrirtækisins vera sanngjarnar.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, vildi ekki veita viðtal vegna málsins þegar eftir því var leitað. – sa / þþ

## Píratar fá ekki bankareikning

**STJÓRNMÁL** Ágúst S. Beaumont, varaformaður Pírata í Borgarbyggð, segir Arion banka neita félaginu um stofnun bankareiknings á grundvelli búsetu hans. Hann verði að víkja ef félagið eigi að fá reikning.

Aðstæðna sinna vegna kveðst Ágúst vera skráður „utan húsnæðis“.

„Og þetta er skerðing á borgararéttindum og hugsanlega brot á stjórnarskránni því að allir þegnar eiga rétt á að fá að taka þátt í stjórnmálastarfsemi.“



Samkvæmt upplýsingum frá Arion banka er þung krafa á fjármálafyrirtækjum að hafa tiltækar upplýsingar um sína viðskiptavini. Þó megi í sumum tilfellum gera undantekningar.

– srs / sjá síðu 4

## Kári eltir ekki skeggtískuna

**LÍFIÐ** Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, segist ekki elta tískustrauma þegar kemur að skeggi.

„Ég er ekki í þessum hópi, hópi þessara tískustráka. Þegar maður býr á Íslandi lætur maður sér vaxa skegg ef Guð leyfir,“ segir hann Kári sem fræðir lesendur um ástæðuna fyrir því að sumir dökkhærðir menn fái rautt skegg.

Kári segir jafnframt að skeggtíska nútímans sé afturhvarf.

„Það voru allir með skegg hér þegar land byggðist og þeir sem voru ekki með skegg voru hæddir fyrir það.“



– kak / sjá síðu 30

## Fréttablaðið í dag


**MARKAÐURINN** Líta má á tónlistarmenn sem sprotafyrirtæki, segir Sigtryggur Baldursson.

**SKOÐUN** Dominique Plédel Jónsson vill ekki skert útvarpsgjald. 14-15

**SPORT** Tvær hliðar Gylfa. 16

**MENNING** Gott grín um tjáningarfrelsið hjá spaugurum. 22

**LÍFIÐ** Einfalt að gera heimagert jóladagatal með skemmtilegri afþreyingu fyrir fjölskylduna. 34

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015





BÖKUM OG BYGGJUM

Taktu þátt í PIPAR • KÖKU • HÚSA • LEIK

Glæsilegir vinningar

Skiladagur er 3. des. á milli kl. 17.00 og 20.00 í Smáralind.
Allt um piparkökuleikinn á katla.is

66° NORÐUR · HAGKAUP · Líf & List SMÁRALIND · DEBENHAMS SMÁRALIND



## Veður




Suðvestanátt og víða él í dag, en vestanhvassviðri eða -stormur og snjókoma norðaustanlands fram eftir degi. Frost víða 1 til 6 stig. SJÁ SÍÐU 20



Zúistar eru meira en 3.000 talsins. NORDICPHOTOS/AFP

# Zúistar orðnir álíka margir og ásatrúarmenn

**TRÚMÁL** Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá eru meðlimir Trúfélags zúista orðnir fleiri en þrjú þúsund. Þeim fjölgaði í gær þrátt fyrir fréttaflutning RÚV um að meintir fjárglæframenn hafi komið að rekstrarfélagi zúista. Um 120 skráningar höfðu borist Þjóðskrá frá hádegi og þar til Þjóðskrá var lokað klukkan þrjú.

Stjórn Zúism sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem fram kemur að meintir fjárglæframenn hafi staðið að baki gamla rekstrarfélagi zúista en unnið er að því að stofna nýtt félag og koma mennirnir ekkert að stjórn eða starfsemi félagsins í dag.

Að sögn Ingveldar Hafdísar Karlsdóttur, deildarstjóra almannaskráninga hjá Þjóðskrá, miðast skráningar til að trúfélög eigi rétt á sóknargjöldum við lögheimili einstaklinga þann fyrsta desember.

Zúism er því með stærstu trúfélögum landsins, fjölmennara en Siðmennt og Hvítasunnusöfnuðurinn og svipað að stærð og Ásatrúarfélagið og Óháði söfnuðurinn. – srs

## Árekstur á hafinu



Togarinn Stefnir ÍS sigldi á ísjaka við togveiðar út af Dýrafirði í fyrrakvöld og laskaðist stefnið talsvert við áreksturinn eins og sést á þessari mynd sem tekin var þar sem skipið lá við bryggju í gær. Pétur Birgisson skipstjóri segir engan hafa sakað við óhappið. Myrkur og öskubylur hafi verið á svæðinu og hann hafi vanmetið aðstæður. MYND/HAFÞÓR GUNNARSSON

# Tilnefningar til bókaverðlauna kunngjörðar

**BÓKMENNTIR** Bækur fjögurra karlmanna og einnar konu bítast um Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fagurbókmennta þetta árið. Tilkynnt var um tilnefningar við hátíðlega athöfn á Kjarvalsstöðum í gær.

Bækur Auðar Jónsdóttur, Einars Más Guðmundssonar, Hallgríms Helgasonar, Hermanns Stefánssonar og Jóns Kalmans Stefánssonar munu keppa um titilinn.

Einnig verða veitt verðlaun í flokki barna- og ungmennabóka, flokki fræðibóka og rita almenns efnis auk Íslensku þýðingarverðlaunanna.

Dómnefnd í ár skipuðu Árni Matthíasson, sem var formaður nefndarinnar, María Rán Guðjónsdóttir og Tinna Ásgeirsdóttir. – sa

# Flóttamenn stíga á svið

**Fjórar fjölskyldur flóttafólks munu standa á sviðinu í Borgarleikhúsinu og segja áhorfendum frá lífi sínu. Kristín Eysteinsdóttir leikhússtjóri segir leikhúsið vera að bregðast við því sem sé að gerast í samfélaginu með því að gefa fólkinu rödd.**

**SAMFÉLAG** Á laugardag munu fjórar fjölskyldur flóttamanna segja sögu sína í Borgarleikhúsinu. Sumar fjölskyldurnar eru komnar með landvistarleyfi, aðrar bíða eftir svari. Fjölskyldurnar eru misstórar, sumir eru einir í fjölskyldu og aðrir með mörg börn. Fjölskyldurnar munu standa á stóra sviðinu og segja frá sínu lífi, frá hverju þær eru að flýja og að hverju þær eru að leita.

„Hugmyndin með þessu er fyrst og fremst að opna fyrir samtal og rými þar sem við getum talað saman. Yfirskriftin er „Opnum okkur“ og er þetta unnið í samstarfi við Rauða krossinn. Fyrst og fremst á þetta að vera einlæg samverustund,“ segir Kristín Eysteinsdóttir, borgarleikhússtjóri.

Halldóra Geirharðsdóttir og Bergur Þór Ingólfsson leikarar munu halda utan um samtalið. Einnig verða fluttir stuttir fyrirlestrar, meðal annars hjálparstarfsmenn sem hafa verið á Lesbos. Að lokum verða umræður.

„Við erum alltaf að skoða í leikhúsinu hvernig við getum brugðist við því sem er að gerast í samfélaginu. Við viljum gjarnan rækta samfélagslegt hlutverk leikhússins. Mörg leikhús erlendis hafa brugðist við flóttamannavandanum með því að opna dyrnar og bjóða gistingu og tungumálakennslu. Þetta er okkar skerfur, að gefa flóttamönnum rödd,“ segir Kristín en allir sem koma að viðburðinum gefa vinnu sína og verður aðgangur ókeypis.

Kristín segist finna fyrir að leikhúsgestir séu að þroskast og þetta sé eitthvað sem fólk vilji taka þátt í. „Kortasala okkar hefur aldrei verið meiri en í ár þrátt fyrir að margar af sýningum okkar séu framsæknari en áður. Leikhús er í blóma núna og á að taka á svona málum.“

erlabjorg@frettabladid.is



Tvær fjölskyldur frá Sýrlandi, ein frá Kenýa og ein frá Írak munu segja sögu sína í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN GUÐMUNDSSON

**Viðburðurinn verður í Borgarleikhúsinu á laugardag kl. 13.**

**Við erum alltaf að skoða í leikhúsinu hvernig við getum brugðist við því sem er að gerast í samfélaginu.**



Kristín Eysteinsdóttir, borgarleikhússtjóri


RANDALÍN, MUNDI OG AFTURGÖNGURNAR
ÞÓRDÍS GÍSLADÓTTIR OG ÞÓRARINN M. BALDURSSON




ER ÞAÐ SATT AÐ VEITINGASTAÐIR SELJI KATTAKJÖT?



Þórdís Gísladóttir

Fyrsta bók höfunda hlaut Bóksalaverðlaunin og Fjöruverðlaunin.

Þórarinn M. Baldursson myndskreytti.

BJARTUR




Geysir Skólavörðustíg 7 & 16, Haukadal og Akureyri. Sími 519 6000 — geysir.com



**Bæta skal aðgengi á ferðamannastöðum.** NORDICPHOTOS/AFP

## Átak um bætt aðgengi fatlaðra

**FÉLAGSMÁL** Með það að markmiði að bæta aðgengi fatlaðs fólks að ferðamannastöðum styrkja stjórnvöld gerð handbókar í samstarfi þriggja landa í Norður-Atlantshafi – Færeyja Grænlands auk Íslands.

Styrkurinn nemur samtals fjórum milljónum króna.

Aðalstyrktaraðili verkefnisins er NORA, samstarfsvettvangur landa í Norður-Atlantshafi en einnig Norm ráðgjöf ehf. og Aðgengi ehf. á Íslandi, í Færeyjum Visit Torshavn í samstarfi við Öryrkjabandalag Færeyja, stjórnvöld á Grænlandi og Delta setrið í Ósló.

Verkefnið styður við innleiðingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en réttur fatlaðs fólks til aðgengis til jafns við ófatlað fólk er eitt af megin áhersluatriðum samningsins. **– shá**

## Atvinnulausir fá 55 þúsund

**ATVINNUMÁL** Full desemberuppbót til atvinnuleitenda er 55.256 krónur, samkvæmt reglugerð þar um en greiðsla til hvers og eins reiknast í hlutfalli við rétt hans til atvinnuleysisbóta á árinu.

Rétt á fullri desemberuppbót eiga þeir atvinnuleitendur sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins, hafa verið skráðir án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í samtals tíu mánuði eða lengur á árinu 2015 og hafa staðfest atvinnuleit á tímabilinu 20. nóvember til 3. desember. Greiðsla desemberuppbótar til þeirra sem eiga ekki fullan bótarétt reiknast í hlutfalli við rétt þeirra til atvinnuleysisbóta á árinu og fjölda mánaða sem viðkomandi hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur. **– shá**

**»** Atvinnuleitendur sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins eiga rétt á fullri desemberuppbót.

## Ákveðið að láta náttúruna njóta vafans

**UMHVERFISMÁL** Sláturfélag Suðurlands er hætt við að reisa stórt kjúklingabú í landi Jarlsstaða við mörk vatnsverndarsvæðis í Landsveit. Í búinu átti að ala 60 þúsund fugla á hverjum tíma en stjórn Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps varaði fastlega við áformunum í bréfi til byggingarfulltrúa.

Málið er ekki afgreitt hjá sveitarfélaginu en SS ætlar að byggja upp starfsemi sína annars staðar vegna athugasemda sem komið hafa fram.

Í bréfi framkvæmdastjóra Vatnsveitunnar segir að frekari rannsóknir á grunnvatnsrennsli og jarðfræði svæðisins skorti áður en ákvarðanir um uppbygginu einkaaðila yrðu teknar enda um mikilvæga samfélagslega hagsmuni að ræða sem í verndun vatnsbóla felst.

Í bréfinu er einnig sterklega varað við áformum um vaxandi byggð sumarhúsa með rotþróm í ofanverðri Landsveit. Grunnvatnsstraumar liggja beint að lindinni sem um ræðir – Kerauga, sem er eitt stærsta einstaka lindarauga á Íslandi.

Árni Hjartarson, jarðfræðingur hjá Íslenskum orkurannsóknum, segir í áliti sínu að svæðið í Landsveit sé viðkvæmt fyrir mengun. Margt bendi til að fyrirhugað kjúklingabú yrði á vatnasviði Keraugalindarinnar. „Ákvarðanir um starfsleyfi fyrir hvers konar rekstur rétt við mörg vatnsverndarsvæðisins verður að taka að vandlega yfirveguðu ráði,“ skrifar Árni. **– shá**



**Kjúklingabú nærri vatnsverndarsvæði er talið fullkomið óráð.** FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIKÞÓR

# Arion banki synjar Pírötum um að opna bankareikning

**Lögheimilisskráning varaformanns Pírata í Borgarbyggð veldur því að félagið getur ekki stofnað bankareikning. Hann telur skráningu sína fullnægjandi og afstöðu bankans hugsanlega brot á stjórnarskrá.**

**STJÓRNMÁL** Arion banki í Borgarbyggð hefur synjað aðildarfélagi Pírata þar í bæ um að stofna bankareikning. Að sögn Ágústs S. Beaumont, varaformanns félagsins, er það stjórnarseta hans í stjórnmálasamtökunum sem bankinn setur fyrir sig sem rök fyrir synjuninni.

„Við höfum verið að vinna í því að stofna bankareikning og það hefur gengið alveg ofboðslega hægt,“ segir Ágúst en eftir um þriggja vikna bið synjaði bankinn loks félaginu. „Þeir segja að ég þurfi að segja af mér og einhver annar koma inn í staðinn.“

Upphaflega hafi bankinn borið fyrir sig grun um hugsanlegt peningaþvætti en þegar nánar var grennslast fyrir um það var vandamálið lögheimilisskráning Ágústs. Aðstæðna sinna vegna dvelur hann í sumarhúsi í Borgarbyggð.

„Lögheimilisskráningin kallast „óstaðsettur í hús“ og sú skráning er yfirleitt notuð fyrir fólk sem á ekki hús eða býr á götunni,“ segir hann.

Ágúst lenti í alvarlegri líkamsárás þegar hann bjó erlendis fyrir nokkrum árum og hefur því verið í endurhæfingu undanfarin ár.

„Hins vegar notar Tryggingastofnun þetta fyrir þá sem eru heimilislausir. Þeir vildu að ég notaði þessa skráningu af því að þeir vildu ekki greiða mér fullar bætur.“

Ágúst segir bankann setja þá skráningu fyrir sig. Hann hafi ráðfært sig við lögfræðing hjá Þjóðskrá sem hafi sagt honum að hans lögheimilisskráning væri jafn rétthá og hver önnur skráning.

„Og þetta er skerðing á borgararéttindum og hugsanlega brot á stjórnarskránni því að allir þegnar eiga rétt á að fá að taka þátt í stjórnmálastarfsemi,“ segir Ágúst sem kveðst telja það alvarlegt ef fólk á borð við útigangsfólk sé gert að annars flokks borgurum með þessum hætti.

Arion banki tjáir sig ekki um einstaka mál en samkvæmt upplýsingum frá bankanum eru gerðar ítarlegar kröfur um að fjármálastofnanir þekki sína viðskiptavini. Til að mynda til að koma í veg fyrir peningaþvætti og þvíumlíkt. Afla þarf oft ítarlegra upplýsinga þegar stofnað er til viðskipta.

Bankinn er með reglur er snúa að félagasamtökum. Þá þarf upplýsingar um stjórnarmenn og þar á meðal lögheimilisskráningu.

Þó er hægt í sérstökum tilfellum að skoða viðkomandi mál og veita undanþágu frá þeirri reglu.

**stefanrafn@frettabladid.is**





**Varaformaður Pírata í Borgarbyggð segist hafa áhyggjur af því að Arion banki skerði borgararéttindi heimilislausra með því að synja þeim um bankareikninga.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Þetta er skerðing á borgararéttindum og hugsanlega brot á stjórnarskránni.
>
> Ágúst S. Beaumont, varaformaður Pírata í Borgarbyggð









## Óskýr verkaskipting í máli geðfatlaðra

**VELFERÐARMÁL** Samvinnuhópur var skipaður af félags- og húsnæðismálaráðherra í júní síðastliðnum til að vinna að málum einstaklinga sem þurfa á öryggisvistun að halda.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að helmingur sjúklinga á öryggis- og réttargeðdeildum Landspítalans hafi lokið meðferð en sitji fastir á spítalanum vegna ónógra búsetuúrræða.

Í svari frá velferðarráðuneytinu kemur fram að þar sem verkaskipting sveitarfélaga og ríkis um sérstakt öryggishúsnæði fyrir það fólk sem um ræðir sé ekki skýr hafi hópurinn verið stofnaður til að skerpa þar á.

Hópurinn mun finna leiðir til að tryggja að þjónusta og skipulag við þennan hóp sé í samræmi við lög, alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar og viðurkennd gæðaviðmið. Niðurstöðurnar verða kynntar um mitt næsta ár.

Heilbrigðisráðherra lagði nýlega fram tillögu um markmið um úrræði fyrir geðfatlað fólk sem dvelur á Landspítala vegna skorts á búsetuþjónustu. Þar er stefnt að því að sá hópur sem nú bíður útskriftar af geðdeild verði fluttur í viðeigandi húsnæði fyrir árslok 2016. Sveitarfélög, notendasamtök og Landspítali verða samstarfsaðilar. **– ebg**



**Sjúklingar á réttar- og öryggisgeðdeild þurfa á sérstöku öryggishúsnæði að halda eftir útskrift.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**»** Flytja á hóp sem nú bíður útskriftar í viðeigandi húsnæði fyrir lok árs 2016


Fylgstu með á Facebook
– Lindex Iceland
OH DEER
t-mas is here
Pils
2995,–
Christmas Moments
LINDEX



**Beðið er nýrrar sendingar af bóluefni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Bóluefni gegn flensu á þrotum

**HEILBRIGÐISMÁL** Allt bóluefni gegn árlegri inflúensu er uppurið í landinu, að því er fram kemur á vef Landlæknis.

„Mikil ásókn hefur verið í bólusetningu gegn árlegri inflúensu á undanförnum vikum,“ segir á vefnum, en frá því í haust hafi 60 þúsund skammtar verið seldir.

Fram kemur að á undanförnum árum hafi um 50 til 55 þúsund skammtar verið seldir á hverjum vetri, nema veturinn 2013 til 2014 en þá hafi selst rúmlega 60 þúsund skammtar.

„Um 5.000 skammtar verða nú keyptir aukalega af inflúensubóluefninu en á þessari stundu er ekki vitað hvenær það verður tilbúið til afhendingar. Það verður auglýst um leið og það er vitað,“ segir á vef Landlæknisembættisins.

Fram kemur að inflúensan hafi ekki enn greinst hér á landi í vetur en fregnir af einstaka tilfellum hafi borist frá nálægum löndum.

„Virkni bóluefna við að koma í veg fyrir veikindi af völdum inflúensuveirunnar er breytileg milli ára, en á þessari stundu er ekki vitað hver virknin verður í ár.“ **– óká**

## Í mörg horn að líta



**Jólasveinn ásamt hreindýri sínu sveif yfir borginni Blagoevgrad í Búlgaríu í gær. Börnin bíða spennt eftir fljúgandi sveinka sem sýndi sig í fyrsta sinn á þessum slóðum fyrir jólin í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Samningum lokið við rúman helming

**Samninganefnd sveitarfélaganna veit ekki um önnur stéttarfélög en Verkalýðsfélag Akraness sem eru á móti SALEK-samkomulaginu. Fundur var hjá ríkissáttasemjara í gær. Samningamaður segir skrið hafa komist á málið í nóvember og að vel verði gefið í nú í desember.**

**KJARAMÁL** Samið hefur verið við 37 af 64 viðsemjendum Sambands íslenskra sveitarfélaga frá því að viðræður hófust eftir SALEK-samkomulagið í lok október.

„Við erum bara að vinna í þessu á fullu,“ segir Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fundir voru hjá Ríkissáttasemjara í gær. „Þetta komst á skrið í byrjun nóvember,“ segir hún. Fyrsti samningurinn sem skrifað var undir var við Skólastjórafélag Íslands 4. nóvember. Hann var samþykktur 13. nóvember með 69 prósentum atkvæða.

Þá segir Inga Rún að samið hafi verið við starfsmannafélög sveitarfélaganna „í einni kippu“. Þau eru 34. Auk þess hafi samningar náðst við leikskólakennara.

Grunnurinn að samningum sem gerðir hafa verið er launastefnan í SALEK-samkomulaginu. Samband íslenskra sveitarfélaga er aðili að samkomulaginu. „Við gerðum þetta samkomulag að okkar launastefnu,“ segir Inga Rún.

Verkalýðsfélag Akraness hefur höfðað mál fyrir félagsdómi á þeim forsendum að í SALEK-samkomulaginu sé vegið að samningsfrelsi einstakra stéttarfélaga. Félagið skrifi ekki undir samning við sveitarfélögin á forsendum SALEK.

Inga Rún segir samninganefnd sveitarfélaganna ekki hafa orðið vara við slík viðhorf hjá öðrum stéttarfélögum. „Menn hafa verið mjög samstilltir í að bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga og huga að efnahagslífinu,“ segir hún.

Um leið segir Inga Rún ómögulegt að segja til um hvenær takist að ljúka samningum. „Við gefum vel í í desember og fram að jólum.“ Alltaf komi þó upp sértæk mál og ræða þurfi hluti og leysa.

Fyrir utan félag skólastjórnenda sem þegar hefur samþykkt sinn samning stendur yfir kynning og kosning um samninga hjá öðrum. Rafrænni atkvæðagreiðslu Starfsgreinasambandsins um samninginn sem hófst í gær lýkur á miðnætti þriðjudaginn 8. desember og á niðurstaða að vera ljós daginn eftir. Þá er niðurstöðu að vænta í kosningu Eflingar um samninginn 11. þessa mánaðar. **olikr@frettabladid.is**

> **Við erum bara að vinna í þessu á fullu.**
>
> Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga








Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun | **Tryggt** framtíðarvirði | **Fastar** mánaðargreiðslur

Nýr Avensis Touring Sports er hannaður af framsýni sem fléttar saman tækni og fágað útlit. Finndu hvað hann er rúmgóður, hljóðlátur og rennilegur á vegi. Stýrið er leðurklætt með innbyggðum stjórntækjum og Toyota Touch 2 kerfið lifnar við á 8" snertiskjá sem er aðeins hluti af ríkulegum staðalbúnaði ásamt 17" álfelgum og LED-dagljósum sem lýsa þér leiðina til framtíðar.*

**GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM****

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

**500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur**
verður dreginn úr hópi þeirra sem fá
nýja Toyotu afhenta í desember***

*Á ekki við um Avensis Live.
**Gildir ekki með öðrum tilboðum.
***Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## Vopnuð lögregla og dánartíðni 1996-2006

### Óvopnuð lögregla

**Ísland**

| Fjöldi látinna | Miðað við milljón íbúa |
|---|---|
| 0 | 0 |

Aðeins einu sinni frá stofnun lýðveldisins hefur íslensk lögregla banað manni. Það gerðist árið 2013 í skotárás í Árbænum.

**Noregur**

| Fjöldi látinna | Miðað við milljón íbúa |
|---|---|
| 3 | 0,06 |

Sjálfvirkar byssur geymdar í læstu hólfi í bílum.

**England/Wales**

| Fjöldi látinna | Miðað við milljón íbúa |
|---|---|
| 3 | 0,04 |

Meirihluti lögreglumanna er óvopnaður. Hluti lögreglumanna hefur aðgang að vopnum.

### Vopnuð lögregla

**Danmörk**

| Fjöldi látinna | Miðað við milljón íbúa |
|---|---|
| 11 | 0,19 |

**Svíþjóð**

| Fjöldi látinna | Miðað við milljón íbúa |
|---|---|
| 13 | 0,13 |

Heimild: Rannsókn dönsku lögreglunnar á árunum 1996-2006 og heimasíður ríkislögreglunnar í hverju landi.



**23** slysaskot þegar norska lögreglan vopnaðist

Undanfarið ár hefur norska lögreglan verið vopnuð vegna hryðjuverkaógnar. Á þessu eina ári hafa orðið 23 slysaskot. Ekki hafa orðið alvarleg slys á fólki. Yfirleitt hafa skotin hlaupið af þegar gengið er frá byssunum, þær tæmdar eða við æfingar. Lögreglan verður vopnuð til 10. desember en þá verður staðan tekin. Umræða hefur verið um að vopna lögregluna til frambúðar.

**Bandaríkin**



| Fjöldi látinna | Miðað við milljón íbúa |
|---|---|
| 10.000* | 35,5 |

*skv. úttekt Los Angeles Daily News, apríl 2015.

# Telur vopnaburð hluta af vinnuvernd

**Löggæslufræðingur segir skammbyssur í lögreglubílum snúast um vinnuvernd og eðlisfræði. Tryggja þurfi öryggi lögreglumanna og að eingöngu byssur geti mætt byssum. Það sé ekki í boði að gera ekki neitt vegna þess að lögreglan sé hrædd við virka í „athugasemdum“.**



Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is

**LÖGREGLUMÁL** „Íslenska lögreglan er ekki að vopnast. Þetta er bara spurning um aðgengi,“ segir Eyþór Víðisson löggæslufræðingur þegar hann er beðinn um álit á þeirri breytingu að skammbyssur verði í læstum hólfum í sex lögreglubílum.

Eyþór segir lögregluna í langflestum löndum vopnaða og þróunin sé í þá átt. Þetta skref íslensku lögreglunnar sé litið en þetta sé bara fyrsta skrefið.

„Þróun á lögum og vinnuvernd hefur aukið ábyrgð vinnuveitenda. Vinnuveitendur eiga að gera allt til að tryggja öryggi starfsmanna sinna. Aukið aðgengi að vopnum snýst að miklum hluta til um öryggi lögreglumanna. Að vera lögreglumaður er bara starf, fólk gleymir því.“

Eyþór bendir á að lögreglan sé í erfiðustu aðstæðum sem koma upp. Á meðan almenningur hlaupi burt frá hættu, hlaupi lögreglan að henni.

„Hvernig ætlum við að réttlæta það ef manneskja með átta haglabyssur byrjar að skjóta í Kringlunni að lögreglan geti ekki gert neitt? Hvernig á lögreglustjóri að horfa framan í almenning daginn eftir? Nei, við gátum ekki gert það því við vorum hrædd við virka í athugasemdum. Það svar er ekki í boði.“

Eyþór viðurkennir að vissulega séu vopn dregin oftar upp og fleiri falli þegar lögreglan er vopnuð.

„En við verðum líka að spyrja okkur hversu mörgum skotárásum lögreglan afstýrir með því að vera vopnuð. Eða hversu margir hætta við að fremja glæp því löggan er vopnuð. Þetta eru upplýsingar sem við fáum ekki fram.“

Lögreglan er búin kylfum og piparspreyi. Einnig hefur verið umræða um rafmagnsbyssur. „Maður stoppar ekki brjálaða manneskju með þessum vopnum. Þegar allt kemur til alls er þetta einföld eðlisfræði. Maður mætir byssu með byssu og það er óviðunandi að lögreglan hafi ekki bestu tólin til að takast á við slíkar aðstæður.“

Eyþór segist vita að þetta hljómi ofbeldisfullt og ógnvekjandi en bendir á að byssur hafi verið til í þrjú hundruð ár og það sé veruleiki lögreglumanna.

„Um sextíu þúsund byssur eru skráðar á Íslandi. Ekki skammbyssur, en haglabyssur og rifflar. Næstu ár verða fréttir af fleiri bílum með byssur. Síðan af löggu að halda á byssu og löggu að skjóta sig í fótinn. Og það verða læti og dramatík. En það er eðlilegt að það taki almenning tíma að venjast þessu.“

### Vinnuvernd lögreglumanna óviðunandi

Fréttablaðið hefur fjallað ítarlega um starfsaðstæður lögreglunnar. Vinnueftirlit ríkisins hefur á skrá tæplega 400 vinnuslys hjá lögreglumönnum á fjögurra ára tímabili. Vinnueftirlitið hefur frá hruni endurtekið beint því til Stjórnarráðsins að gera átak í vinnuvernd en fálega hefur verið tekið í erindi þess.




Skammbyssur verða í sex lögreglubílum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Eyþór Víðisson löggæslufræðingur

> Hvernig ætlum við að réttlæta það ef manneskja með átta haglabyssur byrjar að skjóta í Kringlunni að lögreglan hafi ekki getað gert neitt?

> Næstu ár verða fréttir af fleiri bílum með byssur. Síðan af löggu að halda á byssu og löggu að skjóta sig í fótinn. Og það verða læti og dramatík.


## Glæsileg Bosch heimilistæki á jólaverði.

Jólabæklingurinn er kominn út. Sjá nánar á bosch.is.

**BOSCH Þvottavél**
WAP 28397SN
Tekur mest 7 kg.
Orkuflokkur A+++.
Kolalaus, hljóðlátur mótor með 10 ára ábyrgð.
Með íslensku stjórnborði.
Jólaverð: 99.900 kr.
Fullt verð: 139.900 kr.




**BOSCH Þurrkari**
WTW 86197SN
Tekur mest 7 kg.
Orkuflokkur A++.
Sjálfhreinsandi rakaþéttir.
Með íslensku stjórnborði.
Jólaverð: 99.900 kr.
Fullt verð: 139.900 kr.



**BOSCH Bakstursofn**
HBA 74R252E
Orkuflokkur A.
Átta ofnaðgerðir.
Brennslusjálfhreinsun.
Jólaverð: 99.900 kr.
Fullt verð: 139.900 kr.



**BOSCH Spanhelluborð**
PIE 645F17E
Með stálramma.
Jólaverð: 79.900 kr.
Fullt verð: 99.900 kr.



BOSCH BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is


Við eigum afmæli í dag!
20% AFMÆLIS AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM JÓLATRJÁM OG LJÓSASERÍUM
ÖLLUM VÖRUM FRÁ SVEINBJÖRGU ★ ROSENDAHL ★ HEKLU ★ IHANNA
EVA SOLO ★ MENU ★ NORMANN COPENHAGEN ★ JÓNSDÓTTIR & CO
GÓÐAR JÓLAGJAFIR
NORMANN SHOREBIRD LÍTILL 3.880KR ÁÐUR 4.850
HANDKLÆÐI FRÁ SVEINBJÖRGU 70X150CM 3.920KR ÁÐUR 4.900
POV WALL KERTASTJAKI ★ SVARTUR 4.480KR ÁÐUR 5.600
KERTI FRÁ HEKLU 1.680KR ÁÐUR 2.100
100 FYRSTU VIÐSKIPTAVINIR DAGSINS FÁ JÓLASÝPRUS FRÁ GARÐHEIMUM
GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is
Gildir miðvikudag og fimmtudag



**Margir fengu hjálp frá samborgurum þegar bílar voru fastir.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Mokað frá húsdyrum í Nóatúni. Hvuttar og aðrir íbúar þurfa að komast leiðar sinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Það er ekki hægt annað en að búa til snjóbolta þegar snjórinn fer aðeins að blotna. Þessi snjóbolti var einn af mörgum sem nemendur í Ísaksskóla bjuggu til.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Stússað í snjókomunni

Þótt veðrið á höfuðborgarsvæðinu í gær hafi ekki valdið þeim usla sem spáð hafði verið voru verkefni björgunarsveita, sem voru til taks frá því klukkan hálf sjö um morguninn, æði mörg. Um miðjan dag höfðu björgunarsveitir fengið nokkra tugi beiðna um aðstoð, að mestu vegna fastra bíla. Lögreglan kom einnig fjölda manns sem fest höfðu bíla sína til hjálpar. Allt innanlandsflug lá niðri.



**Ruðningstæki voru víða á ferð. Hér er verið að auðvelda ökumönnum í Unufelli að komast leiðar sinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Það er skynsamlegt að hafa skóflu í bílnum þegar von er á fannfergi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Til hamingju

## Arnar Már Arngrímsson

**með verðskuldaða tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir Sölvasögu unglings!**






1. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON
Ungmennabækur
18. nóvember

5
BÓKSÖLU LISTINN
Ungmennabækur
01.11.-22.11.2015

*„Þetta er þroskasaga úr samtímanum og ég óska Arnari til hamingju með þessa fallegu og skemmtilegu bók.“*
Andri Snær Magnason

*„Textinn er kraftmikill og litríkur, fyndinn og fallega hrár, sagan er full af tilfinningalegu innsæi og samkennd, bæði skemmtileg og gagnleg.“*
Hildur Eir Bolladóttir, prestur

*„Vel skrifuð bók sem fjallar á raunsannan hátt um unglingsárin. Ekki síður bók fyrir foreldra en unglinga.“*
Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Frostaskjóls og mamma.

*„Þrátt fyrir að umfjöllunarefnið sé viðkvæmt er bókin skemmtileg aflestrar og hver eftirminnileg persónan af annarri birtist lesandanum.“*
Jóhannes Bjarnason,
kennari og íþróttaþjálfari

*„Það er ekki laust við að ég, líklega eins og margir ungir karlmenn, sjái sjálfan mig í söguhetjunni og raunum hans. Það er ómögulegt að bíða lengur en í ár, tops, eftir framhaldi eða einhverju sem býr yfir þessum sömu töfrum.“*
Jóel Enok Kristinsson

**Fyrsta bók Arnars Más Arngrímssonar heillar lesendur upp úr skónum!**

10 ára
sögur útgáfa
2005 – 2015

Falleg jólatré

Gæðajólatré - sem endist ár eftir ár!

Þessi jólatré eru í hæsta gæðaflokki auk þess að vera mjög falleg og líkjast þannig raunverulegum trjám. Einföld samsetning.

- Ekkert barr að ryksuga
- Ekki ofnæmisvaldandi
- 12 stærðir (60-500 cm)
- Íslenskar leiðbeiningar
- Eldtraust
- Engin vökvun
- 10 ára ábyrgð
- Stálfótur fylgir

Opnunartímar:
Virkir dagar kl. 09-18
Laugardagar kl. 11-18
Sunnudagar kl. 12-18

Skátarnir

Hraunbær 123 | s. 550 9800 | skatar.is


# Byggt undir nýtingu jarðhitans

**LOFTSLAGSMÁL** Stofnaður hefur verið alþjóðlegur samstöðuhópur um nýtingu jarðhita (Global Geothermal Alliance), en tilkynnt var um stofnun hópsins á fundi í tengslum við Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París í gær. Á meðal stofnenda með Íslandi eru Frakkland, Bandaríkin, Ítalía og Nýja-Sjáland, fjölmörg þróunarríki og fjölþjóðlegar stofnanir og aðilar á borð við Alþjóðabankann, Afríkusambandið og svæðabundna þróunarbanka. Orkustofnun, Íslenskar orkurannsóknir – ÍSOR og Jarðhitaskóli háskóla SÞ eru ennfremur stofnaðilar.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra flutti opnunarávarp fundarins. Ísland hefur verið í fararbroddi ríkja um stofnun samstöðuhópsins en alþjóðleg samtök um endurnýjanlega orkugjafa, IRENA, hafa leitt vinnuna og munu vista samstarfsvettvanginn, sem verður í Abú Dabí.

Í ræðu sinni sagði utanríkisráðherra að alþjóðasamfélagið yrði að ná saman um metnaðarfull markmið í loftlagsmálum. **– shá**



**Ísland hefur verið í fararbroddi ríkja um stofnun samstöðuhópsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stjórnir Þýskalands og Bretlands vilja hernað

**Ákvarðanir beggja stjórna bornar undir þjóðþing landanna í vikunni. Þýskir hermenn telja þurfa meira en áratug til að ráða niðurlögum Íslamska ríkisins.**

**ÞÝSKALAND** Þýska stjórnin samþykkti í gær taka þátt í hernaði Frakka gegn „Íslamska ríkinu" í Sýrlandi. Stjórnin vonast til þess að fá samþykki þingsins á föstudaginn.

Angela Merkel kanslari hefur heitið því að útvega að minnsta kosti þúsund hermenn ásamt herþotum og freigátu.

Frakkar hófu loftherna ð gegn Íslamska ríkinu í Sýrlandi strax í kjölfar voðaverkanna í París í síðasta mánuði. Sjálfsvígsárárásir kostuðu þar 130 manns lífið.

Ursula von Leyen varnarmálaráðherra tók fram að ekkert hernaðarsamstarf við stjórn Bashars al Assad forseta komi til greina. Hún sagði hins vegar mikilvægt að koma í veg fyrir að ríkisvaldið í Sýrlandi hrynji. Ekki megi endurtaka mistökin frá Írak þegar stuðningsmönnum Saddams Hussein var öllum bolað burt, með þeim afleiðingum meðal annars að margir þeirra eru nú gengnir til liðs við Íslamska ríkið.

Frank-Walter Steinmeier utanríkisráðherra segir síðan óhjákvæmilegt að reikna með því að þessi hernaður muni dragast verulega á langinn.

André Wüstner, sem er formaður Bandalags þýskra hermanna, tekur í sama streng: „Ég reikna með að þessi hernaður, ef við sinnum honum af alvöru, muni vara töluvert lengur en tíu ár," sagði hann í sjónvarpsviðtali í gærmorgun.

Breska stjórnin hefur sömuleiðis ákveðið að halda í hernað gegn Íslamska ríkinu. Reiknað er með því að breska þingið samþykki loftárásir með miklum meirihluta. Málið verður rætt á breska þinginu í dag og eru tíu klukkustundir ætlaðar til umræðnanna.

Miklu skiptir fyrir úrslitin að Jeremy Corbyn, formaður Verkamannaflokksins, ákvað að þingmenn flokksins hefðu frjálsar hendur um atkvæðagreiðslu í staðinn fyrir að skylda þá til þess að greiða atkvæði gegn árásunum, eins og hann hefði getað gert í krafti leiðtogavalds síns.

Þar með þykir ljóst að heimildin verði samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta, þótt vitað sé að hluti Verkamannaflokksins og einhver hluti Íhaldsflokksins muni greiða atkvæði gegn henni.

Þá hefur arabíska fréttastöðin Al Jazeera skýrt frá því að Sýrlenska þjóðarbandalagið hafi, ásamt fleiri samtökum sýrlenskra stjórnarandstæðinga, samþykkt að taka þátt í friðarviðræðum síðar í mánuðinum í Ríad, höfuðborg Sádi-Arabíu.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**Angela Merkel Þýskalandskanslari, David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, og François Hollande Frakklandsforseti á leiðtogafundi í Brussel í október.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Ég reikna með að þessi hernaður, ef við sinnum honum af alvöru, muni vara töluvert lengur en tíu ár.**
>
> André Wüstner, formaður Bandalags þýskra hermanna

# Hvetur Pútín og Erdogan til að halda friðinn og horfa á sameiginlegan óvin

**FRAKKLAND** Barack Obama Bandaríkjaforseti hvetur Rússa og Tyrki til þess að halda friðinn og draga úr þeirri spennu sem verið hefur milli ríkjanna eftir að Tyrkir skutu niður rússneska herþotu.

„Við eigum okkur sameiginlegan óvin," sagði Obama í ávarpi, sem hann flutti á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París í gær, og átti þar við „Íslamska ríkið", samtök vígamanna sem hreiðrað hafa um sig í Sýrlandi, Írak og víðar.

„Ég vil tryggja að við einbeitum okkur að þeirri hættu," sagði Obama.

Vladimír Pútín notaði sama vettvang á mánudaginn til að saka Tyrki um að hafa skotið niður rússnesku herþotuna til að verja eigin hagsmuni af olíuviðskiptum við vígasveitir Íslamska ríkisins.

Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, mótmælir harðlega fullyrðingum Vladimírs Pútín Rússlandsforseta um að tilgangur Tyrkja með því að skjóta niður rússneska herþotu hafi verið að verja olíuviðskipti sín við Íslamska ríkið. Segir hann að Rússar geti ekki slengt þessu fram án þess að leggja fram sannanir:

„Við erum ekki svo óheiðarlegir að kaupa olíu frá hryðjuverkamönnum," sagði Erdogan. „Ef það sannast að við höfum í raun gert það, þá mun ég segja af mér."

Erdogan ítrekar hins vegar gagnrýni sína á loftárásir Rússa á uppreisnarsveitir Túrkmena í norðvesturhluta Sýrlands. Túrkmenar eru skyldir Tyrkjum og njóta óskoraðs stuðnings Tyrklandsstjórnar.

Þeir Obama, Pútín og Erdogan hafa allir tekið þátt í ráðstefnunni í París ásamt flestum öðrum þjóðarleiðtogum heims. **– gb**



**Barack Obama á lotfslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


DORMA
Láttu drauminn rætast

Hafðu það notalegt um jólin
Komdu í Dorma



MEIRA Á dorma.is

NATURE'S DIAMOND heilsurúm

Nature's Diamond heilsudýna með Classic botni og löppum nú á jólatilboði í Dorma.

Verðdæmi:
Stærð: 180x200 cm.
Fullt verð: 204.900 kr.

25% AFSLÁTTUR

Aukahlutur á mynd: rúmgafl.

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.

Nature's Bedding

Jólatilboð 180 x 200 cm

Aðeins 153.675 kr.

SHAPE DELUXE heilsurúm m/classic botni

Shape deluxe heilsurúm:
- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 26 cm þykk heilsudýna
- 2 cm latexlag bólstrað í áklæði
- 4 cm gel memoryfoam
- 4 cm shape memoryfoam
- Non-slip efni á botni dýnunnar
- Engir rykmaurar
- 5 ára ábyrgð!
- Ofnæmisprófuð
- Burstaðir stálfætur

| Stærð cm. | Fullt verð | Jólatilboð |
|---|---|---|
| 100x200 | 129.900 | 103.920 |
| 120x200 | 164.900 | 131.920 |
| 140x200 | 184.900 | 147.920 |
| 160x200 | 209.900 | 167.920 |
| 180x200 | 234.900 | 187.920 |

20% AFSLÁTTUR

Jólatilboð 20% afsláttur

TVENNUTILBOÐ dúnsæng + koddi

O&D dúnsæng – Stóri björn
· 50% dúnn og 50% smáfiður
Fullt verð: 19.900 kr.
+ Dúnkoddi – Stóri björn
Fullt verð: 5.900 kr.
Fullt verð samtals:
25.800 kr.

QUILTS OF DENMARK

JÓLA-TILBOÐ

Aðeins 19.900 kr.

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

Afgreiðslutími
Mán. til fös. frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Eftirbátar í samanburði



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Fagleg þjónusta Landspítalans, lækningar, hjúkrun, endurhæfing og rannsóknir byggjast á að fjárveitingar dugi fyrir því hlutverki sem spítalanum er ætlað að gegna. Á þetta er minnt í yfirlýsingu sem læknaráð og hjúkrunarráð spítalans sendu frá sér í gær. Þá er áréttað að hlutverk Alþingis og sérstaklega fjárlaganefndar sé að tryggja að tekjustofnar ríkisins dugi fyrir sameiginlegri grunnþörf og þjónustu samfélagsins.

Yfirlýsingin kemur ekki úr einhverju tómarúmi heldur í kjölfar umræðu um viðbrögð forystu fjárlaganefndar við kalli Landspítalans um aukið fjármagn. Á fundi nefndarinnar fyrir helgi sagði formaður nefndarinnar hana vera undir miklum þrýstingi frá Landspítalanum en hún léti ekki undan andlegu ofbeldi.

Orðaval formannsins er vissulega óheppilegt, en mætti svo sem skrifa á klaufaskap og fljótfærni í framsetningu. Líklegast les Páll Matthíasson, forstjóri spítalans, þó rétt í spilin, þegar hann í fréttum um helgina sagðist undrast viðhorf fulltrúa ríkisstjórnarinnar í fjárlaganefnd en þeir virtust líta á spítalann sem botnlaust gímald sem stöðugt væli um meiri peninga.

Mat Páls er að spítalann vanti tvo og hálfan til þrjá milljarða til viðbótar á næsta ári. Vissulega hafi verið bætt í framlög, en það komi eftir vanáætlun til áratuga og tíma taki að leiðrétta hallann til að ná yfirlýstum markmiðum stjórnvalda um að útgjöld til heilbrigðismála nái meðaltali Norðurlandanna.

Læknaráð og hjúkrunarráð benda á að fjárveitingar til innviða heilbrigðisþjónustunnar hér á landi (til endurnýjunar og viðhalds á húsnæði, tækjakaupa og framþróunar) hafi undanfarin ár verið með því allra lægsta sem um getur í OECD-löndum. Þau verji að meðaltali til þessa 0,5 prósentum af vergri landsframleiðslu, sem hér myndi samsvara 10 milljörðum á ári hverju.

„Ef miðað er við Norðurlöndin, til dæmis Danmörku, væru um 14 milljarðar eyrnamerktir þessum lið,“ segir í ályktuninni.

Íslensk stjórnvöld hafi hins vegar varið sem svarar 0,1 prósenti af vergri landsframleiðslu í fjárfestingar í innviðum heilbrigðisþjónustunnar, sem er þá líklega nálægt tveimur milljörðum króna, og séu þar í næst neðsta sæti OECD-landanna. Það er ekki góður staður og óþægilega oft sem Ísland lendir orðið í slóðasæti þegar kemur að samanburði við önnur lönd.

Læknaráð og hjúkrunarráð Landspítalans segjast leggja traust sitt á að nefndarmenn í fjárlaganefnd og Alþingi allt hlutist til um að fjárveitingar komandi árs tryggi að hægt sé að reka spítalann í samræmi við þær kröfur og hlutverk sem honum er ætlað. Undir það má taka og sé eitthvað að marka yfirlýst markmið um hvernig staðið skuli að útgjöldum til heilbrigðismála hér má væntanlega ætla að kveða taki við nýjan tón hjá forystu fjárlaganefndar.

**Orðaval formanns nefndarinnar á fundinum er vissulega óheppilegt, en mætti svo sem með góðum vilja skrifa á klaufaskap og fljótfærni í framsetningu.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Óheppileg ummæli**

**Ummæli Þóru Tómasdóttur, verðandi ritstjóra á Fréttatímanum, um Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, hafa fallið í grýttan jarðveg víða. Þóra, sem virðist ekki ýkja hrifin af Ólafi Ragnari Grímssyni í embætti, kallaði hann „karl á sjötugsaldri“ í viðtali á Eyjunni á Stöð 2 á sunnudaginn. Blaðamaðurinn Trausti Hafliðason segir á fésbókarsíðu sinni að þetta sé hugsanlega það besta sem hafi komið fyrir Ólaf Ragnar. Nú sitji forsetinn bara heima, slakur að horfa á Wallander, á meðan ótrúlegasta fólk verji málstað hans með kjafti og klóm.**

**Öfug áhrif**

**Og sé það svo að Ólafur Ragnar ætli að gefa kost á sér í fjögur ár í viðbót, þá skyldu þeir, sem hafa eitthvað við áframhaldandi setu hans í embætti að athuga, vara sig á því hvað þeir segja um hann opinberlega. Menn skyldu minnast þess að þegar Ólafur Ragnar bauð sig fram til forseta árið 1996 voru birtar níðauglýsingar um hann í fjölmiðlum. Í þeim auglýsingum var meðal annars fundið að ummælum sem forsetinn lét falla um einræðisherrann Nicolae Ceaușescu eftir fund þeirra árið 1984. Auglýsingarnar virkuðu ekki sem skyldi fyrir þá sem að þeim stóðu. Þvert á móti er jafnan talið að þær hafi fremur fært forsetanum aukið fylgi óákveðinna kjósenda.** jonhakon@frettabladid.is

# Sterkari saman



Baldur V. Karlsson
verkefnastjóri á öryggis- og réttargeðþjónustu, Kleppi

Ég á vin sem heitir Eric O'Brien. Faðir hans er írskur, móðir hans er frönsk og er hann alinn upp í Dublin á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Alinn upp við reglulegar fréttir af dauðsföllum samlanda sinna og nágranna, hvort sem það voru Írar, Norður-Írar eða Englendingar. Ég kynntist Eric 1997 þegar ég var í spænskunámi í Málaga á suðurströnd Spánar. Okkur varð um leið vel til vina. Einn daginn vaknaði ég í bjarta sólskini og settist út á verönd. Þar sat Eric í skugga með tárin í augunum og ég spurði hann hvað amaði að. „There will be peace,“ sagði hann og hafði þá nýverið fengið símtal frá móður sinni sem tjáði honum að þennan dag, 19. júlí 1997, lýstu stríðandi fylkingar yfir vopnahléi og tæplega ári síðar, eða 10. apríl 1998, var skrifað undir friðarsamkomulag sem Sinn Fein staðfesti mánuði síðar, þann 10. maí.

Tárin sem runnu niður vanga vinar míns voru blönduð sorg og gleði. Við sem vorum í kringum hann þennan dag, öll af mismunandi þjóðernum, fundum líka fyrir því að það var eins og ósýnilegri byrði væri lyft af okkur. Við vorum ekki nema átján ára en ég held að hvert og eitt okkar hafi uppgötvað einn af grunnsannleikum lífsins: að við erum öll í þessu saman.

Nú átján árum síðar var ráðist á París, uppeldisborg móður Erics O'Brien, og hugur minn hefur skiljanlega verið hjá honum síðustu daga og hjá aðstandendum hinna föllnu. Ég vona að þessir atburðir verði ekki til þess að sundrung aukist, hin fordómafullu fái sterkari rödd og hin valdasjúku herði tökin. Það er því miður lítið, hrætt fólk þarna úti sem hugsar sér gott til glóðarinnar þegar atburðir sem þessir gerast. Hrægammar sem nýta sér ástandið og ala á ótta til að ná fram markmiðum sínum. Vopnaframleiðendur glotta. Aukin vopnavæðing lögreglunnar, til dæmis, gæti hæglega komið í kjölfarið á þessu ef við gætum okkar ekki.

Umburðarlyndi má ekki verða fórnarlamb öfgamanna. Ég vona að við höldum áfram að vera umburðarlynd gagnvart náunganum, gagnvart ólíkum trúarbrögðum, gagnvart þeim sem minna mega sín og gagnvart þeim sem neydd eru til þess að flýja stríðshrjáð lönd eins og Sýrland. Það má ekki gerast að við verðum óttanum að bráð.

**Ég vona að þessir atburðir verði ekki til þess að sundrung aukist, hin fordómafullu fái sterkari rödd og hin valdasjúku herði tökin.**

HOLLAR OG HEILLANDI




★★★★★
Full af frábærum uppskriftum!
Berglind Sigmars
- Heilsuréttir fjölskyldunnar og GOTT, veitingastaður
BÓKAFÉLAGIÐ
bokafelagid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ekki skerða enn frekar útvarpsgjaldið!



**Dominique Plédel Jónsson**
formaður Hollvina Ríkisútvarpsins

Setningar sem þessar hafa hljómað hvað eftir annað undanfarna daga í eyrum landsmanna: „Alþingismenn, hróflið ekki við hornsteinum íslenskrar menningar, tryggið Ríkisútvarpinu traustan fjárhagsgrundvöll“, „Mér þykir vænt um Ríkisútvarpið, ég skora á alþingismenn að skera ekki frekar niður útvarpsgjaldið“, „Stöndum vörð um Ríkisútvarpið, skerðum ekki útvarpsgjaldið“, „Alþingismenn, þjóðin reiðir sig á Ríkisútvarpið, skerðum ekki útvarpsgjaldið“.

Ótalmargar þekktar raddir úr íslensku samfélagi hafa látið í sér heyra með þessu móti til að tjá hug þjóðarinnar – og komust færri að en vildu; þær eru úr öllum geirum samfélagsins, af höfuðborgarsvæðinu og utan af landi, frá leikhúsum og háskólum, jafnt frá manni sem hefur verið kallaður óskabarn þjóðarinnar og hinum óþekkta almenna borgara. Allar þessar raddir eiga eitt sameiginlegt: þær koma frá hollvinum Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið er vinamargt og ríkt að þessu leyti og hér kemur glöggt fram að á örlagatímum standa allir vinir þess saman, þeir stíga fram og hrópa: „Hingað og ekki lengra, Ríkisútvarpið er okkar, það er okkar arfur og okkar framtíð. Hróflið ekki við því, þið sem sitjið við völd.“

### Vilji þjóðarinnar

Það kom fram í grein sem Svanhildur Óskarsdóttir skrifaði í Morgunblaðið 23. nóvember sl. að áætlanir um lækkun útvarpsgjalda þýða ekki mikinn sparnað fyrir skattgreiðendur: við mundum spara tæplega fjórar krónur á dag ef farið væri að tillögum í fjárlagafrumvarpinu um að lækka útvarpsgjöldin. En þessi „sparnaður“ mundi greiða Ríkisútvarpinu banahögg og það þyrfti þá að skera enn frekar niður í dagskrá og segja enn og aftur upp starfsfólki, nú dagskrárgerðarmönnum, því að ekki er lengur hægt að skera annars staðar niður – það var gert 2013. Á þessum fáu mánuðum sem ný framkvæmdastjórn hefur setið að störfum hefur náðst mikil hagræðing og kúvending til frambúðar í rekstri Ríkisútvarpsins – sem þarf samt sem áður að burðast með ósanngjarnar lífeyrissjóðsskuldir sem erfðust við ohf-væðinguna (eða sem mönnum „yfirsást“ við hana).

Alþingismenn eru kosnir fulltrúar okkar og verða að hlusta á vilja þjóðarinnar. Var einhver þeirra kosinn á þing með stefnuyfirlýsingu um að hann eða hún vildi selja RÚV eða svelta það til bana? Þeir sem standa fyrir þessari aðför að Ríkisútvarpinu nú ættu að hugleiða hvort þeir hefðu verið kosnir, hefði þessi stefna falist í kosningaloforðum ...




**Það er eðlileg krafa að stofnun eins og Ríkisútvarpið sé rekin í góðu jafnvægi eins og aðrar stofnanir sem hafa það hlutverk að stuðla að velferð almennra borgara og velmegun þeirra.**

### „Stundum er RÚV eini vinur minn – heilu dagana“

Þetta skrifar eldri kona af landsbyggðinni við færslu á Facebook þar sem hollvinir Ríkisútvarpsins voru hvattir til að láta í sér heyra. Fyrir mörgum er „landsbyggðin“ bara hugtak sem er nauðsynlegt að hampa við hátíðleg tækifæri því að þar býr enn fólk og þar leynast atkvæði, en fólkið þar, hinn almenni borgari, fær ekki oft orðið.

Hættum nú að líta á allt sem heitir menning og listir, allt sem ekki verður metið til fjár, sem það sé einskis virði. Það er eðlileg krafa að stofnun eins og Ríkisútvarpið sé rekin í góðu jafnvægi eins og aðrar stofnanir sem hafa það hlutverk að stuðla að velferð almennra borgara og velmegun þeirra. En seljum ekki vin okkar, menningararfinn og framtíð okkar, markaðsöflum sem hafa einungis efnislegt verðmæti og ábata að markmiði. Stöndum vörð um Ríkisútvarpið, skerðum ekki frekar útvarpsgjaldið!

# Það munar um eitt álver



**Guðrún Hafsteinsdóttir**
formaður Samtaka iðnaðarins

Ef eitt álver leggst skyndilega af á Íslandi er hætta á miklu efnahagslegu og samfélagslegu tjóni. Bæði eru álverin hornsteinn atvinnulífs í sínu byggðarlagi en einnig afar mikilvæg stoð útflutnings. Því skyldi ekki tala af léttúð um möguleikann á skyndilegu brotthvarfi eða lokun álvera.

Hundruð starfa, milljarðar í útflutning, afkoma heimila, annarra fyrirtækja og sveitarfélaga er í húfi. Það er til mikils að vinna að tryggja starfsumhverfi og samkeppnishæfni þessara mikilvægu fyrirtækja. Þetta eru líka ríkir hagsmunir þess fjölbreytta iðnaðar sem þrífst í kringum álverin og Samtök iðnaðarins standa vörð um.

Álverin á Íslandi hafa lagt mikið til efnahagslífsins. Árlega streyma til landsins um 200 milljarðar króna og eftir sitja um 80-100 milljarðar í íslensku efnahagslífi. Um 40 milljarðar fara í kaup fyrirtækjanna á raforku, um 25 milljarðar í kaup á vöru og þjónustu og 14 milljarðar í laun og opinber gjöld.

Í Hafnarfirði einum og sér nema fasteigna- og hafnargjöld álversins um hálfum milljarði króna á ári auk þess sem 400-500 manns vinna í tengslum við álverið. Í heild sinni má ætla að eitt álver skapi um 1.000 störf til viðbótar við þá sem starfa beint í álverunum. Yfir 100 fyrirtæki bara í Hafnarfirði þjónusta álverið og vandséð hvernig hægt væri að fylla það skarð sem lokun heils álvers skildi eftir sig. Það munar um eitt álver.

**Ef eitt álver leggst skyndilega af á Íslandi er hætta á miklu efnahagslegu og samfélagslegu tjóni.**




**VW Tiguan R-Line** er vel útbúinn með öllu því helsta sem gerir bíl að sportjeppa.
Taktu skrefið til fulls og fáðu þér Tiguan. Góða skemmtun!

**Staðalbúnaður í Tiguan R-Line 4Motion 2.0 TDI dísil, fjórhjóladrifnum og sjálfskiptum**

- R-Line ytra útlit og 18" álfelgur
- Litað gler
- Alcantara áklæði
- Webasto bílahitari með fjarstýringu
- Hraðastillir
- Bluetooth fyrir farsíma og tónlist
- Climatronic - 3ja svæða loftkæling
- Bílastæðaaðstoð
- Aðfellanlegt dráttarbeisli
- Bakkmyndavél
- Leiðsögukerfi fyrir Ísland
- Panorama sólþak

Das Auto.

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## Mjög ólík tímabil hjá Gylfa Sigurðssyni og Swansea



GRAFÍK/GARÐAR

# Vonandi ekki svanasöngur

**Swansea City er sjö sætum neðar í töflunni í ensku úrvalsdeildinni heldur en á sama tíma í fyrra. Gylfi Þór Sigurðsson hefur átt þátt í mun færri mörkum í ár en í fyrstu fjórum mánuðunum á síðasta tímabili.**

**FÓTBOLTI** Svekkjandi tap á móti Liverpool um helgina þýðir að uppskeran úr síðustu fjórum leikjum hjá Swansea City er aðeins eitt stig. Gylfi Þór Sigurðsson og félagar eru því á leiðinni í harða fallbaráttu í ensku úrvalsdeildinni ef svo heldur fram sem horfir.

Svanirnir frá Wales unnu 2-1 sigur á Manchester United í lok ágúst og voru þá með átta stig í fjórða sæti deildarinnar. Síðan þá hefur liðið aðeins unnið einu sinni í síðustu tíu deildarleikjum sínum og er það aðeins fjórum stigum frá fallsæti.

### Gylfi raðaði inn stoðsendingum

Staðan var allt önnur fyrir ári þegar Swansea sat í sjöunda sæti deildarinnar og Gylfi Þór Sigurðsson var í toppbaráttu við Chelsea-manninn Cesc Fabregas á stoðsendingalistanum.

Það eru bara tvö lið sem hafa „hrunið“ meira í töflunni frá því á sama tíma í fyrra, Englandsmeistarar Chelsea og Newcastle United. Swansea og Southampton eru bæði sjö sætum neðar en þeir voru 1. desember í fyrra.

Munur á gengi liðsins kristallast í tölfræði Gylfa sem var búinn að leggja upp átta mörk á þessum tíma í fyrra en hefur aðeins gefið eina stoðsendingu í fyrstu þrettán leikjum liðsins í ár.

Eina stoðsending Gylfa kom á móti Manchester United í síðasta leik fyrir sögulegt landsleikjahlé þar sem hann hjálpaði íslenska karlalandsliðinu að komast inn á sitt fyrsta stórmót.

Gylfi kom að marki á 110 mínútna fresti á fyrstu sextán vikum tímabilsins í fyrra en hefur aðeins komið að marki á 350 mínútna fresti á þessari leiktíð.

### Jafnmörg spjöld og mörk

Það að Gylfi sé með jafnmörg gul spjöld (3) og sköpuð mörk (3) á þessu tímabili er tölfræði sem knattspyrnuáhugafólk á Íslandi hefur ekki séð mikið af á síðustu árum.

Auðvitað hefur þetta mikil áhrif á markaskor Swansea-liðsins enda kom Gylfi að 10 af fyrstu 17 mörkum Swansea á síðasta tímabili eða 59 prósent markanna.

Garry Monk, knattspyrnustjóri Swansea, hrósaði sínum mönnum eftir Liverpool-leikinn og talaði um ósanngjörn úrslit eftir leikinn. Það má deila um hversu vel liðið spilaði en niðurstaðan var á svipuðum nótum og í leikjunum á undan.

Gylfi, sem byrjaði á bekknum í leiknum á undan, kláraði nú allar 90 mínúturnar en tókst ekki frekar en félögum hans að búa til mark.

Gylfi hefur nú ekki lagt upp mark í tíu leikjum í röð og mörkin tvö sem hann hefur skorað á þeim tíma hafa komið úr vítaspyrnu og beint úr aukaspyrnu.

### Skoraði í eina sigurleiknum

Markið sem hann skoraði á móti Aston Villa var glæsilegt og kom í eina sigurleik liðsins í september, október og nóvembermánuði.

Það reynir heldur betur á Gylfa Þór og félaga í næstu tveimur leikjum sem eru á móti tveimur efstu liðum deildarinnar, Leicester City og Manchester City. Næsti leikur á móti liði sem er núna neðar í töflunni er ekki fyrr en á nýju ári (Sunderland, 12. janúar).

Monk hefur ekki áhyggjur af fallbaráttu en óbreytt ástand þýðir bara vandræði og mögulegan svanasöng í deildinni. ooj@frettabladid.is

### Á upp- eða niðurleið

Hér fyrir neðan má sjá samanburð á stöðu liðanna sautján sem hafa spilað í ensku úrvalsdeildinni undanfarin tvö tímabil. Þetta er mismunur á sæti liðsins í ár miðað við á sama tíma í fyrra. Það kemur ekki á óvart að hrunið sé mest hjá Chelsea en Swansea-liðið er einnig mjög neðarlega.

| | |
|---|---|
| Leicester City | +18 |
| Crystal Palace | +7 |
| Liverpool FC | +5 |
| Arsenal FC | +2 |
| Tottenham Hotspur | +2 |
| West Bromwich Albion | +2 |
| Everton FC | +1 |
| Manchester City | +1 |
| Manchester United | +1 |
| Stoke City | Sama sæti |
| West Ham United | -3 |
| Aston Villa | -4 |
| Sunderland AFC | -4 |
| Southampton FC | -7 |
| Swansea City | -7 |
| Newcastle United | -10 |
| Chelsea FC | -13 |

## Nýjast

**Enski deildabikarinn**

| | |
|---|---|
| M'brough | 0–2 Everton |
| Stoke | 2–0 Sheff. Wed. |
| Man. City | 4–1 Hull City |

Everton, Stoke og Manchester City eru öll komin áfram í undanúrslit keppninnar. Fjórðungsúrslitunum lýkur í kvöld með viðureign Southampton og Liverpool.

**JÓN GUÐNI TIL SÆNSKU MEISTARANNA** Varnarmaðurinn Jón Guðni Fjóluson skrifaði í gær undir þriggja ára samning við Svíþjóðarmeistara IFK Norrköping en hann kemur frá GIF Sundsvall, þar sem hann hefur verið undanfarin þrjú ár. Jón Guðni er 26 ára og fyrrverandi leikmaður Fram en hann hóf atvinnumannsferil sinn með Germinal Beerschot í Belgíu árið 2012. „Það voru fleiri möguleikar í stöðunni en það var farsælast fyrir fjölskylduna að halda okkur innan Svíþjóðar, ekki síst þar sem við eigum von á barni í lok janúar,“ sagði Jón Guðni við Fréttablaðið í gær. „Mér fannst tími til kominn að taka næsta skref á mínum ferli – komast í stærra og betra lið sem vill berjast um titla,“ bætti hann við en Jón Guðni stefnir eins og svo margir aðrir að því að vinna sér sæti í íslenska landsliðinu fyrir EM næsta sumar.

**HVAÐ GERIR EYGLÓ Í ÍSRAEL?** Evrópumeistaramótið í sundi í 25 m laug hefst í Ísrael í dag en Ísland á þrjá keppendur á mótinu. Eygló Ósk Gústafsdóttir hefur fyrst keppni í 100 m baksundi en hún bætti Íslandsmet sitt í greininni á Íslandsmeistaramótinu í síðasta mánuði er hún synti á 58,40 sekúndum.



Er það tíundi besti tími Evrópubúa á árinu. Eygló keppir í alls fjórum greinum á mótinu en auk hennar eru á meðal keppenda Aron Örn Stefánsson skriðsundskappi og Inga Elín Cryer sem keppir í bæði skriðsundi og flugsundi. Hrafnhildur Lúthersdóttir og Anton Sveinn McKee eru ekki í keppnisliði Íslands að þessu sinni þar sem þau eru við æfingar í Bandaríkjunum.

**SIF ÁFRAM Í KRISTIANSTAD** Sif Atladóttir hefur framlengt samning sinn við sænska félagsliðið Kristianstads DFF og leikur því með liðinu á næsta tímabili sem verður hennar sjötta í röð í Svíþjóð. Þjálfari liðsins er Elísabet Gunnarsdóttir sem hefur þegar misst Margréti Láru Viðarsdóttur til Vals á Íslandi en hún segist í samtali við Kristanstadsbladet í Svíþjóð vonast til að halda Elísu, systur Margrétar Láru, sem er nú að skoða tilboð frá bæði liðum á Íslandi sem og víðar. Kristianstad hafnaði í sjöunda sæti sænsku úrvalsdeildarinnar en tímabilinu lauk í haust.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.10 | Stjarnan - Grindavík | Sport 3 |
| 19.40 | S'ton - Liverpool | Sport & 2 |

**Domino's-deild kvenna**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Stjarnan - Grindavík | Ásg. |
| 19.15 | Hamar - Valur | Hveragerði |
| 19.15 | Haukar - Keflavík | Ásvellir |





# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 2. desember 2015 | 47. tölublað | 9. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




# Breytt tekjulíkan í tónlistariðnaði

**3** nýjar tónlistarhátíðir síðan 2013

**1400** tónleikar íslenskra tónlistarmanna í útlöndum árið 2013

**2-4** ár er tíminn sem tekur íslenskar hljómsveitir að komast upp fyrir núllið á tónleikaferðalögum

**1,62** milljarðar heildarneysla erlendra ferðamanna á Iceland Airwaves árið 2014 samkvæmt könnun útón

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ




**»2**
**Segir bjart framundan**
Guðmundur Jörundsson hjá JÖR segir vöxt framundan þrátt fyrir tap í fyrra.

**»4**
**Milljónir hverfa af vinnumarkaði í Kína**
Dýrara verður að senda vörur í framleiðslu til Kína á næstu árum.

**»8**
**Svipmynd: Kolbeinn Marteinsson**
Kolbeinn Marteinsson fer frá Háskóla Íslands til Athygli.

**»10**
**Bjartara framundan hjá Tyrkjum**
Lars Christensen skrifar um efnahagsmál í Tyrklandi og Rússlandi.

**»12**
**Smári í nýju starfi**
Stjórnarmaðurinn skrifar um Gunnar Smára og fjölmiðla.




## SKJÓÐAN

# Fákeppni er rauður þráður í viðskipta- og atvinnulífi

**SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ** hefur sýnt fram á að fákeppni á eldsneytismarkaði kostar íslenska neytendur 4-4,5 milljarða á ári hverju. Íslenski eldsneytismarkaðurinn er kennslubókardæmi um fákeppnismarkað, en eitt einkenni fákeppni er að fyrirtæki velta kostnaði yfir á viðskiptavini þar sem engin þörf er á að halda honum í lágmarki til að standast samkeppni.

**ELDSNEYTISMARKAÐURINN** er ekki eini fákeppnismarkaðurinn hér á landi. Bankamarkaðurinn er fákeppnismarkaður. Enda snýst markaðsstarf banka helst um ímyndarauglýsingar fremur en að keppt sé um að bjóða viðskiptavinum hagstæðust kjör hverju sinni.

**SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ** hefur hingað til látið sig fákeppni á bankamarkaði litlu varða. Nýfundinn áhugi á eldsneytismarkaði er vonandi vísbending um að nú verði skorin upp herör gegn fákeppni hvar sem hana er að finna enda fátt sem skaðar neytendur og hagkerfið í heild sinni meira en fákeppni með því beina og óbeina samráði milli aðila á markaði sem er órjúfanlegur hluti hennar.

**VIRK SAMKEPPNI** er lykill að hagsæld samfélaga. Velmegun er takmörkuð auðlind, sem verður ekki dreift til fjöldans nema með því að löggjafinn og eftirlitsaðilar tryggi virka samkeppni og grípi til markvissra ráðstafana gegn fákeppni og samráði sterkra aðila á markaði.

**ÍSLENSKUR** sjávarútvegur er dæmi um atvinnugrein sem býr við samþjöppun og samkeppnisskekkju sem bitnar ekki aðeins á neytendum heldur skerðir útflutningstekjur þjóðarinnar.

**ÍSLENSKUR** sjávarútvegur skiptist í þrennt. Klassískar íslenskar útgerðir einbeita sér að veiðum á bolfiski og selja gjarnan á markaði. Fiskframleiðendur kaupa sinn fisk á fiskmarkaði. Svo er það stórútgerðin, sem gín yfir öllu. Stórútgerðin á þorra kvótans bæði í bolfiski og uppsjávarstofnum.

**STÓRÚTGERÐIN** veiðir aflann og flytur hann til eigin vinnslu á sérstöku verði sem er að jafnaði langt undir markaðsverði. Útgerðin situr sjálf við borðið þar sem afsláttarverðið er ákvarðað. Síðan keppir stórútgerðin á erlendum mörkuðum við íslenska fiskframleiðendur, sem kaupa sitt hráefni á markaði og búa þar af leiðandi við mun hærra hráefnisverð.

**STÓRÚTGERÐIN** selur lítið inn á innlenda fiskmarkaði sem leiðir til þess að þeir eru skortmarkaðir þar sem seljendur ráða verðinu. Fiskkaupmenn, sem þjóna íslenskum neytendum, kaupa sinn fisk að mestu á fiskmarkaði og því leiðir fákeppnin í sjávarútvegi til hærra verðs til íslenskra neytenda en nauðsynlegt er.

**ÞINGMENN** hafa lýst áhyggjum sínum af fákeppni á eldsneytismarkaði en hvenær skal taka á fákeppninni á bankamarkaði, sem hagnast á hverju ári um meira en heildarveltu olíufélaganna? Hvenær kemur að því að þingmenn taki upp hanskann fyrir íslenska neytendur og leggi sitt af mörkun til hámörkunar þjóðartekna með því að útrýma samkeppnismismunun í sjávarútvegi?

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Andri Marinó Karlsson**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is




Ellefu dægurlög er fyrsta sólóplata **Grétars Örvarssonar** og hefur fengið frábærar viðtökur. Hér flytur hann ásamt landsþekktum tónlistarmönnum og söngkonum þekkt dægurlög í nýjum og skemmtilegum útsetningum.
Grétar sýnir hér á sér nýja hlið sem söngvari og útkoman er sérlega vönduð og ljúf geislaplata sem unnendur fallegra dægurlaga ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

Sölustaðir : **Nettó, Samkaup, Hagkaup, Penninn-Eymundsson**

Einnig er hægt að panta diskinn áritaðan með því að senda email á **baxehf@gmail.com**




Guðmundur Jörundsson segir að félagið hafi verið í fjármögnun 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Bjartsýnn á framtíðina eftir 43 milljóna tap

**Tap JÖR jókst milli ára. Framkvæmdastjóri félagsins segist eiga von á arðbærum rekstri árið 2016. Hann segir mikinn vöxt vera framundan hjá fyrirtækinu.**

Tap var af rekstri hönnunarfyrirtækisins JÖR á árinu 2014 að fjárhæð 43,2 milljónir króna. Tap jókst milli ára, en árið 2013 nam það 15 milljónum króna.

Eignir námu 54,5 milljónum króna í lok árs og hækkuðu um tæpar þrjár milljónir milli ára. Skuldir námu 82,4 milljónum króna og hækkuðu milli ára. Í árslok var eigið fé félagsins neikvætt um 27,9 milljónir króna. Árið 2013 var það hins vegar neikvætt um 13,8 milljónir króna.

Hlutafé félagsins var 1,3 milljónir króna í árslok 2014. Í ársbyrjun voru tveir hluthafar en í árslok voru þeir þrír. Ekki var greiddur út arður til hluthafa á árinu 2015 vegna ársins 2014.

Guðmundur Jörundsson, framkvæmdastjóri JÖR, segir að lagt hafi verið upp með að þetta yrði svona. „Félagið óx frekar hratt og við vorum í fjármögnun árið 2014, sem við kláruðum í lok árs.“ Hann segir að árið 2015 verði rekstrarniðurstaðan mjög breytt. „Við búumst við mun minna tapi en árið 2014. Árið í ár hefur farið í það að rétta okkur svolítið af og greiða niður skuldir og koma öllum ferlum betur af stað. Við erum að horfa til þess að árið 2016 verði félagið svo arðbært,“ segir Guðmundur.

> **Við búumst við mun minna tapi en árið 2014. Árið í ár hefur farið í það að rétta okkur svolítið af og greiða niður skuldir og koma öllum ferlum betur af stað. Við erum að horfa til þess að árið 2016 verði félagið svo arðbært**
>
> Guðmundur Jörundsson framkv. stj.

„Við erum að rétta þetta allt af, það er fókusinn í ár. Við erum að plana vöxt, bæði á netinu og erlendis. Það eru mjög stór plön með merkið, það voru taktískir fjárfestar fengnir til að fjárfesta í félaginu og það er til að komast inn á erlenda markaði. Þegar félag er stofnað er alltaf lagt upp með það að fara út. Í svona rekstri er yfirbyggingin svo stór alveg frá byrjun, en svo stækkar hún ekki rosalega mikið. Þegar þú ert með hönnunarteymi kostar jafn mikið að hanna fyrir eina búð og þrjú hundruð,“ segir Guðmundur.

JÖR var stofnað á árinu 2012, en rekstur hófst ekki fyrr en verslunin var opnuð í apríl 2013. Guðmundur segir að verið sé skoða það að fjölga verslunum hér á landi.

**saeunn@frettabladid.is**

## Vikan sem leið

**12,2 milljarða króna aflaverðmæti**

Aflaverðmæti íslenskra skipa í ágúst nam tæpum 12,2 milljörðum króna samkvæmt tölum Hagstofunnar. Þetta er um 3% aukning samanborið við sama mánuð í fyrra. Aflaverðmæti botnfisks jókst um 27,3%, en verðmæti uppsjávarafla dróst saman um 24,1%.

**10,7 prósenta atvinnuleysi á evrusvæðinu**

Atvinnuleysi í október mældist 10,7 prósent á evrusvæðinu og hefur ekki verið lægra í þrjú ár. Atvinnuleysi var örlítið undir því sem búist var við, en gert var ráð fyrir 10,8 prósentum. Atvinnulausum fækkaði um 13 þúsund á svæðinu og nam fjöldi atvinnulausra 17,24 milljónum í október.

**48,8 milljarða króna velta í Kauphöllinni**

Mesta velta ársins var í Kauphöllinni í gær, en hún nam 48,8 milljörðum króna. Velta með skuldabréf var sú mesta á árinu og nam 48,2 milljörðum króna. Velta með hlutabréf nam 660 milljónum króna. Veltumet frá því í byrjun nóvember var slegið.

## Á döfinni

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 2. desember**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum.

**Föstudagur 3. desember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Gistinætur og gestakomur á hótelum í október.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vöruskipti við útlönd í nóvember 2015.
**LÁNAMÁL RÍKISINS** - Útboð ríkisbréfa.

**Mánudagur 7. desember**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Íslyklar og innskráningarþjónusta Ísland.is.

**Þriðjudagur 8. desember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Landsframleiðsla á þriðja ársfjórðungi 2015.
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðahúsnæði eftir landshlutum.

**Miðvikudagur 9. desember**
**SEÐLABANKI ÍSLANDS** - Vaxtaákvörðunardagur.
**LÁNAMÁL RÍKISINS** - Mánaðarlega markaðsupplýsingar í desember.

**Fimmtudagur 10. desember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Efnahagslegar skammtímatölur í desember.

visir **Allar markaðsupplýsingar**

ENNEMM / SÍA / NM70779

Þjónusta við fyrirtæki




Við tökum ákvörðun:
**Að veita bestu bankaþjónustu á Íslandi** svo þú eigir auðveldara með að taka þínar ákvarðanir

Réttar ákvarðanir eru lykillinn að góðum árangri fyrirtækja. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í þær ákvarðanir sem þú stendur frammi fyrir í rekstrinum og þótt við þekkjum viðfangsefnin ekki jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratuga reynslu af þjónustu við íslensk fyrirtæki og hjá bankanum starfar stór hópur fólks sem þekkir fjölbreyttan atvinnurekstur af eigin raun. Þannig getum við veitt íslensku atvinnulífi bankaþjónustu sem styður reksturinn.

Þekking sprettur af áhuga.

Ingunn Bernótusdóttir er viðskiptastjóri í verslunar- og þjónustuteymi Íslandsbanka

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2014 · ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2015 · EUROMONEY 2013 · EUROMONEY Awards for excellence 2014 · EUROMONEY AWARDS FOR EXCELLENCE 2015 · The Banker Bank of the Year 2014 ICELAND

Íslandsbanki

# Býst við að dýrara verði að framleiða vöru

**Kínverska þjóðin er að eldast og á næstu árum munu milljónir manna hverfa af vinnumarkaðnum. Á sama tíma aukast tekjur Kínverja. Framleiðendur verða því að leita annað eftir ódýru vinnuafli eða treysta á tækni.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

Vestrænar þjóðir hafa árum saman sent hrávörur til Kína til þess að fullvinna þær. Ástæðan er sú að þar hefur verið nóg framboð á ódýru vinnuafli. En Gorjan Nikolik, sérfræðingur í greiningu hjá hollenska Rabobank bankanum, telur að innan fárra ára muni það ekki borga sig.

Nikolik segir að ástæðan sé tvíþætt. Annars vegar er kínverska þjóðin að eldast, sem þýðir að Kínverjum á vinnumarkaði fækkar. Hins vegar eru tekjur Kínverja einfaldlega að hækka. Nikolik hélt erindi á ráðstefnu Marels, Whitefish Showhow, í Kaupmannahöfn í liðinni viku. Ráðstefnuna sóttu 200 gestir frá 80 fyrirtækjum í 17 löndum í heiminum auk fjölda starfsmanna Marels. Blaðamaður



Á sýningu Marels í Kaupmannahöfn á framleiðslutækjum í hvítfiskiðnaði voru um 200 gestir víðsvegar að úr heiminum auk tuga starfsmanna Marels. MYND/SVEINBJÖRN ÚLFARSSON



# ur í Kína framtíðinni



**Heimurinn er enn þá að stækka og við munum þurfa að framleiða sjávarafurðir. Við erum með færra starfsfólk en eftirspurnin er að aukast og hver mun hagnast á því? Verður það annað land þar sem nóg er af ódýru vinnuafli, eins og Indland eða Indónesía? Yngsta vinnuaflið í heiminum í dag er reyndar í Afríku**

Gorjan Nikolik, sérfræðingur hjá Rabobank



Markaðarins sótti ráðstefnuna á kostnað Marels.

Nikolik segir að starfandi Kínverjum hafi hingað til fjölgað um 45-85 milljónir á hverju fimm ára tímabili. Á árunum 1995 til 2010 hafi vinnandi mönnum í Kína fjölgað um það sem samsvarar heildarvinnuaflinu í Bandaríkjunum og fjórfalt á við heildarvinnuafl í Þýskalandi. Og Kínverjar hafi meðal annars verið mikilvægir fiskverkendur.

En Nikolik segir að það séu blikur á lofti. Kínverska þjóðin sé að eldast með auknum lífslíkum. Þá fækki fólki vegna þeirrar reglu sem Kínverjar tóku upp fyrir tæpum fjórum áratugum, en afnámu reyndar fyrir fáeinum vikum, að pör megi bara eignast eitt barn. Næstu ár muni tvær til fjórar milljónir manna hverfa af vinnumarkaðnum í Kína árlega. Í kringum 2030, eða 2035, muni í kringum 10 milljónir Kínverja hverfa af vinnumarkaðnum á ári. „Á sama tíma eru svo tekjur að aukast í Kína og það tvöfaldar vandann sem við er að etja,“ segir hann.

Nikolik segir að það sé því athyglisvert að velta fyrir sér hverjum þessi þróun verði til góðs. „Heimurinn er enn þá að stækka og við munum þurfa að framleiða sjávarafurðir. Við erum með færra starfsfólk en eftirspurnin er að aukast og hver mun hagnast á því? Verður það annað land þar sem nóg er af ódýru vinnuafli, eins og Indland eða Indónesía? Yngsta vinnuaflið í heiminum í dag er reyndar í Afríku,“ segir Nikolik. Hugsanlega sé framtíð í því að framleiða vörur þar. Afríkumenn geti þó aldrei leyst Kínverja af hólmi að öllu leyti. Þess vegna sé líklega tækifæri, á grundvelli aukinnar tækni, að auka vinnslu í Evrópu, Bandaríkjunum, Skandinavíu og jafnvel í fiskiskipunum sjálfum.



## Fiskverkafólk leyst af hólmi

Eitt þeirra tækja sem þar voru til sýnis er Flexicut-vélin sem Marel þróaði og var fyrst sýnd á sjávarútvegssýningunni í Brussel 2014.

„Vélin sker beingarð úr fiskiflaki og hlutar flakið niður samkvæmt forskrift á hraða sem hæfir fiskvinnslunum í dag og er jafn góð og það sem gerist á flæðilínunni,“ útskýrir Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Marel.

„Það er ótrúlega stórt skref að vera farin að nýta nýja tækni til þess að vinna verk sem við höfum verið að vinna í höndunum frá upphafi,“ segir Guðbjörg Heiða og bætir við að allt að 18 manneskjur þurfi til að manna flæðilínu til að verka fiskinn. Það geti tekið marga mánuði að þjálfa þá starfsmenn til að ná ásættanlegri nýtingu.

Guðbjörg segir að afköstin í gegnum flæðilínuna geti tvöfaldast með notkun Flexicut, eða orðið til þess að fækka fólki í vinnslunni sem því nemur. Flæðilínustarfsmenn þurfi þó enn að forsnyrta flakið og fjarlægja galla ef einhverjir eru.





Sigtryggur Baldursson segir að þeir sem séu að gera tónlist af einhverri alvöru hafi æ minna val en áður um að þurfa að fara úr landi mín sína músík og finna stærri áheyrendahóp. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tónlistarmenn eins og sprotafyrirtæki

**Sigtryggur Baldursson segir hljómsveitaflóruna aldrei hafa verið eins fjölbreytta hér á landi. Með breyttu tekjumódeli tónlistarmanna mætti líta á tónlistarmenn meira eins og sprotafyrirtæki. Margir fjárfestar myndu ef til vill vilja eiga í fyrirtækinu Ásgeiri Trausta.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Mikil gróska hefur verið í íslensku tónlistarlífi undanfarin ár. Iceland Airwaves er ekki lengur eina stóra tónlistarhátíðin, þrjár nýjar hátíðir hafa bæst við á jafn mörgum árum, ATP, Sónar og Secret Solstice, sem skila milljörðum í tekjur af erlendum ferðamönnum. Fjöldi tónleika erlendis með íslenskum hljómsveitum tvöfaldaðist milli áranna 2012 og 2013 og voru þeir yfir 1.400 síðara árið. Fjöldi tónleika erlendis verða framvegis fleiri en þúsund á ári að mati Sigtryggs Baldurssonar, framkvæmdastjóra Útóns, útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar. Hann segir smæðina á Íslandi ala af sér ungt fólk sem finnst það alveg eiga heima á alþjóða tónlistarmarkaði. Þeir sem séu að gera tónlist af einhverri alvöru séu einnig meira knúnir en áður til að fara með tónlist sína úr landi og finna stærri áheyrendahóp.

Útón er kynningar- og upplýsingabatterí fyrir íslenska tónlist. „Við reynum að sinna kynningu á íslenskri samtíma-, klassískri og djasstónlist. En við erum mest að kynna pop- og indie-músík af því að það er langmesta eftirspurnin eftir því,“ segir Sigtryggur sem hefur verið framkvæmdastjóri Útóns frá árinu 2012.

Sigtryggur segist hafa fundið fyrir mikilli grósku í tónlist frá því að hann tók við starfinu. „Það hafa bæst við þrjár tónlistarhátíðir á þremur árum og allar þessar hátíðir hafa verið vaxandi í sölu og umfangi.“ Sigtryggur segir tekjumódel hátíðanna vera mismunandi, enda hafi þær allar mismunandi fókus. Iceland Airwaves er til dæmis með meiri fókus á íslenska tónlist en hinar. „Á síðasta Airwaves voru um 180 íslenskar hljómsveitir og 70 erlendar, því var meira en tveir þriðju íslensk músík og fer hlutfallið vaxandi.

Ég held við séum með fleiri og fjölbreyttari flóru en áður hefur verið af hljómsveitum. Við erum með mjög sterkt vörumerki sem er Icelandic Music, það fer batnandi og það er yfirleitt gott og styrkir hljómsveitir að tengjast þessu vörumerki,“ segir Sigtryggur.

### Tæki til útflutnings batnað

Sigtryggur telur að útrás íslenskra hljómsveita megi meðal annars rekja til þess að tæki og tól til útflutnings hafi batnað til muna undanfarin árin. Hann segir það hafa breytt tekjumódelinu með því að víkka út tíðnisviðið. „Tekjumódel síðustu ára hafa verið að breytast mjög mikið og smæð íslenska markaðarins hefur í rauninni valdið því að þeir sem eru að gera tónlist af einhverri alvöru hafa æ minna val en áður um það að þeir bókstaflega þurfa að fara úr landi með sína músík, þeir þurfa að finna stærri áheyrendahóp,“ segir Sigtryggur og bætir við að þetta sé meira áberandi á Íslandi en í öðrum minni ríkjum, eins og Noregi.

Sigtryggur segir að þessi mikli listræni vöxtur sem hafi átt sér stað og það að við séum með mjög jákvætt vörumerki gagnvart aðilum erlendis þýði það að íslenskar hljómsveitir hafi greiðan aðgang inn á tónlistarhátíðir, og jafnvel inn á bókunarskrifstofur og útgáfufélög.

> **Það er annálað í bransanum hvað íslenskar hljómasveitir eru mikið spútnik og duglegar að koma sér áfram...Það er ákveðinn drifkraftur í fólki héðan sem kemur til að sumu leyti vegna þess hvað við erum fámenn þjóð.**

„Við erum með mjög pósitíft vörumerki gagnvart aðilum erlendis. Það eru margir sem líta til íslenskrar tónlistar með mjög pósitífu hugarfari. Þetta þykir frekar kreatíf og áhugaverð tónlist sem kemur úr þessu krummaskuði hérna. Þetta er það sem við erum að vinna með hér, að búa til þessa tengslamyndun inn í útgáfufélög og tónlistarhátíðir og þessar viðskiptahliðar bransans,“ segir Sigtryggur. Hann telur að viðhorfið gagnvart íslenskum hljómsveitum hafi orðið jákvæðara með árunum, enda sé það bara keðjuverkun.

### Sprotafyrirtækið Ásgeir Trausti

Minnkandi diskasala hefur haft áhrif á geirann. „Það þýðir minnkandi fjárfestingu í geiranum, það hefur þau áhrif að færri hljómsveitir ná að skapa sér nafn sem vörumerki,“ segir Sigtryggur. Hann telur að með breyttu tekjumódeli tónlistarmanna þurfi að skoða hlutina frá öðrum sjónarhóli.

„Ég byrjaði fyrir nokkrum árum að skoða það út frá þeim sjónarhóli að tónlistarmenn séu eins og sprotafyrirtæki. Það hefur enginn skoðað tónlistarbransann áður með þessum formerkjum. Það þarf bara að stoppa, staldra við og hugsa aðeins út fyrir boxið,“ segir Sigtryggur. „Vissulega eru margir fjárfestar sem myndu gjarnan vilja eiga í fyrirtækinu Ásgeiri Trausta, þó ég sé ekki viss um að hann vilji það kannski sjálfur. Oft virka fjárfestar eins og lánastofnun, stundum hafa þeir áhuga á þolinmóðari fjárfestingu, það eru alls konar möguleikar. En samtalið er mikilvægt og það eykur möguleikana í okkar bransa. Tekjumódel tónlistarinnar hefur breyst svo mikið á síðustu árum. Með minnkandi diskasölu fer fólk að leita annað.“

Sigtryggur bendir á að með aukinni framleiðslu á sjónvarpsefni, bæði þáttum og heimildarmyndum og öðru, sé aukin þörf fyrir tónlist í sjónvarpið. „Stefgjöld og tónlist í sjónvarpsefni eru því orðin stærri hluti af tekjumódelinu en áður. Einnig hefur orðið mikil aukning í tónlistarhátíðum á heimsvísu, sem borga ágætlega.“

### Drifkraftur í skjóli fámennis

Sigtryggur telur að stuðningskerfið í kringum íslenskar hljómsveitir sem hyggjast leggja land undir fót sé betra en það var áður. Útflutningssjóður íslenskrar tónlistar mætti þó vissulega vera stærri. „En þessi sjóður virkar á mjög skilvirkan hátt þannig að hann er aðallega að veita ferðastyrki til tónlistarmanna sem eru að fara út að spila. Þannig að þeir geti yfirleitt reynt að nýta tekjurnar sem myndast á túrnum til að borga kostnaðinn við ferðalögin og vonandi einhver laun.“

Sigtryggur telur almennt að hljómsveitirnar séu duglegar að koma sér á framfæri. „Það er annálað í bransanum hvað íslenskar hljómsveitir eru mikið spútnik og duglegar að koma sér áfram. Þetta fólk er að gera hlutina að mjög miklu leyti sjálft. Það er ákveðinn drifkraftur í fólki héðan sem kemur til að sumu leyti vegna þess hvað við erum fámenn þjóð. Það eru hlutir sem gerast hér í skjóli fámennis sem ég kalla ákveðinn „pósitífan ignorance“. Ungu fólki sem er að byrja að gera tónlist finnst það alveg eiga heima á alþjóðamarkaði. Ef það þekkir sjálft engan sem hefur farið að túra alþjóðlega, þá hlýtur einhver í hljómsveitinni þeirra að gera það. Tengslanetið er svo lítið og áhrifin sem það hefur er að ungu fólki finnst það geta gert þetta. Hugurinn ber þig hálfa leið. Það að þú ætlir að gera það og finnist þú eiga heima þar og eiga erindi þá ertu kominn verulega á leið og það er rosa gott forskot. Svo eru íslenskar hljómsveitir að styðja hver við aðra, það er hluti af þessu tónlistarsamfélagi sem við búum hérna við.“

Sigtryggur telur að tónlistarlífið á Íslandi hafi mikil áhrif á ferðamannastrauminn og að fólk sé orðið mun upplýstara um það. „Þessi nýja bylgja ferðamanna síðustu fimm ár er mjög frábrugðin ferðamönnunum sem komu áður. Þetta er fjölbreyttari og yngri hópur af fólki og mjög margir hafa kynnst Íslandi í gegnum tónlist. Við vitum það að tónlistin hefur mjög mikil áhrif á upplifun fólks og kynningu á landinu.“

Hann telur að stafræn dreifing á tónlist hafi að hluta til valdið þessu. „Þegar tónlistin er í stafrænni dreifingu þá eru miklu meiri tengsl við uppruna hennar. Þetta styrkir okkur. Nýjar dreifingarleiðir í tónlist sem hafa miklu meiri landfræðilegan grunn eru hluti af velgengni vörumerkisins Icelandic Music.

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




**Jólin í Japan**
**Hefð er fyrir því að skreyta fyrir jólin í mörgum borgum Japans þó að Japanir haldi ekki jól. Þá fara margir Japanir að borða á KFC á aðfangadag. Arnar Þór Jensson hefur búið í Japan í tólf ár og blandar saman íslenskum og innlendum hefðum um jólin.**
**SÍÐA 2**






# FRUNSUPLÁSTUR SEM GRÆÐIR OG HYLUR

**VISTOR KYNNIR** *Compeed® frunsuplástur er háþróaður gegnsær plástur sem byggir á svonefndri „hydrocolloid-“ eða vatnskvoðutækni. Innra lag plástursins er byggt upp af kvoðukenndu efni (hydrocolloid efni) sem inniheldur litlar rakadrægar agnir. Plásturinn verndar, græðir og hylur sárið.*

Þessar agnir draga í sig raka úr sárinu og breytast við það í gel sem hylur og verndar sárið og styrkir eigið viðgerðarferli húðarinnar. Þetta kemur jafnframt í veg fyrir hrúðurmyndun í sárinu. Ytra byrði plástursins er úr hálfgegndræpu efni sem kemur í veg fyrir að vatn, óhreinindi og bakteríur komist að sárinu en „andar“ og viðheldur rakajafnvægi,“ segir Jódís Brynjarsdóttir, markaðstengill hjá Vistor.



**GÓÐ VARA**
Jódís Brynjarsdóttir, markaðstengill hjá Vistor, segir að frunsuplásturinn sé mjög áhrifaríkur.

Compeed er fyrsti frunsuplásturinn sem klínísk gögn styðja að verki gegn öllum vandamálum sem fylgja frunsum. Má þarf nefna:

- Verkjum
- Kláða og sviða
- Roða, þrota og blöðrumyndun
- Smithættu
- Dregur í sig vökva úr sárinu og kemur í veg fyrir hreistur
- Sárið grær hraðar

Frunsur eða áblástur er veirusýking af völdum svokallaðra herpesveira (herpes simplex). Ef smit á sér stað losnar viðkomandi aldrei við veirurnar.

Lengst af eru veirurnar í dvala en við vissar aðstæður eins og til dæmis við líkamlegt eða andlegt álag eða vegna veikinda getur sýkingin blossað upp og viðkomandi fær áblástur eða frunsur. Vessinn sem kemur úr frunsunum í upphafi sýkingar inniheldur veirur og getur smitað. Það er því mikilvægt að sýna varúð og hreinlæti þegar frunsan er á þessu stigi.




**SVONA NOTAR ÞÚ COMPEED® FRUNSUPLÁSTUR**
Byrjaðu að nota Compeed® frunsuplástur um leið og fyrstu einkenni frunsunnar gera vart við sig (stingir eða kláði). Þegar plásturinn losnar skal strax setja nýjan plástur á frunsuna. Hafðu plástur á frunsunni allan sólarhringinn, alveg þar til sárið er gróið. Þannig viðheldur þú ákjósanlegu rakastigi í sárinu sem styður gróandann.

Þvoið hendur. Fjarlægið ytri pakkninguna og takið í sitthvorn endann á flipunum.Togið varlega í báða flipana. Fylgið örvunum og togið varlega þar til annar helmingur plástursins með límhliðinni er sýnilegur. Snertið ekki límhliðina. Þrýstið límhluta plástursins varlega með fingri á frunsuna/sárið. Losið hinn flipann með því að toga hægt og varlega niður og frá húðinni (frá miðju og út) þangað til flipinn er laus frá plástrinum. Haldið létt við plásturinn með fingrinum á meðan. Þvoið hendur á eftir. Þegar frunsuplásturinn er á sínum stað getur þú notað farða eða varalit yfir plásturinn.

**FRUNSUPLÁSTURINN FJARLÆGÐUR**
Takið ekki plásturinn af fyrr en hann er byrjaður að losna og setjið þá strax nýjan plástur á frunsuna. Takið plásturinn af með því að toga varlega í hann meðfram húðinni. Það á ekki að kippa plástrinum upp eins og gert er við hefðbundinn plástur.

## 7 KOSTIR COMPEED® FRUNSUPLÁSTURS

1. *Græðir sárið fljótt*
2. *Hlífir sárinu*
3. *Linar verki*
4. *Dregur úr roða og bólgu*
5. *Dregur úr stingjum, kláða og sviða*
6. *Hægt að nota andlitsfarða yfir plásturinn*







# NÚÐLUR Í BLAND VIÐ KFC

**JÓL Í JAPAN** *Arnar Þór Jensson hefur búið í Japan í tólf ár. Hann blandar saman íslenskum og japönskum hefðum yfir jólin.*

Arnar Þór Jensson hefur búið í Japan um tólf ára skeið þar sem hann stýrir fyrirtæki sínu sem heitir Cooori. Japanskt samfélag er gjörólíkt því íslenska og segir Arnar landið raunar ólíkt nokkru öðru landi sem hann hefur búið í eða heimsótt. Líklegast sé það þó einmitt ástæða þess að hann búi þar enn tólf árum síðar; það eru áskoranirnar sem halda honum þar.

Eftir tólf ára búsetu er fátt sem kemur honum á óvart varðandi japanskt samfélag. „Maður veit að menningin er gjörólík og lifir einfaldlega eftir því. Þó er ýmislegt sem hefur komið mér á óvart, t.d. hversu troðnar lestir geta verið, hversu langt Japan er frá Hokkaídó í norðri til Okinawa í suðri, hversu óhemju stór Tókýó er, hversu dýrar melónur eru og hversu tæknileg klósettin eru svo fátt eitt sé nefnt.“

### KFC UM JÓLIN

Japanir halda ekki eiginleg jól eins og Íslendingar enda landsmenn að stærstum hluta búddatrúar eða sjintótrúar. Með tilkomu vestrænna áhrifa hefur þó orðið til hefð fyrir því að skreyta fyrir jólin og mörg stræti og búðir eru upplýstar með fallegum og tilkomumiklum jólaskreytingum. „Það hefur líka einhverra hluta vegna orðið hefð fyrir því í Japan að fá sér Kentucky Fried Chicken á aðfangadag sem auk þess er dagur stefnumóta. Allt jólaskraut er þó tekið niður 25. desember. Það eru engir opinberir frídagar á þessum tíma utan 23. desember sem er afmælisdagur keisarans.“

### ENGIN JÓLASTEIK

Þegar Arnar var að klára lokaritgerð sína í háskólanáminu í Japan fyrir nokkrum árum vann hann bæði 24. og 25. desember því skil voru 26. desember. „Það var undarleg tilfinning að sitja fastur við skriftir á meðan maður hugsaði til fjölskyldunnar hinum megin á hnettinum, borðandi jólasteikina og opnandi pakka. Þá daga minnir mig að ég hafi fengið mér núðlusúpu á næsta götuhorni.“

Um áramót eru hins vegar mikil hátíðarhöld í Japan þar sem fjölskyldur hittast og dvelja saman í nokkra daga. „Þá eru kræsingar á borðum sem kallast osechi sem er til að mynda soðið sjávarþang, fiskikökur, sætar svartar sojabaunir og hrísgrjónakökur. Þetta er tími þar sem póstkort eru send til vina og ættingja til að þakka fyrir árið. Á miðnætti þann 31. desember er klukkum hringt í hofum og svo er átt góða stund með fjölskyldunni fyrir framan vinsælan sjónvarpsþátt.“



**SKREYTT TIL JÓLADAGS** Japanir halda ekki eiginleg jól eins og Íslendingar. Með tilkomu vestrænna áhrifa hefur þó orðið til hefð fyrir því að skreyta stræti og verslanir fyrir jólin. Skreytingar eru þó teknar niður 25. desember. MYND/GETTY

### GOTT AÐ KOMAST HEIM

Arnar er þó sjálfur mikið jólabarn að eigin sögn og hefur reynt reynt að halda við hefðum og mynda þessa einstöku tilfinningu sem jólin gefa. Hann á japanska eiginkonu og saman eiga þau tvo litla drengi, Evan Ágúst 2 ára og Alan Kristófer sem er 8 mánaða. „Við kaupum ekta jólatré í IKEA, skreytum heimilið og borðum góðan mat á aðfangadag. Svo eru opnaðir pakkar eins og hefðir gera ráð fyrir. Við höfum líka komið oft til Íslands um jólin því það er ekkert sem jafnast á við að fagna jólunum með ömmu, foreldrum og bræðrum, fara svo í Dómkirkjuna, sjá sama fólkið og hlýða á góða tónlist.“

### MARGT SAMEIGINLEGT

Utan vinnunnar snýst líf Arnars að mestu leyti um fjölskylduna. „Við förum í almenningsgarðana, á ströndina og á skíði. Þetta er allt saman í um klukkutíma fjarlægð frá Tókýó enda borgin iðulega valin sú besta til að búa í. Það sem heillar þó hvað mest við þjóðina er hversu kurteist og almennilegt fólk er hér.“

Helsti munur á Íslendingum og Japönum að mati Arnars er hversu planað og agað fólk Japanir eru. „Hjá þeim þekkist ekki „þetta reddast“ viðhorf eins og hjá okkur. Það er þó margt sameiginlegt með löndunum, til að mynda eru þetta báðar eyþjóðir þar sem mikill fiskur er borðaður. Eldfjöll og jarðskjálftar eru jafnvel algengari hér en á Íslandi og svo er hefð fyrir heitum náttúrulegum böðum á báðum stöðum svo ekki sé minnst á hvalveiðarnar.“



**FJÖLSKYLDAN** Arnar Þór Jensson, eiginkona og tveir ungir synir þeirra hjóna.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

# PIPARKÖKUHÚSALEIKUR KÖTLU – SKILADAGUR Á MORGUN

**KATLA KYNNIR** *Piparkökuhúsaleikur Kötlu hefur verið haldinn í hátt í þrjátíu ár við góðan orðstír. Hann fer fram í Smáralind í desember líkt og undanfarin ár en síðasti skiladagur piparkökuhúsa er á morgun, fimmtudag.*

Það er orðinn fastur liður í jólaundirbúningi margra að fara í Smáralind og virða fyrir sér hin margvíslegu og skemmtilegu piparkökuhús sem borist hafa í piparkökuhúsakeppni Kötlu. Iðulega berst á þriðja tug húsa í keppnina sem haldin hefur verið í hart nær þrjátíu ár, en keppt er í tveimur flokkum, fullorðins- og barnaflokki.

„Keppnin er ekki síður fyrir börn en fullorðna,“ segir Tryggvi Magnússon, forstjóri Kötlu, sem finnst skemmtilegast við keppnina að þar geti fjölskyldan sameinast um að föndra saman fallegt hús. „Við leggjum ekki mikið upp úr íburðarmiklum eftirlíkingum af þekktum byggingum. Mér finnst lang skemmtilegast að sjá skökk og skæld hús með fingraförum lítilla putta,“ segir hann brosandi. Það hús sem er Tryggva minnisstæðast er til dæmis hellirinn hennar Grýlu.

**SÍÐASTI SKILADAGUR**

Piparkökuhúsunum á að skila inn í Smáralind fimmtudaginn 3. desember milli kl. 17 og 20. Tryggvi segir ekki þörf á að skrá sig sérstaklega til leiks, einungis að þurfi að baka, skreyta, skemmta sér og mæta með piparkökuhúsin.

Verðlaun verða vegleg að vanda. Til dæmis glæsilegir vinningar frá 66°Norður, Hagkaup, Líf&List og Debenhams. Þrír dómarar munu dæma hvert hús fyrir sig en verðlaun fyrir bestu húsin verða veitt laugardaginn 5. desember kl.15.

***Piparkökuhúsin verða til sýnis í Smáralind frá 3. desember til og með 17. desember.***



## FRUMLEGAR SMÁKÖKUSAMLOKUR

*Búa má til ýmsar skemmtilegar nýjungar úr hráefni frá Kötlu. Þar má til dæmis nefna skemmtilegar smákökusamlokur. Einnig má blanda saman Kötluglassúr og -dropum svo úr verður bragðgóð fylling í jólakonfektið.*

Auðvelt er að leika sér með þær fjölbreyttu vörur sem Katla framleiðir. Ein skemmtileg útfærsla eru svokallaðar smákökusamlokur. Það eina sem þarf er tilbúna smákökudeigið frá Kötlu, sem fæst í sex mismunandi bragðtegundum, glassúr í brúsum sem til eru í fimm litum og svo hinir þjóðþekktu Kötlu-dropar.



Svona er farið að: Smákökudeigið er skorið niður og skellt í ofninn í átta til tíu mínútur. Glassúrbrúsi er tæmdur niður að miða og í brúsann settar þrjár til fjórar teskeiðar af dropum að eigin vali. Notað er handfang af teskeið til að hræra í blöndunni og þar með er komið fyrirtaks bragðbætt krem. Síðan er kreminu sprautað á milli tveggja smákaka svo úr verður smákökusamloka.

Hægt er að gera ýmsar útfærslur en hér eru nokkrar hugmyndir:

Sítrónudropum er blandað í hvítan glassúr og kreminu sprautað á milli tveggja engiferkaka. Appelsínudropum er blandað í gulan glassúr og kreminu sprautað á milli hvítra súkkulaðikaka. Rommdropum er blandað í rauðan glassúr og blöndunni sprautað á milli lakkrísbitakaka.

Piparmintudropum er blandað í grænan glassúr og blöndunni sprautað á milli dökkra súkkulaðibitakaka.

**Í KONFEKTGERÐ**

Nú hefst tími konfektgerðar á mörgum heimilum. Tilvalið er að nota vörurnar frá Kötlu til að auðvelda sér leikinn. Með því að blanda Kötlu-dropum í glassúrinn líkt og gert er hér að ofan verður til fyrirtaks fylling inn í konfektmolana.





**GÓMSÆT** Tryggvi Magnússon, forstjóri Kötlu, gæðir sér á girnilegri raspkökunni sem hann segir frábæra á bragðið. MYND/GVA

## RASPKAKAN SEM ALLIR TALA UM

**UPPSKRIFT** *Kokkar og bakarar Kötlu leita fanga víða. Fyrir nokkru fundu þeir uppskrift á vefsíðunni www.alberteldar.com að raspköku. Þeir fengu hugmyndina lánaða, aðlöguðu uppskriftina að hráefnum frá Kötlu og úr varð fyrirtakskaka sem er létt og skemmtileg auk þess sem hún er ekki dísæt.*

### RASPTERTAN GÓÐA

**BOTNAR:**
4 eggjarauður
3/4 bolli sykur
1 1/2 bolli Kötlu rasp
2 msk. brætt smjör
2 tsk. Kötlu lyftiduft
1 tsk. Kötlu vanilludropar
1/2 tsk. salt
3 msk. kalt vatn
4 eggjahvítur
2 pelar rjómi
2 bananar

Þeytið vel saman eggjarauður og sykur. Setjið rasp, lyftiduft, vanilludropa, salt og smjör saman við og hrærið áfram um stund. Stífþeytið eggjahvítur og blandið þeim varlega saman við.
Setjið í tvö 20 cm smurð form. Bakið í u.b.b. 15 til 12 mín. við 200°C (eða þangað til botnarnir eru gylltir að ofan). Látið botnana kólna.
Stífþeytið rjómann, geymið u.b.b. helminginn af honum til að skreyta hliðarnar með. Setjið hluta af rjómanum sem eftir er á annan botninn. Skerið banana í þunnar sneiðar og raðið ofan á rjómann. Setjið þá rjóma ofan á bananana og svo hinn botninn yfir.

**KREM**
150 g gott súkkulaði
2 msk. góð matarolía

Setjið súkkulaðið og matarolíuna saman í glerskál og bræðið við lágan hita í vatnsbaði. Hellið yfir tertuna.

# Tónleikaferðalög oft í mínus fyrstu tvö til fjögur árin

Tónleikaferðalög eru ekkert endilega að gefa vel af sér fyrstu árin, þar sem þau eru mjög kostnaðarsöm. „Mér finnst því oft mikil einföldun að segja að nú verði hljómsveitir bara að túra til að fá einhverja peninga inn, því það gerist ekkert nema mikil eftirspurn sé til staðar frá tónleikahöldurum og aðdáendum og án þó nokkurrar fórnar fyrst um sinn,“ segir María Rut Reynisdóttir, umboðsmaður Ásgeirs Trausta og dj. flugvélar og geimskips.

„Það er allt gott og blessað og gengur vel þegar þú ert kominn á ákveðinn stað og getur spilað á mjög stórum tónleikum, þá fer þetta kannski að gefa vel í aðra hönd,“ segir María. Fram að því getur hins vegar tekið mörg ár að koma sér yfir núllið vegna tónleikaferðalaga. „Í flestum tilfellum eru hljómsveitir að tapa á tónleikaferðum fyrstu árin og því skiptir gott „tour support“ frá útgáfufyrirtæki máli,“ segir María. Hún bendir á að þetta haldist allt í hendur: „Með minnkandi plötusölu og meiri erfiðleikum á þeim markaði eiga útgáfufyrirtæki erfiðara uppdráttar og gera því „verri“ samninga við hljómsveitir.


María Rut Reynisdóttir er umboðsmaður Ásgeirs Trausta. AÐSEND MYND

> Með minnkandi plötusölu eiga útgáfufyrirtæki erfiðara uppdráttar og gera því „verri“ samninga við hljómsveitir.

Það segir sig sjálft að það er mjög dýrt fyrir til dæmis fimm manna hljómsveit að fara um allan heim til að fylgja eftir plötu. Gisting, ferðalög og að borga „crewinu“ laun, er kostnaðarsamt,“ segir María. „Í upphafi þegar þú ert að spila á litlum tónleikum er kostnaðurinn samt sem áður mikill. Þetta helst engan veginn í hendur, kostnaðurinn við túrinn er miklu hærri en tekjurnar af tónleikahaldi og þá ertu háður þessu „tour support“ frá útgáfufyrirtækinu.“

Þegar hljómsveitir gera samning við erlent plötufyrirtæki fá þær ákveðna upphæð í „tour support“. Plötufyrirtækin hafa verið að lækka það með verri afkomu. „Ég veit um mörg dæmi þess að hljómsveitir eru í mörg ár að koma sér upp fyrir núllið á tónleikaferðum,“ segir María en bendir jafnframt á að samsetning hljómsveitar skipti máli í því samhengi, þeim mun minna teymi, þeim mun ódýrara sé ferðalagið.

Það að verða stærra nafn skili ekki endilega meiri hagnaði þar sem meiri kostnaður fylgi í kjölfarið. Þá stækki tónleikastaðirnir og þá sé þörf á fleiri græjum, og starfsmönnum til dæmis. „Fyrstu árin ertu yfirleitt í mínus á heildina litið eftir túra. Það getur tekið tvö til fjögur ár að komast yfir núllið, jafnvel þó plötusala hafi gengið vel í byrjun," segir María. „Þetta getur þó breyst mjög hratt með eftirspurn og meiri velgengni. Þegar þú ert kominn á ákveðið level af velgengni geta tónleikaferðalögin alveg gefið af sér, þá ertu farinn að spila á töluvert stærri tónleikum og farinn að fá há tilboð.“

Aðrir tekjuliðir sem skipta máli er sala á tónlist í kvikmyndir, sjónvarpsþætti, auglýsingar og svo framvegis. „Hljómsveit þarf þó að vera komin á ákveðinn stað til að fá mikið greitt fyrir slíka sölu því oft er gamla trixið notað – þetta sé svo frábær kynning fyrir listamanninn,“ segir María.

„Sala á varningi er líka tekjuhlið en það fer svolítið eftir hljómsveitum og samsetningu aðdáendahópsins hversu vel hljómsveitum gengur á þeim velli. Sumar hljómsveitir eiga mun auðveldara með það, til dæmis er mikil hefð fyrir varningi innan þungarokks. Svo kemur það aftur inn á hversu stórar hljómsveitir eru orðnar, þeim mun stærri sem þú ert þeim mun meira geturðu lagt í varninginn þinn og boðið upp á vandað og skemmtilegt úrval sem aðdáendur vilja kaupa,“ segir María.

# Vínylsala að aukast í íslenskum hljómplötuverslunum

Vínylsala hefur færst í aukana undanfarin árin og hefur sala verið mjög góð það sem af er ári. Sala á vínyl er meiri en geisladiskasala í Lucky Records. Íslenskar hljómsveitir eru í auknum mæli að gefa út á vínyl og eru plötuspilarar að verða vinsælar jólagjafir á ný.

Á síðasta ári lét Reynir Berg Þorvaldsson gamlan draum rætast og opnaði Reykjavík Record Shop. „Ég get ekki kvartað undan sölu, þegar ég opnaði var ég ekki viss um hvort ég myndi lifa eitt ár, en það er búið að ganga vel.“ Reynir segir ferðamenn mikilvæga kúnna og áætlar að þeir beri ábyrgð á þriðjungi af sölunni. „Þeir eru mest að kaupa Björk og Sigur Rós og íslenskar safnplötur. Íslendingar kaupa allt mögulegt en eru duglegir að styðja við íslenska tónlistarmenn.“

Gestur Baldursson, verslunarstjóri Lucky Records, tekur undir með Reyni að vínylsala hafi aukist. Hann áætlar að vínylsala hafi aukist um 40 prósent á síðustu þremur árum. „Vínylsala og vínylplötuútgáfa hafa aukist jafnt og þétt undanfarin ár, það helst alveg í hendur. Ég hef þá tilfinningu að fyrir þessi jól verði gríðarleg sala á vínyl.“ Gestur telur að mikla sölu á vínylplötum hjá Lucky Records megi rekja til þess að verslunin er með mesta vínylúrval landsins. Gestur segir að mikið seljist af vínylplötum íslenskra hljómsveita, meðal annars til ferðamanna þegar tónlistarhátíðir standa yfir. Hann segist líka hafa upplifað gríðarlegan áhuga á plötuspilurum og aukna sölu á þeim. „Maður er að heyra það í fyrsta skipti árum saman að foreldrar séu að gefa börnum sínum plötuspilara í jólagjöf eða fermingargjöf,“ segir Gestur.

Lárus Jóhannesson, annar eigandi 12 tóna, segist finna fyrir aukinni uppsveiflu í vínylsölu og af plötuspilurum. Hann segist finna fyrir auknum áhuga Íslendinga á vínylplötum. „Við erum búin að vera í útgáfu síðan 2003 og gefum núna út svolítið af vínyl, ef einhver hefði sagt það við mig árið 2003 þá hefði ég nú ekki trúað því.“ Lárus segir hins vegar vínylsölu ekki orðna jafna geisladiskasölu í versluninni. „En þetta er skemmtileg viðbót og ég sé bara fyrir mér að þetta muni aukast.“

**40%** aukning í vínylsölu á síðustu þremur árum í Lucky Records.



**1/3** af þeim sem kaupa vínyl í Reykjavík Records er erlendir ferðamenn.





Una María er með meistarapróf í lýðheilsuvísindum frá HÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

UNA MARÍA ÓSKARSDÓTTIR

## Starfar með ráðherrum við að efla lýðheilsumál

Una María Óskarsdóttir hefur verið ráðin verkefnisstjóri í forsætisráðuneytinu og mun starfa með ráðherranefnd um lýðheilsu. Í tilkynningu vegna ráðningar hennar segir að efling lýðheilsu sé eitt af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar. Una María er með BA-próf í uppeldis- og menntunarfræðum og meistarapróf í lýðheilsuvísindum frá Háskóla Íslands. Hún hefur verið verkefnisstjóri ráðherranefndar um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum í félagsmálaráðuneytinu, aðstoðarmaður ráðherra í umhverfisráðuneytinu, verkefnisstjóri forvarna í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og átt sæti í verkefnisstjórn ráðherranefndar um lýðheilsu. **– sg**

HAFSTEINN VIKTORSSON

## Tekur við starfi forstjóra hjá PCC BakkiSilicon

Hafsteinn Viktorsson hefur verið ráðinn forstjóri PCC BakkiSilicon frá og með mars 2017. Hafsteinn mun þó koma til starfa fyrr og starfa sem framkvæmdastjóri tæknisviðs frá júní 2016. Hafsteinn er viðhaldsfræðingur frá St. Louis University að mennt og á árunum 2005-2010 starfaði hann hjá Alcoa Fjarðaáli. Síðustu ár hefur Hafsteinn starfað að fjárfestingaverkefnum fyrir móðurfélag Alcoa Fjarðaáls. **– sg**



Hafsteinn Viktorsson, nýráðinn forstjóri PCC BakkiSilicon.

GRÉTA GUNNARSDÓTTIR

## Í norrænu neti kvenna í friðarumleitunum

Gréta Gunnarsdóttir, sendiherra á alþjóða- og öryggisskrifstofu utanríkisráðuneytisins, tekur sæti fyrir hönd Íslands í norrænu neti kvenna í friðarumleitunum, sem var stofnað í Ósló um liðna helgi.

Hugmyndin að netinu, sem ætlað er að tengja konur með reynslu af samningaumleitunum og störfum á átakasvæðum, er að hvetja til þess að konur komi í auknum mæli að friðarumleitunum á alþjóðavettvangi. „Við eigum ekki að þurfa að útskýra hvers vegna konur eiga erindi að samningaborðinu, ekki frekar en hvers vegna karlar sitja þar," segir Gréta Gunnarsdóttir í tilkynningu. **– jhh**



Gréta Gunnarsdóttir, sviðsstjóri alþjóða- og öryggissviðs utanríkisráðuneytisins.


TIL SÖLU

TOYOTA LANDCRUSIER 200ÁRG. 2014 EK 11.000 KM VERÐ: 17.500.000

BÍLASALA AKUREYRAR HF
FREYJUNESI 2 • 603 AKUREYRI
SÍMI 461 2533 • sala@bilak.is






Kolbeinn Marteinsson lauk prófi í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands. Hann fór svo til Skotlands þar sem hann lærði almannatengsl. Hann verður framkvæmdastjóri Athygli almannatengsla frá áramótum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fjármálaráðuneytið var mesti skólinn

**Kolbeinn Marteinsson verður framkvæmdastjóri Athygli almannatengsla. Hann hefur unnið hjá menntavísindasviði Háskóla Íslands að undanförnu. Kolbeinn iðkar karate og vonast hann til að ná svarta beltinu innan fárra ára.**

SVIPMYND

KOLBEINN MARTEINSSON

Kolbeinn Marteinsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Athygli almannatengsla og útgáfu. Hann tekur við starfinu í byrjun janúar. Kolbeinn hefur starfað sem markaðs- og kynningarstjóri menntavísindasviðs Háskóla Íslands undanfarin tvö ár, auk þess sem hann hefur sinnt stundakennslu við HÍ.

„Þar hef ég verið að takast á við þær skemmtilegu áskoranir að fjölga nemendum í kennara- og uppeldisfræðinámi," segir Kolbeinn. Hann segir að þetta hafi tekist ágætlega og til marks um það sé að nemendum hafi fjölgað um 20 prósent á síðasta ári frá árinu þar á undan. Kolbeinn hefur því fengist við markaðsstörf fyrir Háskóla Íslands en hann sinnti einnig öðrum störfum, eins og stjórnsýslustörfum.

Kolbeinn segir að auk þess sem hann muni sjá um daglegan rekstur hjá Athygli verði hann í ráðgjafarstörfum og fleiru. „En á eftir að móta það þegar ég byrja," segir hann. Athygli er rótgróið fyrirtæki, hefur starfað allt frá árinu 1989. Ellefu starfsmenn munu starfa með Kolbeini hjá Athygli og er fyrirtækið með skrifstofu á Akureyri og í Reykjavík.

Kolbeinn hefur komið víða við í atvinnulífinu, en hann var meðal annars aðstoðarmaður ráðherra um skeið. „Katrín Júlíusdóttir, sem er gömul vinkona mín, hringdi í mig 2011 og spurði mig hvort ég vildi koma með sér í iðnaðarráðuneytið. Það var ótrúlega skemmtilegur tími og fróðlegur," segir Kolbeinn. Þegar Katrín varð fjármálaráðherra fór Kolbeinn með henni í fjármálaráðuneytið. Hann segir að það hafi verið einn mesti skóli sem hann hafi komist í. Hann hafi fengið áhuga á ríkisfjármálum eftir á. „Ég til dæmis les fjárlögin þegar þau koma út, renni yfir þau. Og ég gleðst mjög mikið yfir batnandi hag ríkisins," segir Kolbeinn, sem bætir því við að hann ætli ekki að hafa frekari afskipti af stjórnmálum.

En ríkisfjármál eru ekki eina áhugamál Kolbeins. Á vorin, frá apríl og fram í október, veiðir hann á flugu. „Það er áhugamál sem hefur vaxið og mér þykir alltaf vænna

> **Ég til dæmis les fjárlögin þegar þau koma út, renni yfir þau. Og ég gleðst mjög mikið yfir batnandi hag ríkisins,**

og vænna um," segir Kolbeinn. Hann reynir því að feta stigið milli atvinnu, fjölskyldu og þessa áhugamáls sem hann brennur fyrir. „Ég veiði í raun alla fiska í straumvatni; lax, sjóbirting, sjóbleikju, staðbundinn urriða. Ég veiði bara allt sem ég kemst í," segir Kolbeinn.

Að auki hefur Kolbeinn æft karate undanfarin þrjú ár hjá Karatefélagi Reykjavíkur. Hann mun brátt taka fjórða kyu og segir mögulegt að hann verði kominn með svarta beltið eftir tvö ár, ef vel gengur.

Kolbeinn lauk BA-prófi í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands. Hann útskrifaðist svo með meistarapróf í almannatengslum frá University of Stirling í Skotlandi árið 2004. Hann er fjölskyldumaður og kvæntur Hörpu Katrínu Gísladóttur sálfræðingi. Saman eiga þau þrjú börn.

**jonhakon@frettabladid.is**

## Vonar að bókin verði kennslugagn

„Von mín var að hún gæti orðið kennslubók og gæti nýst þannig. Og ég held að það sé mikil þörf fyrir bók með þessu efni," segir Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins.

Gunnar hefur skrifað bókina Lífið er framundan. Þar eru leiðbeiningar í fjármálum fyrir ungt fólk sem er að byrja að búa og vinna. Gunnar væntir þess að bókin verði þá kennd í efstu bekkjum framhaldsskóla og fyrstu bekkjum háskólanáms.

„Ég hugsa hana fyrir þá sem eru að byrja í framtíðarstarfi og byrja að



Gunnar hefur skrifað bók um fjármál fyrir ungt fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

búa og stefna að fjárhagslegu sjálfstæði. Með því hugarfari skrifa ég hana en hún á erindi til allra aldurshópa," segir Gunnar. Hann segir að viðtökurnar hafi verið ágætar. Hann hafi fengið góðar viðtökur frá þeim sem hafa skoðað hana og lesið.

Í bókinni er fjallað um hvað þarf að hafa í huga þegar einstaklingar ráða sig í framtíðarstarf. Hverju þarf að huga að áður en ungt fólk byrjar að búa, hvernig eigi að byggja upp eignir og sparnað, hve mikið megi skulda og hverju þurfi að huga að varðandi lántöku. **– jhh**





Opin Kerfi
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

Sjávarútvegur



**Runólfur Geir Benediktsson**
forstöðumaður á Fyrirtækjasviði Íslandsbanka

# 268% aukning í verðmæti

Nýsköpun hefur verið mikil í sjávarútvegi sem og víðar í íslensku samfélagi. Margt jákvætt kom fram í nýrri skýrslu Íslandsbanka á dögunum um íslenskan sjávarútveg þar sem skýrsluhöfundar veita lesendum innsýn í núverandi stöðu sjávarútvegsins sem og þróunina síðastliðin ár.

Meðal þess sem kom fram í skýrslunni er að framleiðni í íslenskum sjávarútvegi hefur verið að aukast og hefur tvöfaldast á hvert starf ef horft er aftur til aldamóta. Það er sérstaklega ánægjulegt að þessa framleiðniaukningu má að miklu leyti þakka íslenskri tækniframþróun og verðmætasköpun. Aðilar innan sem utan sjávarútvegsins hafa unnið mikið og gott starf á síðustu árum í bættum aðferðum til veiða, vinnslu og nýtingar sjávarfangsins.

Önnur birtingarmynd þess góða árangurs sem hefur áunnist í aukinni verðmætasköpun er þróun útflutnings ferskra sjávarafurða. Ef aftur er horft til aldamóta þá hefur útflutningur á ferskum sjávarafurðum minnkað um 47 prósent. Þetta er umtalsverður samdráttur í magni og gæti komið á óvart í ljósi þeirrar umræðu sem hefur verið á aukna áherslu á útflutning ferskra afurða. Þegar verðmæti þessara fersku afurða er aftur á móti borið saman þá hefur það aukist um 94% yfir sama tímabil. Verðmætaaukning ferskra sjávarafurða frá áramótum hefur því verið 268% á hvert útflutt tonn sem er eftirtektarverður árangur. Þessa aukningu má að hluta til rekja til hagstæðrar þróunar á gengi íslensku krónunnar og verðlags sjávarafurða. Stærsta framlagið liggur hins vegar í betri nýtingu og aukinni verðmætasköpun. Um aldamótin þekktist það að heill fiskur væri fluttur út til frekari vinnslu erlendis en nú er það algjör undantekning. Í dag keppast sjávarútvegsfélögin við að skila ferskum fiski til landvinnslunnar þar sem hann er m.a. flakaður eða skorinn í bita. Þessi flök og bitar eru svo flutt út og fyrir þá afurð er greitt umtalsvert meira á hvert kíló eins og tölurnar hér að ofan bera svo glögglega með sér. Nýsköpun og tækniþróun íslenskra fyrirtækja í nánu samstarfi við útgerðir og fiskvinnslur hafa því skilað íslensku efnahagslífi miklum verðmætum og hefur þessi árangur vakið athygli langt út fyrir landsteinana.

Aukning í framleiðni sem og útflutningsverðmæti ferskra afurða eru aðeins tvö af mörgum jákvæðum atriðum sem fram koma í skýrslu Íslandsbanka um íslenskan sjávarútveg.

## Framleiðsla eykst í Japan



Iðnaðarframleiðsla jókst um 1,4 prósent í Japan í október frá mánuðinum á undan. Það er í annað sinn sem iðnaðarframleiðsla eykst. Mest var framleiðsla farartækja, raftækja og annarra tækja. Myndin, sem var tekin á mánudag, sýnir framleiðslu í Mitsubishi Fuso trukkaverksmiðjunni í Kawasaki, nærri Tókýó, í Japan. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fyrrum umbótasinnar í vígahug



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Spennan á milli Rússlands og Tyrklands hefur aukist hratt eftir að Tyrkir skutu niður rússneska orrustuþotu sem sögð var hafa flogið inn í tyrkneska lofthelgi, og það er nú þegar ljóst að versnandi samskipti þjóðanna munu hafa neikvæðar efnahagslegar afleiðingar í för með sér fyrir báðar þjóðirnar.

Frá hagfræðilegu sjónarhorni hefur svipuð þróun átt sér stað í báðum löndunum á síðustu 15 árum – þróun sem hefur átt sér samsvörun í uppgangi forseta landanna tveggja, Vladimirs Pútín og Receps Tayyip Erdogan.

Litið var á báða forsetana sem efnahagslega umbótamenn, og efnahagsstefnan bæði í Tyrklandi og Rússlandi upp úr 2000 var greinilega umbótasinnuð. Bæði í Tyrklandi og Rússlandi voru fyrstu ár 21. aldar tímabil opnunar í hagkerfinu, einkavæðingar og minnkunar á ríkisútgjöldum. Það má segja að bæði Pútín og Erdogan hafi verið skínandi dæmi um hið svokallaða Washington-samkomulag á þessum tíma og árangurinn var jákvæður. Rússland náði sér eftir greiðslufallið 1998 og í Tyrklandi varð sterkur hagvöxtur þegar hagkerfið, undir forystu þáverandi forsætisráðherra, Erdogans, vann sig út úr banka- og gjaldmiðilskreppunni 2001-2.

Það eru engar ýkjur að segja að 2005 hafi bæði Erdogan og Pútín verið eftirlæti fjármálamarkaðanna, og á þeim tíma var erfitt að finna nokkurn mann á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem hafði eitthvað slæmt að segja um efnahagsstjórn þeirra. Tíu árum síðar er sagan allt önnur – báðir forsetarnir hafa sýnt aukna einræðistilburði, þeim er vantreyst á alþjóðavettvangi og bæði Rússland og Tyrkland hafa glatað ljómanum á fjármálamörkuðum um allan heim.

Að miklu leyti stafar það af efnahagskreppunni um allan heim og veikleikanum í kínverska hagkerfinu, en að mörgu leyti er það líka vegna greinilegs viðsnúnings á efnahagsumbótum í báðum löndunum. Um leið og báðir forsetarnir hafa orðið ráðríkari hefur efnahagsstefna þeirra færst í auknum mæli í átt til ríkisafskipta, mismununar og verndarstefnu. Það er sannarlega ekki hjálplegt fyrir langtímahagvöxt og líklegt að bæði hagkerfin muni halda áfram að hægja á sér næsta áratuginn.

> **Framtíðin virðist vissulega bjartari fyrir Tyrkland en Rússland og þótt rússneska hagkerfið sé núna meira en tvöfalt stærra en það tyrkneska er líklegt að það breytist verulega á komandi áratugum.**

### Tvenns konar meginleitni: Lýðfræði og olíuverð

Framtíðin virðist vissulega bjartari fyrir Tyrkland en Rússland og þótt rússneska hagkerfið sé núna meira en tvöfalt stærra en það tyrkneska er líklegt að það breytist verulega á komandi áratugum þar sem Tyrkland mun sennilega vaxa mun hraðar en Rússland.

Ástæðan fyrir þessu sést í tvenns konar meginleitni. Í fyrsta lagi eru það horfur hvað varðar olíuverð. Þar sem hagvöxtur í Kína mun fyrirsjáanlega minnka enn meira næsta áratuginn og tæknibreytingar gera olíuleit ódýrari gæti olíuverð orðið lágt lengi enn. Fyrir olíuútflytjandann Rússland eru þetta augljóslega slæmar fréttir, en Tyrkland er orkuinnflytjandi og mun hagnast á lágu olíuverði.

Tyrkland mun jafnframt hagnast á annars konar leitni – hinni lýðfræðilegu. Tyrkneska þjóðin er mjög ung og fólksfjölgun er mikil. Þetta þýðir að vinnuafl í Tyrklandi mun vaxa mikið á komandi áratug. Hins vegar eru lýðfræðilegar horfur í Rússlandi hræðilegar. Mjög lág fæðingartíðni eftir hrun Sovétríkjanna þýðir að Rússar sjá nú fram á áframhaldandi mikla minnkun á vinnuafli. Í raun gæti vinnuafl Rússa dregist saman um þriðjung á komandi áratugum. Þetta hefur nú þegar slæm áhrif á rússneskan hagvöxt og svo mun verða áfram á komandi áratugum.

Þótt ríkisafskiptastefna bæði Erdogans og Pútíns séu slæmar fréttir – sér Erdogan þó fram á verulegan efnahagslegan meðbyr, en Pútín stendur frammi fyrir mjög erfiðum kerfislegum áskorunum. Því miður lítur út fyrir að Pútín reyni að takast á við þessi verkefni með því að verða sífellt ágengari í utanríkisstefnu sinni í stað þess að sækjast eftir nauðsynlegum efnahagsumbótum.

# Erum við í ofurveruleika?

Hin hliðin



**Hulda Bjarnadóttir**
framkvæmdastýra félags kvenna í atvinnurekstri

Ég sat jafnréttisþing í liðinni viku þar sem tölur sýndu enn og aftur fram á mjög skökk hlutföll kynjanna í fréttatengdu efni ljósvakamiðla. Var ég hissa? Nei. Í fjögur ár benti FKA markvisst á skökk hlutföll í stjórnum og nú hefur félagið bent á það í tvö ár að konur eru aldrei meira en 20-30% viðmælenda í fréttatengdu efni ljósvakamiðlanna. Ég vonaðist þó til að útkoman hefði skánað örlítið. Í framhaldinu las ég stöðuuppfærslur og greinar eftir fólk úr ólíkum geirum og varð hugsi eina ferðina enn.

### Stöldrum við

Þegar ég heyri setningar á borð við þær að miðlarnir „endurspegli bara raunveruleikann“, þá staldra ég við. Sjálf hef ég verið í fjölmiðlum frá unglingsárum og því fylgst með þróuninni og reglulega hef ég viðrað skoðanir mínar og rætt áhyggjur af þróuninni, eða stöðnuninni, við kollega og yfirmenn. Ég gef ekki lengur mikið fyrir yfirlýsingar um að það sé erfitt að fá konur í viðtöl. Af hverju? Jú, því ég veit betur, reyndi það á eigin skinni og held utan um viðmælendalista tæplega 500 kvenna úr atvinnulífinu sem gefa kost á sér í viðtöl eða sem fyrirlesarar á ráðstefnur ef eftir því er leitað. Aldrei stendur á þeim hópi kvenna. Hins vegar get ég fallist á þau rök að hlutfall karla sem eru við völd skapi skekkju að einhverju leyti.

### Viljaleysi eða skortur á stefnu

En það hljóta að þurfa að koma til fjölbreyttari viðmælendur og nýjar nálganir. Mögulega þarf annars konar nálgun á konurnar, en það er þá einnig umhverfisins að læra og þróast í takt við þær mannverur sem byggja land. Og að eingöngu tuttugu prósent kvenna komist í fréttatengda umræðu? Er það viljaleysi eða skortur á stefnu? Það er í það minnsta ekki ásættanlegt.

Það er víst til hugtak sem heitir ofurveruleiki (hyperreality) en þar einkennist nútíminn af ógreinilegum mörkum milli raunveruleika og blekkingar. Eftirmyndir raunveruleikans, svo sem í fjölmiðlum, beinum útsendingum og auglýsingum, verða raunverulegri en veruleikinn sjálfur. Legg til að við förum að koma okkur í raunverulegri veruleika. Að taka ákveðna stefnu í ákveðnum málum, breyta og standa við ákvörðunina er eina leiðin. Ef vilji er til staðar, þá er leiðin fær.



Póst dreifing
Við látum það berast
NÁÐU MARKVISST
Í ÞINN MARKHÓP
MARKHÓPADREIFÐUR FJÖLPÓSTUR er hagkvæm og markviss leið sem sameinar kosti fjölpósts og markpósts og gefur þér möguleika á að ná til nákvæmlega rétta hópsins.
70% KVENNA LESA FJÖLPÓST
70%
„Hröð og góð þjónusta.“
Þóra Kolbrún Magnúsdóttir
Þjónustustjóri hjá Eddu
VIÐ GETUM AÐSTOÐAÐ VIÐ AÐ NÁ ÁRANGRI
VIÐ DREIFUM INN Á 80.000 HEIMILI SEX DAGA VIKUNNAR
www.postdreifing.is

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 25. nóvember 2015


FTSE 100
6.395,65 -28,26
(0,62%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

### Smári snýr aftur

**Áhugavert verður** að fylgjast með hvernig Fréttatímanum reiðir af í höndum nýrra eigenda, en hópur undir forystu Gunnars Smára Egilssonar hefur keypt allt hlutafé í rekstrarfélagi miðilsins. Ásamt Gunnari Smára koma að kaupunum sterkir fjárfestar, þeir Árni Hauksson, Hallbjörn Karlsson, Sigurður Gísli Pálmason og Valdimar Birgisson.

**Gunnar Smári er** vissulega frumkvöðull á sviði íslenskrar fjölmiðlunar og sá sem hvað stærstan hlut átti í að gera Fréttablaðið að útbreiddasta og mest lesna dagblaði landsins. Í þetta skiptið mun hann, samhliða því að eiga verulegan hlut í félaginu, einnig starfa sem ritstjóri.

**Vonandi er fyrir** Gunnar Smára og aðra hluthafa að betur verði farið með fé en í tíð hans á forstjórastóli í því félagi sem nú heitir 365 miðlar.

**Meðal gæluverkefna** Gunnars Smára á þeim tíma var hin íslenska CNN stöð, NFS, sem flutti fréttir af engu allan sólarhringinn, Talstöðin, útvarpsstöðin sem aldrei spilaði tónlist með tilheyrandi dagskrárkostnaði, og síðast en ekki síst dönsk útgáfa Fréttablaðsins – Nyhedsavisen.

**Öll fara þessi verkefni** á spjöld sögunnar í íslenskri fjölmiðlun, og þá frekar fyrir fádæma metnað á litlum markaði en arðsemi.

### Frelsum leigubílstjóra

**Framsæknir og metnaðarfullir** leigubílstjórar hljóta að berjast fyrir því að leigubílaakstur verði gefinn frjáls í landinu.

**Akstur leigubifreiða** á Íslandi er einokunarbransi. Þeir einir sem fengið hafa atvinnuleyfi frá Samgöngustofu og tengdir eru bifreiðastöðvum geta ekið leigubíl á Íslandi.

**Gjaldskrá leigubifreiða** er samræmd, þú greiðir eftir sömu gjaldskrá hvar sem þú stígur upp í leigubíl, óháð gæðum bifreiðar, reynslu bílstjórans eða öðrum þáttum sem kunna að skipta máli.

**Ástand sumra bifreiða** er vægast sagt lélegt. Gamlir bílar sem skrölta áfram af gömlum vana og anga jafnvel af reykingalykt. Litið mætti fara úrskeiðis ef til að mynda er ekið eftir Keflavíkurvegi.

**Síðan getur maður** líka dottið í lukkupottinn og lent á spánnýrri bifreið með öllum þægindum.

**Hvernig má það vera** að sama gjald sé greitt fyrir ferðina í báðum tilvikum? Núverandi kerfi leyfir þeim sem eru framúrskarandi ekki að njóta sín og tryggir ekki öryggi farþega.

**Best væri að** afnema úrelt kerfið og láta markaðinn um afganginn. Það hefur gefist vel annars staðar og nægir að nefna Uber í því samhengi.


HREINT
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## 660 MILLJÓNA KRÓNA SKULDABRÉF GEFIÐ ÚT

Landsvirkjun hefur tilkynnt að fyrirtækið hafi samið um útgáfu skuldabréfs til 7 ára að fjárhæð 5 milljónir Bandaríkjadala, eða sem samsvarar 660 milljónum króna. Bréfið mun bera 3,9% fasta vexti sem greiðast ásamt höfuðstól í einu lagi á lokagjalddaga. Andvirði útgáfunnar verður nýtt til almennrar fjármögnunar Landsvirkjunar.

## 13 MILLJARÐA AUKNING Í ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTUM

Þjónustuviðskipti við útlönd skiluðu meiri afgangi á 3. fjórðungi en þau hafa áður gert á einum ársfjórðungi. Tekjur af þjónustuútflutningi námu 190 milljörðum króna en gjöld vegna þjónustuinnflutnings voru 99,5 milljarðar samkvæmt tölum Hagstofunnar. Afgangurinn, um 90 milljarðar, er 13 milljörðum meiri en á sama tíma í fyrra.

## 29. 11. 2015

**Hann ætlar enn og aftur að taka sér það hlutverk að vera hlífiskjöldur yfir viðkvæmri þjóð. Hann ætlar að leiða okkur í gegnum þetta. Við þurfum bara lýðræði. Við þurfum ekkert karl á sjötugsaldri sem leiðir okkur í gegnum þetta. Þetta er afburðamaður og við eigum margt að þakka honum. En hann þarf ekkert að hjálpa okkur að komast í gegnum þetta.** Þóra Tómasdóttir, verðandi ritstjóri.




POTTURINN OG PANNAN
Í JÓLAELDHÚSINU



FASTUS býður upp á mikið úrval af stórglæsilegum, vönduðum pottum, sem eru hverju eldhúsi til sóma.

*Ilmurinn úr eldhúsinu er svo lokkandi…*

FASTUS Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16
Opið mán - fös 8:30 - 17:00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

## Nudd

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þær, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## TILKYNNINGAR

## Einkamál




**ERT ÞÚ DJÖRF KONA?**
Viltu skemmta þér í góðra vina hóp hjá Íslendingum.eu? Sláðu inn "djarfarkonur.eu"

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**GINGER**

**ERTU AÐ LEITA AÐ VINNU?/**
**LOOKING FOR A JOB?**
Ginger óskar eftir starfsfólki í hlutastarf, ca. 50% alla virka daga frá 10:30-15:00 Ef þú ert 18 ára eða eldri og reyklaus sendu þá ferilskrá á netfangið brynja@ginger.is eða kíktu við í Ginger Síðumúla 17 milli kl. 14-16 alla virka daga.

**Þjóna vantar á Sólon Bistro**
**Waiters and waitresses needed at Sólon Bistro**
**Email: solon@solon.is**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
**907 2003**
Hjálparstarf kirkjunnar

## til leigu

# Til leigu

Veiðifélag Úlfarsár leitar eftir þátttakendum í lokuðu útboði í lax- og silungaveiði á starfsvæði félagsins fyrir árin 2017 til 2021 að báðum árum meðtöldum.

Þeir sem óska eftir að taka þátt í útboði sendi upplýsingar um fyrirtæki sitt, reynslu af sölu og þjónustu við veiðimenn, ársreikning og staðfestingu á skilum opinberra gjalda til Versala ehf., Fannafold 162, 112 Reykjavík, eigi síðar en 17. desember 2015.

Farið verður með öll gögn sem trúnaðarmál.
Fyrirspurnir skal senda á versalirehf@gmail.com

Stjórn Veiðifélagsins Úlfarsá

## atvinna

MOSFELLSBÆR — Lágafellsskóli

# Lágafellsskóli Mosfellsbæ

**Deildarstjóri óskast í stjórnendateymi skólans**

Meginverkefni viðkomandi er þátttaka í þriggja manna stjórnunarteymi í Höfðabergi sem er útibú frá Lágafellsskóla. Viðkomandi er einnig í stjórnendateymi skólans. Í Höfðabergi eru 190 börn í þremur 5 ára deildum leikskóla ásamt 1. og 2. bekk grunnskóla. Markvisst samstarf er milli árganganna þriggja.
Höfðaberg er staðsett við Æðarhöfða í Mosfellsbæ.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á www.mos.is

Laun samkvæmt kjarasamningi SNS og KÍ. Upplýsingar um starfið veitir Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri og staðgengill skólastjóra í síma 5259200 eða 6920233. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist með tölvupósti á netfangið asta@lagafellsskoli.is

**Umsóknarfrestur um starfið er til 14. desember 2015.**

*Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.*

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



SAFT

## tilkynningar

**Landsvirkjun**

### STÆKKUN BÚRFELLSVIRKJUNAR
### Útboð nr. 20199
### Lokur og þrýstipípa

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í lokur og þrýstipípu vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar samkvæmt útboðsgögnum nr. 20199.

**Verkið felst m.a. í að hanna, smíða, prófa og setja upp eftirfarandi:**

- Inntaksrist, 7.0 m x 8.6 m, (3 einingar)
- Viðgerðarloku, 5.4 m x 5.4 m, (2 einingar)
- Inntaksloku (hjólaloku), 5.2 m x 5.2 m, 1 stk.
- Sográsarlokur, 5.0 m x 5.8 m; 2 stk. (3 einingar hvor)
- Þrýstipípu, þvermál 5,2 m og lengd 129 m með einu 90° beygjustykki
- Ultrasonic flæðimæli

**Framkvæmdum skal að fullu lokið í janúar 2018.**

Útboðsgögn eru aðgengileg á útboðsvef Landsvirkjunar, http://utbod.lv.is

Tilboðum skal skila til Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, **fyrir klukkan 12:00 fimmtudaginn 11. febrúar 2016** þar sem þau verða opnuð kl. 14:00 sama dag og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

## fasteignir



**Vesturgata 50A**

**OPIÐ HÚS Í DAG**
**miðvikudaginn 2.des kl.17:00-17:30**



Bókaðu skoðun:
**Páll Þórólfsson**
aðstoðm. fast.
sími: 893 9929
pall@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali
sími: 661 2100
oskar@miklaborg.is

Mjög falleg, vel skipulögð og nánast algjörlega endurnýjuð 86 fermetra 4ra herbergja íbúð á fjórðu hæð í góðu lyftuhúsi vestast í Vesturbænum. Suðvestur svalir.
Stutt í miðbæ Reykjavíkur og í alla þjónustu.

Verð: **43,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Helluvað 7 - Glæsileg 4ra herbergja útsýnisíbúð.**

**Eignin verður til sýnis í dag, miðvikudag, frá kl. 17.15 – 17.45**




Útsýnisíbúð með suðursvölum í fjölbýlishúsi á mörkum Elliðavatns, Heiðmerkur og Rauðavatns. Sér bílastæði í lokaðri bílageymslu. Eingöngu tvær íbúðir á hverri hæð. Útsýni frá eigninni er óviðjafnanlegt. Til suðurs að Bláfjöllum, yfir Heiðmörk og Elliðavatn frá stórum suður svölum og stofu. Íbúðin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta. Góð aðkoma. Sameign snyrtileg. **Verð 43,9 millj. Verið velkomin.**

**TRAUSTI fasteignasala**



**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali
Löggiltur leigumiðlari



**Kristján Baldursson hdl.**
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari

### BAUGHÚS 33




**OPIÐ HÚS MIÐVIKUD. 2. DES. KL. 17:30-18:00**
Glæsilegt 5-6 herbergja 197,6 fm parhús á 2. hæðum í Húsahverfinu í Grafarvogi. Íbúðarrými er 152,8 fm og bílskúr skráður 44,8 fm. Fallegt útsýni af efri hæð hússins, rúmgóð stofa/borðstofa, ný eldhúsinnrétting og gróin lóð með sólpalli. **Ásett verð: 57,8 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

# Leyna bágum aðstæðum

**Knattspyrnufélagið Valur hefur sett á laggirnar styrktarsjóð til að tryggja að engu barni sem vill stunda íþróttir sé meinað það sökum fjárskorts á heimili sínu. Þorgrímur Þráinsson rithöfundur er í stjórn sjóðsins og hann segir að þörfin sé því miður mikil.**

„Hlutverk sjóðsins er að tryggja að allir núverandi og framtíðariðkendur hjá Val geti staðið straum af þeim kostnaði sem fylgir því að stunda íþróttir í Val,“ segir Þorgrímur Þráinsson um nýjan styrktarsjóð. Sá hefur hlotið nafnið Friðrikssjóður í höfuðið á séra Friðriki Friðrikssyni, stofnanda Vals.

„Það er miklu meiri þörf fyrir svona sjóð en við gerum okkur almennt grein fyrir,“ segir Þorgrímur sem er einn þeirra þriggja sem skipa stjórn. „Ég hef alveg heyrt af krökkum sem segjast ekki hafa áhuga á að stunda íþróttir bara til að vernda mömmu og pabba sem hafa ekki efni á að borga æfingagjöld. Þess vegna finnst mér þetta frábært framtak hjá Val og í anda séra Friðriks. Ég vona að sem flest íþróttafélög á landinu taki upp eitthvert sambærilegt fyrirkomulag því öll börn eiga að hafa sama rétt. Því miður hefur ástandið verið þannig að einstaka foreldri eða forráðamaður iðkenda í Val hefur ekki haft tök á því að greiða æfingagjöld og hefur sá kostnaður yfirleitt verið afskrifaður af félaginu eða samið um aðrar greiðslur.“

Skipulagsskrá og úthlutunarreglur sjóðsins ásamt umsóknareyðublaði er hægt að nálgast á heimasíðu Vals undir hlekknum Friðrikssjóður. Stofnfé sjóðsins er sjálfsaflafé og búið er að tryggja fjármögnun sjóðsins í þrjú ár hið minnsta.

Þorgrímur segir stjórn sjóðsins meta umsóknir og greinargerðir frá foreldrum eða forráðamönnum barna einu sinni á ári eða oftar og segir allar slíkar umsóknir trúnaðarmál.

gun@frettabladid.is



**Farið verður með allar umsóknir í Friðrikssjóð sem trúnaðarmál að sögn Þorgríms Þráinssonar, eins stjórnarmanns af þremur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

---



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Fríða Sveinsdóttir**

lést fimmtudaginn 19. nóvember. Útför hennar fer fram frá Neskirkju föstudaginn 4. desember kl. 15.00.

**Bragi Þorsteinsson**
**Helga Bragadóttir** **Jóhann Sigurjónsson**
**Halldóra Bragadóttir** **Árni B. Björnsson**
**Sveinn Bragason** **Unnur Styrkársdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Gísli Jóhann Viborg Jensson**
Sóleyjarima 5,

lést á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 22. nóvember. Jarðarför fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 4. desember kl. 15.

**Þórunn Elísabet Stefánsdóttir**
**Anna María Gísladóttir** **Ingólfur Jón Hauksson**
**Einar Gísli Þorbjörnsson**
**Þorbjörn Jóhann Þorbjörnsson**

---



†

Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigurgeir Jónsson**
Fagurhólsmýri,

andaðist föstudaginn 27. nóvember síðastliðinn. Jarðarför verður frá Hofskirkju í Öræfum laugardaginn 19. desember kl. 13.00.

**Guðmunda Jónsdóttir**
**Jónína Sigurgeirsdóttir**
**Ólafur Thoroddsen**
**Sigrún Sigurgeirsdóttir**
**Guðmundur Þorsteinsson**
**Helgi Sigurgeirsson**
**Hildur Árnadóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Herdís Jóhannsdóttir**
hjúkrunarheimilinu Mörk,
áður til heimilis að Fellsmúla 16,

lést þann 23. nóvember á hjúkrunarheimilinu Mörk. Útför hennar fer fram frá Hjallakirkju í Kópavogi, föstudaginn 4. desember kl. 13.00.

**Jón Erlendsson** **Ragnheiður K. Sigurðardóttir**
**Sigurður Orri Jónsson** **Hrafnhildur Þorleifsdóttir**
**Halldór Örn Jónsson**
**Herdís Rún, Katrín Ósk og Arndís Rut Sigurðardætur**

---



†

Ástkær sonur minn, faðir okkar, bróðir og mágur,

**Styrmir Jónsson**
Miðholti 8, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu 22. nóvember. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 4. desember kl. 13.00.

**Jónína Valgerður Sigurðardóttir**
**Þórdís Tinna Styrmisdóttir**
**Styrmir Hrafn Styrmisson**
**Jón Arnór Styrmisson**
**Sigurður Jóhann Styrmisson**
**Rúnar Þór Styrmisson**
**Berglind Ágústsdóttir** **Ragnar S. Geirsson**
**Þórarinn Jónsson** **Sigurlaug H. Birgisdóttir**

---



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðbjörg Kristrún Guðmundsdóttir Roesel**

andaðist þann 19. nóvember sl. á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin verður auglýst síðar.

**Roy Richard Roesel Jr.**
**Tamara Lísa Roesel** **Michele Trappella**
**Nanna Björg Benediktz** **Guðmundur Birgir Stefánsson**
**Helgi Þór Guðmundsson** **Kirstín Dóra Árnadóttir**
**Birgir Hlynur Guðmundsson og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Vilhelm Guðmundsson**
Garðbraut 86,
Garði,

lést mánudaginn 30. nóvember.

**Björg Björnsdóttir**
**Auður Vilhelmsdóttir** **Ásbjörn Jónsson**
**Björn Vilhelmsson** **Laufey Erlendsdóttir**
**Hildur Vilhelmsdóttir** **Franz Eiríksson**
**Atli Vilberg Vilhelmsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



†

Hjartans þakkir til ykkar sem sýndu okkur samúð og vináttu vegna andláts og útfarar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ástu Kristinsdóttur**

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Lögmannshlíðar.

**Sigurhörður Frímannsson**
**börn, tengdabörn og fjölskyldur.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hildigunnur Halldórsdóttir**
Laugarnesvegi 89,
áður til heimilis að Hagamel 26,

lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 28. nóvember.

**Hjördís Sigrún Pálsdóttir** **Björgúlfur Pétursson**
**Þorgerður Pálsdóttir** **Guðmundur K. Marinósson**
**Bentína Unnur Pálsdóttir** **Kristinn Á. Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**María Ásbjörnsdóttir**
Borgarbraut 65a, Borgarnesi,

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju föstudaginn 4. desember kl. 14.00.

**Jónína K. Eyvindsdóttir** **Magnús Kristjánsson**
**Drífa Eyvindsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



†

Hjartkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ragnar Sigurður Bergmann Benediktsson**
Barkarstöðum, Miðfirði,
Húnaþingi vestra,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Hvammstanga, laugardaginn 28. nóvember. Útförin fer fram frá Melstaðarkirkju miðvikudaginn 9. desember kl. 14.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Hvammstanga.

**Karl Georg Ragnarsson** **María Rós Jónsdóttir**
**Ásta Pálína Ragnarsdóttir** **Magnús Sverrisson**
**Jenný Karólína Ragnarsdóttir** **Hilmar Sverrisson**
**Margrét Halla Ragnarsdóttir** **Jón Gunnarsson**
**Benedikt Ragnarsson** **Jóhanna H. Þorsteinsdóttir**
**Helga Berglind Ragnarsdóttir** **Sigmar Benediktsson**
**Álfheiður Árdal** **Jakob Friðriksson**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



†

Okkar ástkæri

**Gísli Bjarnason**
tæknifræðingur,
Gaukshólum 2,

lést á Landspítalanum 29. nóvember. Útförin auglýst síðar.

**Þóra Björk Róbertsdóttir**
**Bjarni Kristbjörnsson**
**Guðrún Inga Bjarnadóttir**
**Kristbjörn Bjarnason** **Steinunn Björg Jónsdóttir**
**Valgerður Bjarnadóttir** **Óskar Garðar Hallgrímsson**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

# HÁTÍÐ BARNANNA!




I love that minifigure
Vildarverð: 3.149.-
Verð: 4.499.-




Build your own adventure - Friends
Vildarverð: 3.149.-
Verð: 4.499.-




Awesome ideas
Vildarverð: 3.219.-
Verð: 4.599.-




Build your own adventure - Ninjago
Vildarverð: 3.149.-
Verð: 4.499.-




25% vildar-afsláttur

Snákaspilið FROZEN
Vildarverð: 3.119.-
Verð: 4.159.-




25% vildar-afsláttur

Fótboltaspil - 50 cm
Vildarverð: 7.499.-
Verð: 9.999.-




Púsl FROZEN (100 bitar)
Verð: 2.199.-




Púsl MAX Steel (160 bitar)
Verð: 1.749.-



25% vildar-afsláttur

Teikniborð FROZEN
Vildarverð: 3.749.-
Verð: 4.999.-




40% vildar-afsláttur

Púsl Nature (1000 bitar)
Vildarverð: 1.781.-
Verð: 2.969.-




Lærðu á líkamann - Módel púsl
Verð: 1.999.-




Boxpúði, uppblásinn - Avengers
Verð: 2.299.-



VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð gilda frá 2. desember, til og með 6. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Suðvestanátt og víða él í dag, en vestanhvassviðri eða -stormur og snjókoma norðaustanlands fram eftir degi. Frost víða 1 til 6 stig.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -2° | -5° | -2° |
| 8 | 8 | 9 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -4° | -7° | -11° |
| 18 | 8 | 5 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -2° | -4° | -7° |
| 10 | 7 | 6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -2° | -2° | -10° |
| 9 | 8 | 2 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. bauti
6. í röð
8. sægur
9. pfn.
11. ullarflóki
12. frárennsli
14. gistihús
16. upphrópun
17. maka
18. blóm
20. tvíhljóði
21. skraut

**LÓÐRÉTT**
1. úða
3. umhverfis
4. formann
5. titill
7. skellinaðra
10. æxlunarkorn
13. svif
15. blað
16. amboð
19. gyltu

**LÁRÉTT:** 2. buff, 6. áb, 8. mor, 9. mig, 11. rú, 12. afrás, 14. hótel, 16. oj, 17. ata, 18. rós, 20. au, 21. flúr.
**LÓÐRÉTT:** 1. háma, 3. um, 4. forseta, 5. frú, 7. bifhjól, 10. gró, 13. áta, 15. lauf, 16. orf, 19. sú.



### Skák Gunnar Björnsson

Helgi Áss Grétarsson (2.450) átti leik Guðmundi Daðasyni (2.146) á Íslandsmóti skákfélaga sl. haust.



**Hvítur á leik**

**19. Rh6+! gxh6 20. Hxf6 Be6 21. Bxh6 Dd8 22. Hxg6+!** Svartur gaf. **22. ... hxg6** er svarað með **23. De5!** Ölduselsskóli og Laugarlækjaskóli sigruðu á Jólamóti TR og ÍTR.

**www.skak.is:** Ný skákstig




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 8 | 1 | 5 | | | | 9 |
| | 6 | 9 | | | | 5 | | |
| | 2 | | | 3 | | | 7 | |
| | | 6 | 5 | | | 8 | 9 | |
| | | | | 9 | | 6 | | |
| | 1 | 4 | 7 | 8 | | | | 5 |
| | 9 | | | 1 | | | | 6 |
| | | 3 | | | | | | |
| 5 | | | 8 | | 4 | | 3 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 2 | | |
| | | | | | | | | |
| | 9 | 4 | | 2 | 3 | 5 | | |
| | 8 | | 6 | | 9 | | | 1 |
| 5 | 7 | 6 | | | 1 | 9 | | |
| | | 2 | | 8 | 4 | | | 5 |
| | | | 3 | 1 | | | 7 | 2 |
| 7 | | | | 4 | | | | |
| | | 5 | | 7 | 6 | 3 | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 8 | | | | | |
| 5 | 8 | 9 | | 1 | | | | |
| | 3 | 7 | 4 | | | 8 | 1 | |
| | | | | 5 | | | | 8 |
| | 7 | | 9 | | 1 | | | 4 |
| | | 3 | | | | | 9 | 2 |
| | | | 5 | | | 3 | 6 | |
| | | | | | | | | 9 |
| 8 | | 1 | | | 9 | | 2 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 4 | 1 | 9 | 3 | 2 | 5 | 6 |
| 2 | 5 | 9 | 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 | 8 | 4 | 9 |
| 1 | 3 | 6 | 8 | 7 | 9 | 5 | 2 | 4 |
| 4 | 7 | 2 | 6 | 1 | 5 | 9 | 8 | 3 |
| 5 | 9 | 8 | 3 | 2 | 4 | 6 | 1 | 7 |
| 8 | 1 | 7 | 5 | 3 | 6 | 4 | 9 | 2 |
| 6 | 2 | 5 | 9 | 4 | 1 | 7 | 3 | 8 |
| 9 | 4 | 3 | 7 | 8 | 2 | 1 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 1 |
| 1 | 2 | 8 | 7 | 9 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 3 | 4 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 | 8 | 9 |
| 7 | 6 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 |
| 2 | 8 | 1 | 9 | 5 | 3 | 6 | 4 | 7 |
| 5 | 3 | 9 | 4 | 7 | 6 | 8 | 1 | 2 |
| 4 | 7 | 2 | 5 | 8 | 9 | 1 | 6 | 3 |
| 6 | 1 | 3 | 2 | 4 | 7 | 5 | 9 | 8 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 3 | 1 | 2 | 7 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 8 | 6 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 5 | 1 | 2 | 3 | 7 | 8 | 9 |
| 6 | 1 | 4 | 8 | 3 | 5 | 9 | 2 | 7 |
| 3 | 5 | 9 | 2 | 6 | 7 | 1 | 4 | 8 |
| 7 | 8 | 2 | 4 | 1 | 9 | 3 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 6 | 3 | 9 | 1 | 8 | 7 | 4 |
| 8 | 7 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 | 9 | 3 |
| 9 | 4 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 | 2 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Miðasala á tix.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528 5050

DÆGURFLUGAN

# Litlar byltingar og stórar

**BÆKUR**

**Litlar byltingar – draumar um betri daga**

★★★★☆

**Kristín Helga Gunnarsdóttir**
Mál og menning




Eitt af því mikilvæga sem það að halda svona vel og rækilega upp á hundrað ára kosningaafmæli kvenna í ár leiddi af sér er áhugi og vakning um kvennasögu og kvennasögur. Hundruð ef ekki þúsundir hafa hlýtt á konur segja sögur amma sinna á fyrirlestrum á vegum Rannsóknarstofnunar í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands en markmiðið með fyrirlestraröðinni var að segja sögur kvenna sem lifðu þann tíma þegar nútíminn hóf innreið sína á Íslandi og varpa ljósi á framlag þeirra, stöðu og aðstæður. Í framhaldinu fór Þjóðminjasafnið að safna ömmusögum og Landsbókasafnið safnar nú bréfum, dagbókum og fleiru eftir konur til að bæta í rýran kost, þar sem efni eftir konur var þar að auki flokkað undir nöfnum eiginmanna þeirra og því erfitt að finna það við venjulega gagnaleit. Konur gera einnig gangskör að skrásetningu sögu kvenna í myndrænu formi, og má sem dæmi nefna sjónvarpsþættina Öldin hennar og heimildarmyndir Höllu Kristínar Einarsdóttur um rauðsokkahreyfinguna og kvennaframboðin og mynd Ölmu Ómarsdóttur um stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum sem báðar voru frumsýndar á þessu ári.

Og kvennasagan er enn að gerast, í ár hafa konur líka staðið fyrir stórum og mikilvægum byltingum sem fólust meðal annars í því að segja sögur sem allt of lengi hafa legið í þagnargildi undir merkinu #þöggun. Kvennasagan og kvennasögur eru því bæði í mótun og skrásetningu á þessu ári sem aldrei fyrr.

Sagan Litlar byltingar eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur smellpassar í þessa kvennasögugósentíð. Þó sögurnar séu skáldskapur byggja þær á sögum raunverulegra kvenna sem höfundur nýtir sér til að segja kvennasögu tuttugustu aldar. Í bókinni eru sögur tíu kvenna fléttaðar saman í eina heild, sögusviðið spannar allt frá torfbæ til skemmtisnekkju á Miðjarðarhafinu, með viðkomu í Reykjavík í mótun, bóhemhverfum Kaupmannahafnar og glæsivillum vestanhafs. Söguhetjurnar eru alþýðukonur sem hver á sínu tímabili og sinn hátt eiga það sameiginlegt að hafa kjark til að breyta lífi sínu og þeim römmum sem þeim eru settir og við fáum að vera á staðnum á þeim stundum þegar líf þeirra krefst þessara byltinga.

Kristín Helga er frábær sögumaður, eins og allir krakkar á Íslandi og þeir sem lesa fyrir þau vita. Í þessari bók fá fullorðnir að njóta þess á sínum forsendum, sagan er feiknavel fléttuð og þessar tíu sögur sem flakka ólínulega milli tímabila byggja þannig heilsteypta frásögn sem heillar lesandann upp úr skónum á fyrstu síðu og allt til enda.

Mér finnst Litlar byltingar vera sagan mín og ég er viss um að margar konur upplifa slíkt hið sama. Þetta eru sögurnar af konunum í ættinni sem við heyrðum þegar við földum okkur undir borði í saumaklúbbum hjá mömmum okkar og ömmum, við eldhúsborðið þegar frænkur komu í heimsókn, sögurnar sem við byggðum okkar sjálfsmynd að einhverju leyti á, sögurnar um það sem við máttum eiga von á í lífinu og það sem við gætum stefnt á að verða. Sagan okkar.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**SAMANTEKT:** Feiknavel skrifuð saga kvenna á tuttugustu öld og fram á þá tuttugustu og fyrstu, mikilvægt innlegg í kvennasögu, bæði skemmtileg og fróðleg.






FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON

# Gott grín um spaug og tjáningarfrelsið

**LEIKHÚS**

**Þetta er grín, án djóks**

★★★☆☆

**Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Menningarhúsið Hof**

**Sýnt í Hörpu**
**Höfundar:** Halldór Laxness Halldórsson og Saga Garðarsdóttir
**Leikstjóri:** Jón Páll Eyjólfsson
**Leikarar:** Halldór Laxness Halldórsson, Saga Garðarsdóttir og Benedikt Karl Gröndal
**Leikmynd og búningar:** Magnea Guðmundsdóttir
**Lýsing:** Ólafur Ágúst Stefánsson
**Tónlist:** Snorri Helgason
**Hljóðmynd:** Einar Karl Valmundsson

Neðsta hæð Eldborgar í Hörpu var þéttsetin síðastliðinn laugardag, áhorfendur hljóta að hafa talið tæplega átta hundruð. Tilefnið var Þetta er grín, án djóks í sviðsetningu Leikfélags Akureyrar í samstarfi við Menningarhúsið Hof með Halldóri Laxness Halldórssyni og Sögu Garðarsdóttur í aðalhlutverkum. Í stuttu máli fjallar verkið um parið Dóra og Sögu sem takast á við tilhugalífið, tilgang grínsins og viðbrögð samfélagsins við óhefluðum húmor.

Halldór Laxness Halldórsson hefur einstaka sviðsframkomu og spyrja má hvort hann ætti ekki að spreyta sig oftar í leikritum. Radd- og líkamsbeiting hans er í háklassa, eftirhermurnar hans eru bráðfyndnar og tímasetningin hans flott. Samleikur hans og Sögu Garðarsdóttur er fínn og tímasetningar hennar sömuleiðis góðar. Hún kemst alveg á flug í flottu atriði þar sem klámfenginn og mögulega óviðeigandi brandari um Andabæ er til umræðu.

Benedikt Karl Gröndal leikur misheppnaða, taugastrekkta og vanhæfa umboðsmann parsins. Karakterinn hans er fram settur sem mótvægi fyrir parið en spyrja má hvort honum sé ofaukið þrátt fyrir góða gríntakta frá Benedikt.

Margir þjóðþekktir einstaklingar fá rækilega á baukinn sem vekur mikla kæti. Saga setur fram einstaklega fyndnar getgátur um ímyndunaraflið, fyrrverandi ráðherra og lekamálið, sem á eftir að sitja lengi í minninu. Hugmyndirnar um tilgang og ritskoðun gríns eru mjög athyglisverðar og mikilvægar í nútímasamfélagi. Leikstjórn Jón Páls Eyjólfssonar er einnig áhugaverð en parið brýtur fjórða vegginn stöðugt þannig að uppistands- og leikritaformið blandast ágætlega saman.

Vandamálið liggur þá helst í ramma sýningarinnar. Þrátt fyrir góða spretti þá missir sýningin oft kraft á milli atriða. Hún hefði mátt vera markvissari. Að lokum fjarar sýningin eiginlega út, mörg atriði gera það líka, og er jafnvel aðeins of löng þó að hún sé aldrei þreytandi.

En eftir hlé á Halldór fyndnustu innkomu sem sést hefur á þessu leikári. Ómögulegt er að segja frá henni án þess eyðileggja augnablikið en Halldór, í ógleymanlegum búningi með gerviyfirvaraskegg, gjörsamlega negldi atriðið þannig að áhorfendur gátu lítið annað gert heldur en að emja úr hlátri og taka andköf í senn. Algjörlega óviðeigandi og algjörlega ómótstæðileg þar sem andi Mel Brooks sveif yfir salnum.

Bæði leikmynd og búningar eru í höndum Magneu Guðmundsdóttur en ekki er hægt að segja að þetta hafi verið sérstaklega vel heppnað. Bakveggurinn er málaður eins og íþróttavöllur og íþróttaþema áberandi. Þó að brekkan virki vel fyrir innkomur þá rímar sviðsmyndin ekki nægilega vel við innihaldið. Ekki búningarnir heldur sem samanstanda af furðulegum samsetningum og parið eyðir miklum tíma á nærfötunum. Aftur á móti voru dýragrímurnar vel heppnaðar og skemmtilega notaðar. Lítið fór fyrir tónlist Snorra Helgasonar. Fyrirheitin um nýjar útgáfur af gömlum grínlögum hurfu í lágstemmd stef sem hljómuðu í bakgrunninum og á milli atriða.

Halldór og Saga dansa viljandi á siðgæðismörkunum, stíga yfir þau, draga í land og njóta þess í botn. Áhorfendur einnig. Hlátrasköllin voru fjölmörg en sýningin líður fyrir ómarkvisst handrit og óskýra sviðsetningu. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Þrátt fyrir óborganleg atriði, og góðar hugmyndir, þá vantar herslumuninn.



# Til hamingju

## Arnar Már Arngrímsson

**með verðskuldaða tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir Sölvasögu unglings!**






1. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON
Ungmennabækur 18. nóvember

5 BÓKSÖLULISTINN
Ungmenna-bækur
01.11.-22.11.2015

*„Þetta er þroskasaga úr samtímanum og ég óska Arnari til hamingju með þessa fallegu og skemmtilegu bók.“*
Andri Snær Magnason

*„Textinn er kraftmikill og litríkur, fyndinn og fallega hrár, sagan er full af tilfinningalegu innsæi og samkennd, bæði skemmtileg og gagnleg.“*
Hildur Eir Bolladóttir, prestur

*„Vel skrifuð bók sem fjallar á raunsannan hátt um unglingsárin. Ekki síður bók fyrir foreldra en unglinga.“*
Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Frostaskjóls og mamma.

*„Þrátt fyrir að umfjöllunarefnið sé viðkvæmt er bókin skemmtileg aflestrar og hver eftirminnileg persónan af annarri birtist lesandanum.“*
Jóhannes Bjarnason, kennari og íþróttaþjálfari

*„Það er ekki laust við að ég, líklega eins og margir ungir karlmenn, sjái sjálfan mig í söguhetjunni og raunum hans. Það er ómögulegt að bíða lengur en í ár, tops, eftir framhaldi eða einhverju sem býr yfir þessum sömu töfrum.“*
Jóel Enok Kristinsson

**Fyrsta bók Arnars Más Arngrímssonar heillar lesendur upp úr skónum!**

10 ára
sögur útgáfa
2005–2015

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG







**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 |
| THE GOOD DINOSAUR ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| SOLACE | KL. 8 - 10:20 |
| SOLACE VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| STEVE JOBS | KL. 8 - 10:40 |
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:10 |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| EVEREST 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 |
| THE GOOD DINOSAUR ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| SOLACE | KL. 8 - 10:20 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:20 |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |

SAMbio.is

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| SOLACE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| SPECTRE | KL. 6 - 8 - 9 - 10:10 |
| SCOUTS GUIDE | KL. 11 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 8 |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 |
| THE GOOD DINOSAUR ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| SOLACE | KL. 8 - 10:20 |
| SPECTRE | KL. 5:20 - 8:30 - 10:10 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |
| BRIDGE OF SPIES | KL. 7 |
| THE NIGHT BEFORE | KL. 8 |
| HUNGER GAMES 3D | KL. 10:10 |
| SPECTRE | KL. 10:10 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ
miði.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HUNGER GAMES 4 2D | 5:15, 8, 10:10 |
| THE NIGHT BEFORE | 8, 10:45 |
| GÓÐA RISAEÐLAN 2D | 5:15 |
| SPECTRE | 6, 9 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

## 2. DESEMBER 2015

### Ráðstefna

**Hvað?** Ráðstefnan Vesturíslenskt mál og menning
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Fyrirlestrasalur, Þjóðminjasafni
Ráðstefnan tengist rannsóknarverkefninu Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd sem hlaut styrk úr Rannís. Á ráðstefnunni verður fjöldi fyrirlesara og meðal annars þær Angela Hoffman frá Uppsalaháskóla og Karoline Kühl frá Kaupmannahafnarháskóla. Ráðstefnan er öllum opin.

### Tónlist

**Hvað?** Jólin alls staðar
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Messósópraninn Sesselja Kristjánsdóttir og píanóleikarinn Eva Þyri Hilmarsdóttir flytja nokkrar jólaperlur. Guðrún Birgisdóttir, flautuleikari og listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar Líttu inn í hádeginu, leikur einnig með þeim í nokkrum lögum. Á efnisskránni má meðal annars finna lög á borð við Hin fyrstu jól, Það á að gefa börnum brauð og Þorláksmessukvöld. Miðaverð er 1.500 krónur og er boðið upp á kaffi, te og piparkökur fyrir tónleikana.

**Hvað?** Tunes and Brews
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Reykjavík Roasters, Brautarholti 2
Marteinn Sindri, Markús, Adda og Heiða trúbador mæta með gítar og syngja lög sín. Frítt inn.

**Hvað?** Blikktromman - Sin Fang
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kaldalón, Hörpu
Sin Fang kemur fram ásamt gestahljóðfæraleikurum og flytur eldra efni í bland við nýtt. Blikktromman er ný tónleikaröð í Hörpu og er haldin fyrsta miðvikudagskvöld hvers mánaðar. Miðaverð er 3.500 krónur.

**Hvað?** Aðventu- og jólatónleikar Kórs Vídalínskirkju
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Vídalínskirkja
Á efnisskránni eru ýmsar kórperlur, þekktar og óþekktar eftir innlend og erlend tónskáld. Einnig verða frumfluttir textar tveggja kórfélaga og á orgelið leikur Douglas Brotchie og stjórnandi er Jóhann Baldvinsson. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Útgáfutónleikar - Heilög jól
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Háteigskirkja
Jóla- og útgáfutónleikar vegna útgáfu plötunnar Heilög jól. Að tónleikum loknum verður boðið upp á jólaglögg og kakó. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Tríó Tómasar R.
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Björtuloft, Hörpu
Tríó bassaleikarans Tómasar R. Einarssonar kemur fram á tónleikum Jazzklúbbsins Múlans. Aðrir meðlimir tríósins eru gítarleikarinn Ómar Guðjónsson og söngkonan Sigríður Thorlacius. Miðaverð er 2.000 krónur eða 1.000 krónur fyrir nemendur og eldri borgara.

### Uppistand

**Hvað?** Hí á Húrra
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Húrra
Uppistandshópurinn Hienurnar kemur fram fyndnari en nokkru sinni fyrr. Hienurnar skipa þau Hugleikur Dagsson, Bylgja Babýlons, Andri Ívars, Þórdís Nadia, Snjólaug Lúðvíksdóttir og Ragnar Hansson. Miðaverð er 1.000 krónur.

### Uppákomur

**Hvað?** Afhending Kærleikskúlunnar 2015
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra býður til athafnar á Kjarvalsstöðum í dag. Fyrsta Kærleikskúlan er afhent verðugri fyrirmynd eða fyrirmyndum við hátíðlega athöfn, Biskup Íslands blessar kúluna og bjöllukórinn leikur nokkur lög.

**Hvað?** Aðventustemning í desember
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið í Árbæ
Aðventustemning alla miðvikudaga í desember á Borgarbókasafninu í Árbæ. Jólaglögg, piparkökur, upplestur og föndur. Allir velkomnir.

**Hvað?** Leshringurinn
**Hvenær?** 16.15
**Hvar?** Ársafn, Árbær
Lesefnið að þessu sinni er Elfrid: Frá hörmungum Þýskalands til hamingjustrandar og ljóðabók Bubba Morthens, Öskraðu gat á myrkrið. Leshringurinn hittist í Ársafni fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði.


Stefán Máni les upp úr bók sinni Nautið í Bókasafninu í Grindavík í dag.

**Hvað?** Handverkskaffi – Skreytum og gleðjum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gerðuberg
Mæðgurnar Elín Kristín Guðrúnardóttir og Guðrún María Guðmundsdóttir sýna hvernig hægt er að hekla og prjóna jólakúlur. Þeir sem vilja prófa þurfa að hafa meðferðis heklgarn númer 10, jólakúlu sem er 7 cm í þvermál og 22 cm í ummál, heklunál númer 1,75 og prjóna númer 2,5. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.



Snjólaug Lúðvíksdóttir er meðlimur í uppistandshópnum Hienurnar sem kemur fram á Húrra í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað?** Gongnæring
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Jógasalur Ljósheima, Borgartúni 3-4
Byrjað er á stuttri hugleiðslu og slökun áður en spilað er á tvö gong og farið í tveggja tíma gong-ferðalag. Aðgangseyrir er 3.000 krónur og allir velkomnir.

### Kvikmyndir

**Hvað?** Lives Worth Living - Líf sem vert er að lifa
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Silfurberg, Harpa
Sjálfsbjörg – Landssamband fatlaðra í samvinnu við bandaríska sendiráðið stendur fyrir sýningu á heimildarmyndinni Lives Worth Living - Líf sem vert er að lifa í dag í tilefni af alþjóðadegi fatlaðs fólks sem er á morgun. Eftir sýninguna fara fram pallborðsumræður. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

### Fundur

**Hvað?** Morgunverðarfundur: Ofbeldi í ókunnu landi – heimilisofbeldi gegn konum af erlendum uppruna
**Hvenær?** 08.15
**Hvar?** Kvennaheimilið Hallveigarstaðir, Túngötu 14
Ísól Björk Karlsdóttir, starfskona Kvennaathvarfsins og MA-nemi í félagsfræði, kynnir niðurstöður rannsóknar sinnar á þörf fyrir samfélagsfræðslu til fólks af erlendum uppruna og hugmyndir um hvernig standa megi að slíkri fræðslu, reynslusaga frá Josephine Walwira Wanjiru og Hildur Guðmundsdóttir kynnir áherslur Kvennaathvarfsins í starfi með konum af erlendum uppruna. Fundurinn er öllum opinn og aðgangur er ókeypis.

### Fyrirlestur

**Hvað?** Gestagangur – Emotion of Typography
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listaháskóli Íslands, Þverholti
Fraser Muggeridge heldur erindi í fyrirlestraröð hönnunar- og arkitektúrsdeildar LHÍ. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og eru allir velkomnir.

### Útgáfuhóf

**Hvað?** Hvörf
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bókabúð Máls og menningar
Dísa Sigurðardóttir fagnar útgáfu fyrstu ljóðabókar sinnar, Hvörf. Lesið verður upp úr bókinni.

**Hvað?** Make a Painting of Trees Growing in a Forest
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Crymogea, Barónsstíg 27
Útgáfu síðustu bókar ársins hjá Crymogea fagnað.

### Upplestur

**Hvað?** Upplestur úr jólabók – Stefán Máni
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bókasafn Grindavíkur
Rithöfundurinn Stefán Máni les upp úr nýútkominni bók sinni, Nautið.





BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | | | |
|---|---|---|---|
| Macbeth IS SUB | 17:45 | The Program IS SUB | 20:00 |
| Dheepan IS SUB | 17:45 | Veðrabrigði ENG SUB | 20:00 |
| Stúlkurnar á Kleppj. | 18:00 | Glænýja Testamentið IS SUB | 22:00 |
| 45 years IS SUB | 20:00, 22:00 | Rams / Hrútar ENG SUB | 22:00 |



# Allt í partý

## 8 ára afmælistilboð!




1 GB netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 6 mán. fylgir!

**Samsung Galaxy S6** 32GB

**79.990 kr.** verð með afslætti stgr.

Fullt verð: **99.990 kr.**




500 MB netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 3 mán. fylgir!

**Samsung Galaxy S5 Neo** 16GB

**49.990 kr.** verð með afslætti stgr.

Fullt verð: **69.990 kr.**




1 GB netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 6 mán. fylgir!

**iPhone 6** 16GB

**94.990 kr.** verð með afslætti stgr.

Fullt verð frá: **104.990 kr.**

iPhone 6 64GB: **114.990 kr.** m/afslætti.




1 GB netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 6 mán. fylgir!

**iPhone 6 Plus** 16GB

**114.990 kr.** verð með afslætti stgr.

Fullt verð frá: **124.990 kr.**

iPhone 6 Plus 64GB: **124.990 kr.** m/afslætti.

**Þessi tilboð og mörg fleiri í verslunum Nova og á nova.is í dag, 2. desember.**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter




20% afsláttur

**Bíókort** 5x í bíó

**3.032 kr.** verð með afslætti stgr.

Fullt verð: **3.790 kr.**

Tilvalið fyrir jólasveina og jólamyndafíkla.



20% afsláttur

**JBL Go** ferðahátalari

**3.992 kr.** verð með afslætti stgr.

Fullt verð: **4.990 kr.**



**Tveir fyrir einn!**

**2 fyrir 1 UrbanEars** Plattan

**9.490 kr.** stgr.

Borgar fyrir eitt en færð tvö.



20% afsláttur

**Sol Republic** Tracks Air þráðlaus heyrnartól

**23.992 kr.** verð með afslætti stgr.

Fullt verð: **29.990 kr.**



10% afsláttur

**NÝTT**

**Apple TV** 32GB

**24.291 kr.** verð með afslætti stgr.

Fullt verð: **26.990 kr.**




**Tilboð**

**Polar M400** GPS sportúr

**17.990 kr.** verð með afslætti stgr.

Rétta jólagjöfin fyrir þá sem vilja bæta sig í hlaupinu á árinu 2016. Og hina líka!

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur




2 | 19:50
**HEIMSÓKN**
Hún safnar skóm, töskum og ilmvötnum, aðallega Chanel enda kona með stíl. Sindri skreppur í heimsókn til Fjólu Friðriksdóttur sem býr ásamt eiginmanni í glæsilegu húsi á Seltjarnarnesi.

FRÁBÆR **MIÐVIKUDAGUR**
Fáðu þér áskrift á **365.is** 365

2 | 20:20
**COVERT AFFAIR**
Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.



2 | 21:05
**CATASTROPHE**
Önnur þáttaröðin um hinn ameríska Rob og hina írsku Sharon sem hófu kynni sín á skemmtistað í London.




2 | 21:35
**BLINDSPOT**
Ung kona finnst á Times Square, algjörlega minnislaus og líkami hennar þakinn húðflúri. Alríkislögreglan rannsakar málið.



b | 22:00
**ONLY GOD FORGIVES**
Mögnuð spennumynd frá 2013 með Ryan Gosling og Kristin Scott Thomas í aðalhlutverkum.



3 | 20:20
**MAYDAY: DISASTERS**
Vandaðir heimildaþættir sem fjalla um flugslys, flugrán, sprengjuhótanir um borð í vélum og aðrar hættur sem hafa komið upp í háloftunum.



Krakka Stöðin | 19:00
**LUKKU LÁKI**
Skemmtileg teiknimynd um kúrekann Lukku Láka sem ferðast um villta vestrið og heldur uppi friði.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is


### STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.40** Big Time Rush
**08.05** The Middle
**08.30** Anger Management
**08.50** Friends With Better Lives
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.40** Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.10** Sullivan & Son
**11.30** Jamie's Family Christmas
**11.55** Grey's Anatomy
**12.40** Nágrannar
**13.05** Nashville
**13.50** Nashville
**14.30** White Collar
**15.20** Project Greenlight
**16.00** Bara grín
**16.25** Big Time Rush
**16.50** Raising Hope
**17.12** Bold and the Beautiful
**17.37** Nágrannar
**18.00** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
Andri, Margrét Erla, Lóa Pind og Pétur Jóhann færa þér skemmtilegan þjóðmálaþátt í beinni útsendingu á hverjum degi. Áhugaverð umræða, fróðlegar fréttaskýringar og skemmtileg sjónarhorn.
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Mindy Project
**19.50** Heimsókn
**20.10** Covert Affairs
**20.55** Catastrophe
**21.25** Blindspot
**22.10** Bones 10
**22.55** NCIS
**23.35** The Blacklist
**00.20** The Player
**01.05** Stalker
**01.45** Silver Linings Playbook
**03.45** Batman Begins

### SPORT

**07.00** Middlesbrough - Everton
**08.40** Man. City - Hull
**11.45** AC Milan - Sampdoria
**13.25** Ítölsku mörkin 2015/2016
**13.50** Eibar - Real Madrid
**15.30** FK Qarabag - Tottenham
**17.10** Evrópudeildarmörkin 2015/2016
**18.00** Middlesbrough - Everton
**19.40** Southampton - Liverpool Bein útsending
**21.45** Man. City - Hull
**23.25** Stjarnan - Grindavík
**00.55** FSU - Snæfell

### SPORT 2

**10.10** Premier League Review 2015
**11.05** Tottenham - Chelsea
**12.45** Charlton - Ipswich
**14.30** Football League Show 2015/16
**15.00** Man. City - Southampton
**16.45** Messan
**18.00** Man. City - Hull
**19.40** Southampton - Liverpool Bein útsending
**21.45** Middlesbrough - Everton
**23.25** Leicester City - Man. Utd.
**01.10** Bournemouth - Everton

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** Golfing World 2015
**08.50** Shriners Open
**12.05** PGA Tour 2015 - Highlights
**13.00** LPGA Tour 2015
**15.10** Golfing World 2015
**16.00** RSM Classic
**19.40** PGA Tour 2015 - Highlights
**20.35** Golfing World 2015
**21.25** European Tour 2015

### STÖÐ 3

**17.55** Clipped
**18.20** Sullivan & Son
**18.40** Top 20 Funniest
**19.25** Ground Floor
**19.50** Schitt's Creek
**20.20** Mayday. Disasters
**21.10** Last Ship
**21.55** The Last Man on Earth
**22.20** Flash
**23.00** Gotham
**23.45** Arrow
**00.30** Ground Floor
**00.50** Schitt's Creek
**01.15** Mayday. Disasters
**02.00** Last Ship
**02.45** The Last Man on Earth
**03.05** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** UKI
**07.54** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Ævintýri Tinna
**08.23** Ofurhundurinn Krypto
**08.47** Töfrahetjurnar
**09.00** Lína Langsokkur
**09.25** Ljóti andarunginn og ég
**09.47** Ævintýraferðin
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.45** Doddi litli og Eyrnastór
**10.55** Tommi og Jenni
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** UKI
**11.54** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Ævintýri Tinna
**12.23** Ofurhundurinn Krypto
**12.47** Töfrahetjurnar
**13.00** Lína Langsokkur
**13.25** Ljóti andarunginn og ég
**13.47** Ævintýraferðin
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.45** Doddi litli og Eyrnastór
**14.55** Tommi og Jenni
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** UKI
**15.54** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Ævintýri Tinna
**16.23** Ofurhundurinn Krypto
**16.47** Töfrahetjurnar
**17.00** Lína Langsokkur
**17.25** Ljóti andarunginn og ég
**17.47** Ævintýraferðin
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.45** Doddi litli og Eyrnastór
**18.55** Tommi og Jenni
**19.00** Lukku-Láki



**11.24 Svampur Sveinsson**

### GULLSTÖÐIN

**18.10** The Big Bang Theory
**18.30** Friends
**19.00** Modern Family
**19.20** New Girl
**19.45** Frikki Dór og félagar
**20.10** Tekinn 2
**20.40** Chuck Chuck Bartowski
**21.30** Klovn
**22.00** Cold Case
**22.45** Cold Feet
**23.40** Broadchurch
**00.25** The Sopranos
**01.25** Frikki Dór og félagar
**01.50** Tekinn 2
**02.15** Chuck
**03.00** Klovn
**03.25** Cold Case
**04.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### BÍÓSTÖÐIN

**12.00** Moonrise Kingdom
**13.35** House of Versace
**15.05** The Last Station
**17.00** Moonrise Kingdom
**18.35** House of Versace
Dramatísk kvikmynd frá 2013 með Gina Gershon í hlutverki Donatella Versace og fjallar um um erfiðleikana sem fylgdu því fyrir hana að taka við stjórninni á tískuhúsinu þegar bróðir hennar Gianni Versace var myrtur árið 1997.
**20.05** The Last Station
**22.00** Only God Forgives
Spennumynd frá 2013 með Ryan Gosling og Kristin Scott Thomas í aðalhlutverkum. Julian er eiturlyfjasmyglari sem lifir og hrærist í undirheimum Bangkok. Þegar bróðir hans er myrtur heimtar mamma þeirra að Julian finni morðingjann og veiti honum makleg málagjöld.
**23.30** The Rover
**01.15** Fire with Fire
**02.55** Only God Forgives

### RÚV

**16.50** Tímaflakkið
**17.15** Landinn
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Disneystundin
**17.56** Finnbogi og Felix
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.25** Tímaflakkið
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Búrfell
**20.40** Kiljan
**21.30** Dagbók læknis
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Þegar hjörtun slá í takt
**23.15** Flóttafólkið
**00.10** Kastljós
**00.45** Fréttir
**01.00** Dagskrárlok

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.22** Dr. Phil
**09.06** Kitchen Nightmares
**09.50** Secret Street Crew
**10.36** Pepsi MAX tónlist
**13.15** Cheers
**13.39** Dr. Phil
**14.21** Black-ish
**14.45** Jane the Virgin
**15.30** America's Next Top Model
**16.12** Solsidan
**16.35** Life in Pieces
**16.57** Grandfathered
**17.22** The Grinder
**17.45** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show with James Corden
**19.50** The Millers
**20.15** Survivor
**21.00** Code Black
**21.45** Quantico
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Agent Carter
**00.35** Scandal
**01.20** How to Get Away with Murder
**02.05** Code Black
**02.50** Quantico
**03.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.15** The Late Late Show with James Corden
**04.55** Pepsi MAX tónlist

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


Gott til gjafa..
ALLAR JÓLAKÚLUR
= ÞRÍR FYRIR EINN
Þú tekur 3 pakka og greiðir fyrir 1
Jólakúlur 10 cm 6 stk.
290
Margir litir
Jólakúlur 7 cm 12 stk.
395
Jólakúlur 7 cm 6 stk.
195
Margir litir
Jólatré 150 cm
1.250
Jólatré 120 cm
750
Kaffivél með Thermo hitakönnu 10-12 bolla, 900w
2.690
Djús/ávaxtablandari með glerkönnu, mylur ís, 400w 1,3l.
3.942
Töfrasproti – Blandari
1.867
Rafhlöðuborvél /skrúfvél HDD 3213 12V DIY
8.990
ALM18DB 18V Li-Ion borvél 2,8Ah / 38Nm
29.990
Rafhlöðuborvél 18V 2 gíra LiIon rafhl kr.
13.990
JABO reykskynjari með Li-Ion rafhlöðu
1.890
Black&Decker háþrýstidæla max bar 110
14.990
1400W, 360 lítr./klst.
Þolir 50°C heitt vatn
5 metra barki, sápubox
Lavor Vertico 20 140bör 400 min ltr.
35.990
INDUCTION MOTOR POWERED
MJÖG ÖFLUG dæla 16,7kg
Black&Decker háþrýstidæla max bar 130
29.990
1700W, 370 lítr./klst.
Þolir 50°C heitt vatn
5,5 metra barki, sápubox
Drive ryksuga í bílskúrinn
• 1200W
• 20 lítra
• sogkraftur > 16KPA
• fjöldi fylgihluta
7.590
SHA-2625 Vinnuljóskastari Rone 28W m. innst. blár
6.990
HDD1106 580W stingsög DIY
3.992
Tact-320020 Tactix Smáhlutabox 4stk
1.799
Drive skrúfvél Lion rafhlaða 12V
6.990
Búkki – Vinnuborð stillanlegt (E)
3.942
Spandy heimilisryksugan
• 1600W
• mikill sogkraftur > 18KPA
• Hepa filter
• margnota poki
6.990
Protool fjölnota verkfæri 220W með 37 fylgihluti í tösku
11.990
10 metra rafmagnssnúra
2.590
LED perur 7W
995
Límbyssa í tösku
1.590
Drive hornalaser 360 gráður
17.990
þrífótur kr 3.690
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Þarf ekki að vera neitt ótrúlega flókið

Jóladagatöl með hugmyndum að skemmtilegri afþreyingu fyrir alla fjölskylduna eru sniðug og ódýr leið til þess að telja niður að jólum.

„Við fengum þessa hugmynd í fyrra þegar okkur langaði að gera eitthvað öðruvísi,“ segir Daði Guðjónsson um jóladagatalið sem hann föndraði fyrir börnin sín ásamt konu sinni en flestir ættu að kannast við jóladagatöl í ýmsu formi sem notuð eru til þess að telja niður dagana fram að jólum.

Dagatalið sem hér um ræðir er ekki uppfullt af súkkulaðimolum eða litlum gjöfum heldur er lítill poki áfastur hverjum degi sem geymir hugmynd að afþreyingu fyrir alla fjölskylduna.

Hann segir hugmyndirnar hvorki dýrar né flóknar í framkvæmd heldur sé það einmitt samveran með fjölskyldunni sem sé það einna mikilvægasta við aðventuna og jólin. „Það getur verið hvað sem er. Bara eitthvað sem er örlítið út frá vananum og pínu spennandi.“ Hann segir börnin hæstánægð með dagatalið og að ekki ríki minni ánægja á meðal foreldranna. „Við foreldrarnir erum alveg næstum því meira spennt heldur en krakkarnir,“ segir hann glaður í bragði.

Daði segir að ekki hafi tekið langan tíma að rigga dagatalinu upp og það sé algjör óþarfi fyrir aðra áhugasama að mikla það fyrir sér. „Þetta er bara skemmtilegt. Þetta var bara ein kvöldstund með konunni og við förum yfir hvað við gætum gert. Það er svo margt í boði í kringum mann sem maður áttar sig ekki á og kostar ekki mikið,“ segir hann og bætir að lokum við: „Þetta þarf ekkert að vera eitthvað ótrúlega flókið, krökkunum finnst bara gaman að eyða tíma saman.“ – gló

**NOKKRAR HUGMYNDIR Í JÓLADAGATALIÐ**

- **Fara í ísbíltúr**
- **Fara á sleða**
- **Gera piparkökuhús**
- **Skautasvellið á Ingólfstorgi eða kíkja í Skautahöllina**
- **Fara á bókasafnið**
- **Horfa á jólamynd og eiga kósýkvöld**
- **Dekurdagur hjá ömmu og afa**



**Árelía Dröfn, Daði, Íris Elma og Benjamín ásamt jóladagatalinu góða.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK




Citan, hörkuduglegur vinnufélagi

Með Mercedes-Benz Citan fær þitt fyrirtæki dýrmætan liðsauka. Öflugur, sparneytinn og fjölhæfur. Hann fæst sem sendi-, fjölnota- og fólksflutningabíll. Tvær lengdir og þrjár vélaútfærslur í boði og ótal möguleikar eru á að laga hann að sérstökum þörfum.

**Vetrardekk fylgja öllum Citan til áramóta**, ásamt húfu, trefli og sköfu.

Komdu í Atvinnubíladeild Öskju og kynnstu þessum hörkuduglega vinnufélaga.

**Citan**, millilangur sendibíll, 90 hestöfl, 5 gíra beinskiptur
Verð frá 2.790.000 kr. án vsk

Mercedes-Benz
Vans. Born to run.

ASKJA ATVINNUBÍLAR · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 590 2120 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur okkur á Facebook
„Mercedes-Benz Ísland atvinnubílar“

# LITADÝRÐ OG ÆVINTÝRI UM JÓLIN




Matreiðslubókin mín og Mikka
Bókin sem kenndi heillri kynslóð að elda!




Frozen Fever Veislubókin
Anna og Elsa töfra fram veislur fyrir öll tækifæri og Olaf er aldrei langt undan.




Ævintýri Bangsímons
Sígildar ævintýraperlur um bangsann geðþekka og vini.




Jólasyrpan 2015
Mest lesna bókin ár eftir ár.




Frozen hár og föndur
Hugmynda og föndurbók með 44 hárbeittum hugmyndum.



©Disney

## NÝ ÍSLENSK LITABÓK EFTIR ELSU NIELSEN

ÍSLENSK LITADÝRÐ, SÝNIR TÚLKUN HENNAR Á ÍSLENSKRI NÁTTÚRUFEGURÐ OG DÝRARÍKI MEÐ STÓRBROTNUM PENNATEIKNINGUM.










NÝ ÍSLENSK LITABÓK

eddaisland

edda

ÍSLENSKU ÞÝÐINGAVERÐLAUNIN · Tilnefning · BANDALAG ÞÝÐENDA OG TÚLKA

ÍSLENSKU ÞÝÐINGA-VERÐLAUNIN

TILNEFNING 2015

HÚRRA FYRIR SILJU!




53 ævintýri Grimmsbræðra í líflegri endursögn Philps Pullman og frábærri þýðingu Silju Aðalsteinsdóttur.

FORLAGIÐ

www.forlagid.is

KÁRI **STEFÁNS**



6% Spánverja, 17% Svía og 26% Íslendinga eru með stökkbreytingu í erfðavísi sem tengist hárlit.

# Af hverju fá sumir dökkhærðir rautt skegg?

Kári Stefánsson segist ekki elta tískustrauma og segist hafa verið með skegg frá því í vöggu. Hann útskýrir fyrir lesendum Fréttablaðsins hvers vegna sumir fá rautt skegg og fer yfir tengda tölfræði.

Ég er ekki í þessum hópi, hópi þessara tískustráka. Þegar maður býr á Íslandi lætur maður sér vaxa skegg ef Guð leyfir," segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, um skeggtískuna sem tröllríður nú öllu. Blaðamaður sló á þráðinn til Kára, til þess að fá úr því skorið hvers vegna sumir karlmenn, sem kannski eru dökkhærðir, eru með rautt skegg. Að sjálfsögðu var Kári með svör á reiðum höndum.

**Stökkbreyting erfðavísis**

Þegar Kári útskýrir hárlit fer hann strax í fagmál. „Þetta er stökkbreyting í afkvæmum erfðavísis sem býr til viðtæki fyrir melanocortin. Þessi stökkbreyting leiðir til þess að sumir fá rautt hár og verða viðkvæmir fyrir sólarljósi. Tjáningarmyndin á þessari stökkbreytingu getur verið mismunandi," segir Kári og heldur áfram:

„Sumir verða algjörlega rauðhærðir á meðan aðrir fá kannski bara rauðan lokk í skeggið, eins og til dæmis ég. Þrátt fyrir að ég hafi verið með tiltölulega dökkt hár." Kári segir stökkbreytinguna vera misjafnlega sterka. „Tjáningarmyndin er ekki eins fullkomin, sumt fólk verður algjörlega rauðhært og þá viðkvæmara fyrir sólarljósi."

**Eykur líkur á sortuæxlum**

Einn fylgifiskur þessarar stökkbreytingar er víðsjárverður. „Þegar þessi stökkbreyting finnst í fólki suður frá, eins og á Spáni, eykur hún mjög mikið líkurnar á sortuæxlum. En til þess að sortuæxlin eigi sér stað verða menn að verða fyrir miklu sólarljósi," segir Kári. Hann segir stökkbreytinguna finnast í sex prósentum Spánverja, sautján prósentum Svía en tuttugu og sex prósentum Íslendinga. „Á Íslandi hefur þessi stökkbreyting engin áhrif á tíðni sortuæxla. Hún þrefaldar tíðnina á Spáni og tvöfaldar hana í Svíþjóð. Þannig að hversu mikil áhrif hún hefur á hættuna á sortuæxlum, markast af því hvað menn verða fyrir miklu sólarljósi. Eins og þú veist kæri samlandi," segir Kári í góðlátlegum tóni við blaðamann og heldur áfram: „Þá getur maður flúið sólarljósið hér á landi, ef maður er viðkvæmur fyrir því."

## Lands- eða heimsþekkt skegg




**ÞESSI SKEGGTÍSKA ER BARA AFTURHVARF TIL HINS GAMLA TÍMA. ÞAÐ VORU ALLIR MEÐ SKEGG HÉR ÞEGAR LAND BYGGÐIST OG ÞEIR SEM VORU EKKI MEÐ SKEGG VORU HÆDDIR FYRIR ÞAÐ. ÉG HEF VERIÐ MEÐ SKEGG SÍÐAN ÉG VAR Í VÖGGU. ÉG HEF BARA ALLTAF VERIÐ MEÐ SKEGG.**

**Skeggtískan og Kári**

Kári gefur lítið fyrir þá sem safna skeggi í tískuskyni og segist alls ekki elta nýjustu strauma í tískunni. „Þessi skeggtíska er bara afturhvarf til hins gamla tíma. Það voru allir með skegg hér þegar land byggðist og þeir sem voru ekki með skegg voru hæddir fyrir það. Ég hef verið með skegg síðan ég var í vöggu. Ég hef bara alltaf verið með skegg." Þegar hann er spurður hvort hann noti hluti eins og skeggolíu, sem er vinsæl hjá skeggjuðum karlmönnum, hnussar í Kára. „Ég veit ekki einu sinni hvað skeggolía er."

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


TM
TVENNU
LOKUM
í kvöld kl. 20
Við á Domino's ætlum að fagna góðu gengi og skemmta okkur saman í kvöld.
Staðir Domino's verða því lokaðir frá kl. 20 í kvöld nema í Skeifunni en þar verður opið í alla nótt eins og venjulega. Við verðum síðan mætt á vaktina á hefðbundnum tíma á morgun. Sjáumst!
OPIÐ Í SKEIFUNNI
Mundu að panta tímanlega í kvöld!
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS
PIPAR\TBWA • SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Kolbeins Tuma Daðasonar




## Svefninn mikli

Stóran hluta skólagöngu minnar átti ég við mikið vandamál að stríða. Skipti þá ekki máli hvort um var að ræða jarðfræðitíma í dimmum sal hjá Guðbjarti pabba hans Lækna-Tómasar í MR eða í vega- og flugvallagerð í verkfræðinni. Alltaf sótti svefninn að mér.

Á menntaskólaárunum átti ég það til að leggja mig hreinlega fram á borðið og sofna. Fæstir kennarar gerðu mál úr því enda átti ég í góðum samskiptum við þá þær stundir sem augun voru opin. Arnbjörn íslenskukennari var þó ekki par sáttur í einum tímanum þegar Óli lokbrá kíkti í heimsókn. Ætli mér hafi nokkurn tímann brugðið jafnmikið og þegar hann sló með krepptum hnefa í borðið og öskraði: „Svona gerir þú ekki hér.“

Tæknin þróaðist og seinni hluta MR náði ég meira að segja stundum að hlusta á kennarann, sem er þó ekki það sama og að skilja eða meðtaka mikilvægar upplýsingar, og þegar athugasemdin barst: „Tumi, vertu með okkur!“ opnaði ég augun um leið, brosti og hélt baráttunni við svefninn áfram. Eitt skiptið í verkfræðinni fór ég hins vegar bara heim í hléi, svo þreyttur var ég. Meistari Þorsteinn Þorsteinsson kveikti svo vel í bekknum eftir hlé þegar hann hóf tímann á setningunni: „Ég sé að Tumi er farinn á fætur!“

Undanfarin ár hef ég þó þróað með mér aðferðir til að halda mér vakandi þessar örfáu mínútur þar sem svefninn sækir hvað harðast að. Þegar íslenskur lögfræðiprófessor dottaði undir fyrirlestri í fámennum sal í Finnlandi brosti ég í kampinn enda kann ég öll brögðin í bókinni. Hafði ég þegar klætt mig úr skóm og peysu, sat uppréttur í sætinu og japlaði á nautsterkum brjóstsykri. Reynsla, eftir margra ára dott.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland





**YFIRBURÐIR**

**Fréttablaðsins staðfestir**

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 18–49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, apr.–jún. 2015

Allt sem þú þarft …


JÓLAGJAFABRÉFIN ERU KOMIN Í SÖLU

HÓ HÓ HÓ!

FLUG TIL EVRÓPU frá
9.999 kr.*

FLUG TIL AMERÍKU frá
16.999 kr.*

GEFÐU GJÖF SEM
**FLÝGUR LENGRA, FYRIR MINNA!**

Þú velur upphæðina, sem gildir sem greiðsla inn á flug á alla áfangastaði okkar.
Kíktu á úrvalið og gerðu verðsamanburð!

SJÁ NÁNAR Á **WOW.IS**

WOW air

KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, bókunargjald (999 kr.) og töskugjald ekki innifalið.